

Valsblaðið



56. árgangur 2004



Opið eftir lokun!

Með lengri afgreiðslutíma tryggir Þjónustuver Landsbankans þér meira svigrúm til að sinna bankamálum símleiðis.

Í Þjónustuverinu getur þú m.a. :

- Fengið upplýsingar um stöðu reikninga, millifært og greitt reikninga
- Pantað gjaldeyri sem afgreiddur er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Fengið upplýsingar um víðtæka þjónustu Landsbankans

Þjónustuverið er opið alla virka daga frá kl. 8-21 og 11-16 laugardaga



ISO 14001

Alþjóðleg umhverfisvottun



 **skoðaðu**
ISLAND · SÆKJUM ÞAÐ HEIM

HÓPBÍLAR

Hópbílar/Steindóra Bergþórsdóttir 2004

Barnslegur leyndardómur jólanna

Jólahugvekja



Sr. Halldór Reynisson

Jólin segja frá fæðingu barns - það er kunnara en frá þurfi að segja. Sömuleiðis hljómar það mjög kunnulega þegar sagt er að jólin séu hátíð barnanna og þess barnslega í okkur hinum sem teljast víst varla börn lengur. Ekkert af þessu kemur á óvart þegar jólin nálgast enn á ný. Kannski kemur það heldur ekki á óvart þegar sagt er að í jólafrásögninni birtist eitthvað óumræðilega mikilvægt. Eitt-hvað sem kemur við kjarnann á því að vera manneskja, jafnt barn sem fullorðinn. Samt vefst þetta barnslega við jólin stundum fyrir okkur.

Jólin fjalla um barn, þau fjalla um hið barnslega. Kannski á hið barnslega dálítið undir högg að sækja þessa dagana. Það er öllum börnum eðlilegt að flýta sér að verða fullorðin. Ákafann að verða stór þekkjum við öll sem höfum verið börn. Á hinn bóginn er ýmislegt í erli dagsins sem vill flýta barninu úr hófi. Sumir gera sér að féþúfu þessa eðlilegu hvöt til að vaxa og þroskast. Börn og foreldrar ungra barna eru orðin markhópur, eins og það heitir á nútímaíslensku. Börn núdagsins eru oft illilega varin gegn ónaúðsynlegum upplýsingum og ótímabærum og erfiðum þroska.

Það þarf að hlúa að því barnslega, í því er nefnilega fólgið gildi í sjálfu sér. Marteinn Lúther sagði að köllun barnsins væri að vera barn. Barnið þarf að fá að vera barnslegt, jafnvel barnalegt, það þarf að fá tækifæri að leika sér eins og barn. Kannski er það leikurinn sem er í brennidepli þess að vera barn. Gláður, græskulaus leikur - hvað er betra. Þekktur sænskur kennimaður orðaði þetta þannig: „Eilífa lífið er sem gláður leikur lítilla barna.“ Við sjáum þetta lífsfjör leiksins ekki síst í góðu íþróttastarfi fyrir börn. Sjálfum finnst mér alltaf jafn gaman að horfa á lítil börn leika fótbolta eða annan leik, þar sem barnsleg gleði og ákafi skín úr hverju andliti. Börnin lifa í leiknum, í

algleymi leiksins. Veröldin utanvallar hættir að vera til. Og svo þegar einhver meiðir sig þá er sjálfhætt þótt í miðju kafi sé til að stumra yfir þeim með meiddið.

Leyfum börnum að vera börn! Látum íþróttastarf meðal ungra barna snúast um gleði leiksins.

Jólin fjalla um barn sem við þekkjum betur sem fulltíða mann. Jesúbarnið óx úr grasi, það óx upp úr jötunni - enda þótt við setjum það aftur í hana um hver jól! En börn verða ekki börn að eilífu ef allt er með felldu. Barnið er á leiðinni að verða fullorðið.

Við sem eigum börn eða vinnum með börnum höfum það eina markmið að koma þeim til manns. Það hlýtur að vera helsta markmið í öllu barna- og æskulýðsstarfi, hvort sem það er í íþróttum, skátum eða kirkjunni, að koma börnum til manns.

En hvernig manns? Uppeldi miðast við að börn þroski hæfileika sína til að verða heilbrigðar manneskjur, með þróað vitsmunalíf og þroskaðar tilfinningar. Uppeldi miðar að sjálfstæðum einstaklingum sem eru færir um að vita skin góðs og ills. Færir um að bera ábyrgð á eigin lífi.

Þess vegna er fyrsta grein í uppeldis- stefnu hvers íþróttafélags ekki það að búa til bestu fótbolta menn landsins, heldur að barnið verði að heilbrigðum, sjálfstæðum manni. Að fullorðnast er að læra á styrkleika sína og veikleika. Að læra að taka sigri og ósigri. Að læra að vinna sigur á sjálfum sér. Varla er til heppilegri vettvangur fyrir slíkt uppeldisstarf en í íþróttum. Ef íþróttafélagið er góður vettvangur fyrir uppeldi barna, þá skiptir minna máli hvort félagið vinnur úrvalsdeildina eða fellur.

Komum því börnum til manns! Höfum það að meginmarkmiði í íþróttastarfinu.

Og svo verða börnin fullorðin. Veruleikinn tekur við, oft napur. Jesúbarninu

mætti grimmur heimur hinna fullorðnu. Ofbeldi. Hræsni. Græðgi. En einnig heidarleiki, réttlæti, góðmennska. Margur maðurinn hefur vaxið úr grasi í þeirri trú að það að verða fullorðinn væri fólgið í því að glata sakleysinu og góðmennskunni, því heimurinn væri hvort sem er illur. Eitt sinn sagði gelgjulegur fermingardrengur við mig: „þegar ég var lítill vildi ég vera góður, nú vil ég miklu frekar vera vondur.“

Þeir eru margir meðal okkar fullorðinna sem hafa glatað trúnni á lífið af því að þeir glötuðu sakleysi og trú barnsins, trúnni á hið góða, trúnni á Hinn góða þegar þeir uxu úr grasi. Þeir leita langt yfir skammt að því sem gefur lífinu gildi líkt og alkemistinn sem fór í fjarlæggt land að leita fjársjóðar en fann hann að lokum í garðinum heima.

Farsæld okkar sem fullorðinna er á margan hátt háð því að hvernig að okkur var hlúð í bernsku. Og viðhalda því góða sem við lærðum sem börn; gleðinni, trúnni, leiknum, sakleysinu. Kannski var það þetta sem hinn fullorðni Jesús átti við þegar hann sagði um börnin að slíkra væri Guðsríkið. Eitt af því barnslega sem við megum ekki glata sem fullorðin er leikurinn. Algleymið, gamanið, vináttan, traustið. Merking jólanna er einmitt sú, að varðveita hið barnslega hversu gömul sem við verðum. Varðveita þetta heilaga sem við eigum öll innra með okkur, vöggugjöfina frá höfundi lífsins. Og tjá það síðan í gleði leiksins. Það er leyndardómur lífsþroskans.

Fyrst Guð varð maður í litlu barni ættum við sem erum fullorðin að varðveita hið barnslega. Það er leyndardómur jólanna.

Gleðileg jól!

Halldór Reynisson

*Verkefnisstjóri fræðslumála
á Biskupsstofu*

www.valur.is

Jól !

*Pótt hrannist ský á himni svört
heimsins alla gefur sýn,
því barnahátíð nálgast björt
með blessuð jólaljósin sín.*

*Pótt dimman fari ég um dal
þá dagsbrún færast nær.
Nú lýsa allt mitt lífsins kal
ljósin jóla undraskær.*

*Á jólum var frelsarinn Jesús fæddur
í fjárhúsjötu hvíldi lágt.
Á páskaum síðar hýddur - hæddur.
Á himnum einn þó ríkir hátt.*

*Honum einum ég trúi og treysti
til að leiða mig út og inn.
Já- Maríusonurinn sanni og mesti
meistarinn ávallt verður minn.*

*Jón H Karlsson, flutt á jólahugvekju í Friðriks-
kapellu á aðventu árið 2000*

Valur vinnur !

*Valsmenn, vinir góðir!
Þið verðið stundum móðir,
- en til í hark, hark, hark.
Það heyrast hlátrasköllin,
hringinn í kringum Völlinn
- hver setti mark, mark, mark?*

*Benfíka fékk að fræðast
um fótaspörk, og hræðast,
- það vakti tal, tal, tal.
Í háseti skal hafna
og heildarleiki jafna,
- hver sigrar Val, Val, Val?*

*Heyr! Heyr! Heir!
Að fótum okkar falla:
einn og líka tveir.
Með nákvæmni skal skalla
og skot í mörkin „salla.“
- já, svona, meir, meir, meir!*

*En þrjú korter senn þrýtur,
það sést að vinna hlýtur:
- Valur, Valur, Valur!
Klukkan kallar: stopp, stopp, stopp!
- komin upp í topp, topp, topp.*

Húrra! sprund og halur.

*Kristinn Magnússon
Áður birt í Valsblaðinu 1969*



Forsíðumynd: Íslandsmeistarar Vals í kvennaknattspyrnu 2004. Efri röð frá vinstri: Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari, Margrét Jónsdóttir liðstjóri, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Pála Marie Einarsdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir formaður kvennaráðs og Sveinn Stefánsson framkvæmdastjóri. Fremri röð frá vinstri: Guðrún María Þorbjarnardóttir, Vilborg Guðlaugsdóttir, Íris Andrésdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Nína Ósk Kristinsdóttir, Ásta Árnadóttir og Regína María Árnadóttir. Ljósmynd: Guðni Karl.

Meðal efnis:

4 Jólahugvekja

13 Afreksmenn Vals heiðraðir

*Á gamlársdag voru fjórir
Valsmenn sæmdir viðurkenningu
með sæmdarheitinu Afreksmaður
Vals.*

14 Einstök afreksfjöskilylda

*Sigríður Sigurðardóttir hand-
boltakappi og dætur hennar
þrjár, Guðríður, Hafdís og
Díana eru frábærar fyrirmyndir.*

25 Besti knattspyrnumaður ársins

*Laufey Ólafsdóttir einn lykilleik-
manna Íslandsmeistarar Vals í
kvennaknattspyrnu vill alltaf
vinna og gefst aldrei upp.*

35 Séra Friðriksbikarinn

38 Nýr þjálfari meistaraflokks

*Willum Þór Þórsson stefnir að
því að koma Val á meðal þeirra
bestu á ný.*

44 Hver er Valsmaðurinn

*Torfi Magnússon körfubolta
kappi vill sjá öflugan kvenna-
körfubolta á ný hjá Val.*

58 Metnaðarfull þjálfarasystkini

*Guðmundur, Ólafur og Jóhanna
Lára vilja öflugt uppbyggingar-
starf í yngri flokkunum í knatt-
spyrnu.*

Valsblaðið • 56. árgangur 2004

Útgefandi: Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við Laufásveg

Ritstjóri: Guðni Olgeirsson

Ritnefnd: Þorgrímur Þráinsson, Guðni Olgeirsson, Sveinn Stefánsson og Þórður Jensson.

Auglýsingar: Sveinn Stefánsson

Ljósmyndir: Finnur Kári Guðnason (FKG), Guðni Olgeirsson, Sveinn Stefánsson, Þórður Jensson, Sævaldur Bjarnason, Guðni Karl o.fl.

Umbrot, prentun og bókkband: Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Valsmenn

stöndum allir saman um mestu framkvæmdir nokkurs íþróttafélags á Íslandi

Ársskýrsla aðalstjórnar 2004



Reynir Vignir fyrrverandi formaður Vals og Grímur Sæmundsen leggja blómsveig við minnismerkið um Sr. Friðrik Friðriksson 11. maí 2004.

Stjórnun félagsins

Aðalfundur ársins 2004 var haldinn þann 12. maí sl. Svali Björgvinsson, ritari gekk þá úr stjórn og í hans stað tók Elín Konráðsdóttir sæti í stjórninni. Elín sýndi m.a. mikinn eldmóð við að undirbúa og gera veglega Vogleði Vals að veruleika sl. vor, eins og vikið verður að síðar í þessari skýrslu. Annars var stjórnin þannig skipuð:

Grímur Sæmundsen, *formaður*
Hörður Gunnarsson, *varaformaður*
Elín Konráðsdóttir, *ritari*
Hans Herbertsson, *gjaldkeri*
Árni Magnússon, *meðstjórnandi*

Karl Axelsson, *meðstjórnandi*
Börkur Edvardsson,
formaður knattspyrnudeildar
Haraldur Daði Ragnarsson,
formaður handknattleiksdeildar
Guðmundur Guðjónsson,
formaður körfuknattleiksdeildar

Svanur Gestsson og Elín Elísabet Baldursdóttir hafa staðið vaktina í íþróttahúsinu auk hins síunga Sverris Traustasonar. Sveinn Stefánsson er framkvæmdastjóri sem fyrr og nýtur nú stuðnings íþróttafulltrúans Þórðar Jenssonar við skipulagningu og umsjón barna- og unglingastarfs félagsins.

Brynja Hilmarisdóttir, skrifstofustjóri

og bókhaldari félagsins, hætti störfum hjá okkur sl. sumar og hvarf til starfa á öðrum vettvangi. Brynja sinnti fjármálum og bókhaldi Vals á erfðu tímabili hjá félaginu og oft hefur væntanlega reynt á þolinmæðina, þegar fjárhagurinn var sem verstur. Brynju eru þökkuð vel unnin störf fyrir Val. Okkur hefur ekki tekist að fylla hennar skarð.

Þau ánægjulegu tíðindi bárust í maí sl. að Reykjavíkurborg hefði tekið ákvörðun um að styrkja Val fjárhagslega til ráðningar íþróttafulltrúa. Valur hafði lokið gerð íþróttanámskrár sl. vor og m.a. notið til þess starfskrafta Þórðar íþróttafulltrúa, sem við höfðum frumkvæði að því að fá til félagsins á sl. ári þrátt fyrir

að fjárstuðningur Reykjavíkurborgar lægi ekki fyrir. Í þessari ákvörðun felst viðurkenning frá Reykjavíkurborg til Vals fyrir fagleg vinnubrögð í íþrótt- og æskulýðsstarfi á Hlíðarenda. Eitt mikilvægt verkefni íþróttafulltrúa er að halda yfirlit yfir iðkendafjölda í Val.

Afreksmenn Vals heiðraðir

Aðalstjórn ákvað að nota tækifærið við útnefningu Íþróttamanns Vals á gamlársgang og heiðra þá Valsmenn sem hlotið hafa útnefningu sem „Íþróttamaður ársins“ af samtökum íþróttafréttamanna. Þessir Valsmenn eru:

Sigríður Sigurðardóttir, Íþróttamaður ársins 1964, fyrirlíði Íslandsmeistara Vals og kvennalandsliðs Íslands í handknattleik sem varð Norðurlandameistari árið 1964.

Jóhannes Eðvaldsson, Íþróttamaður ársins 1975, fyrirlíði Vals og karlalandsliðs Íslands í knattspyrnu.

Geir Sveinsson, Íþróttamaður ársins 1997, fyrirlíði Íslandsmeistara Vals og karlalandsliðs Íslands í handknattleik.

Ólafur Stefánsson, Íþróttamaður ársins 2002 og 2003, sem er einstakur árangur einstaklings í flokkaíþrótt, Íslandsmeistari Vals og núverandi máttarstólpi í karlalandsliði Íslands í handknattleik og einn besti handknattleiksmaður heims.

Þessum hópi var afhent heiðurskjal og áletraður lindarpenningi með Valsmerkinu, nafni viðkomandi og sæmdarheitinu „Afreksmaður Vals“ fyrir framúrskarandi afrek í íþróttgreinum sínum.

Þá voru Sigríður, Jóhannes og Ólafur sem ekki höfðu enn hlotið gullmerki Vals, sæmd gullmerkinn. Þessi athöfn var mjög ánægjuleg og minnti menn á



Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals 2004-2005 á fundi í Valsheimilinu. Efri röð frá vinstri: Árni Magnússon, Hans Herbertsson, Edvard Börkur Edvardsson, Karl Axelsson og Haraldur Daði Ragnarsson. Neðri röð frá vinstri: Elín Konráðsdóttir, Grímur Sæmundsen formaður og Hörður Gunnarsson. Á myndina vandar Guðmund Guðjónsson.

sérstöðu Vals sem afreksíþróttafélags á Íslandi. Athöfninni er gerð gleggri skil á öðrum stað í Valsblaðinu.

Samstarf og viðræður við Reykjavíkurborg

Þann 16. desember 2003 var skrifað undir viðaukasamning milli Vals og Reykjavíkurborgar um framkvæmdir á Hlíðarenda. Þetta var í samræmi við ramma-samning aðila frá 11. maí 2002. Skv. viðaukasamningnum var skipuð byggingarnefnd sem í eru tveir fulltrúar Vals og tveir fulltrúar frá Reykjavíkurborg auk oddamanns, sem yrði formaður nefndarinnar, en jafnframt fagmaður á sviði framkvæmda og launaður starfsmaður nefndarinnar. Aðalstjórn skipaði Sigurð Lárus Hólm og Hrólfi Jónsson í nefndina af hálfu Vals en af hálfu Reykjavíkurborgar völdust Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri íþrótt- og tólmstundaráðs og Björn Ingi Sveinsson, borgarverkfræðingur í nefndina. Pétur Stefánsson, fyrrv. framkvæmastjóri Almennu Verkfræðistofunnar var skipaður formaður nefndarinnar og starfsmaður hennar.

Nefndin hefur unnið ötullega að undirbúningi framkvæmda. Fyrsta verk hennar var að ráða hönnuðateymi og er hönnun nú svo langt komin að verkefnið er tilbúið til útboðs, sem stefnt er að í febrúar 2005.

Í viðaukasamningnum var ákveðið að breyta deiliskipulaginu á Hlíðarendareit og fjölga íbúðum á svæðinu m.v. það sem áður hafði verið ákveðið. Er form-

legum frágangi þessa nú að ljúka. Þessi ákvörðun er mikilvæg í ljósi þess að nú er gert ráð fyrir 170 íbúðum á Hlíðarendareit, sem fjölgar íbúum á svæðinu. Auk þess er byggingaréttur íbúðahúsnæðis mun verðmætari en atvinnuhúsnæðis nú um stundir og þar sem andvirði hans verður að stórum hluta varið til framkvæmda (hluta varið til greiðslu langtímaskulda félagsins), er mikilvægt að sem hæst verð fáið fyrir sölu byggingaréttarins. Forráðamenn félagsins hafa fundið fyrir miklum áhuga aðila á fasteignamarkaði á þessari mikilvægu óefnislegu eign Vals. Það ætti því ekkert að vera að vanbúnaði að hefja framkvæmdir fljótlega á nýju ári.

Í upphaflegum tillögum þarfagreiningarnefndar var gert ráð fyrir að framkvæmdir á félagssvæði Vals tækju allt að þrjú ár, en þá var miðað við að reyna að raska starfi á Hlíðarenda sem minnst. Nú hallast menn frekar að því að reyna að hafa framkvæmdatíma sem allra stytst, þó að það þýði tímabundið meira rask á daglegri starfsemi félagsins. Iðkendur knattspyrnu í Val hafa reyndar þegar fundið fyrir raski, sérstaklega eldri iðkendurnir, en sl. sumar æfði t.d. m.fl. ka. og kv. og 2.fl. ka. og kv. að mestu á gamla Ármannsvellinum við Sóltún. Þá er sennilegt að næsta sumar muni m.fl.ka. og kv. ekki leika leiki sína á Hlíðarenda. Einnig voru settir upp bráðabirgðaæfingavellir á svæði gamla Háskólavallarins og á Miklatúni sl. sumar og verður aftur svo næsta sumar.



Afreksmenn Vals heiðraðir. Efri röð frá vinstri: Ólafur Stefánsson, Geir Sveinsson, Anna Edvaldsdóttir systir Jóhannesar Edvaldssonar og Sigríður Sigurðardóttir. Í neðri röð eru afreksmenn framtíðarinnar.



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT: 515 6100 // SYN.IS // SKÍFAN • ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.200 KR. Á MÁNUÐI

- besta sætið



HÖLF HEIMA RÖÐ FRENST SÆTI BEST

STÖRSTU STJÖRNURNAR Í BOXINU ERU Á SÝN

BOX

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT: 515 6100 // SYN.IS // SKÍFAN • ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.200 KR. Á MÁNUÐI

- besta sætið



ENSKI BIKARINN ER Á SÝN

HÖLF HEIMA RÖÐ FRENST SÆTI BEST

SÝN

- besta sætið

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT: 515 6100 // SYN.IS // SKÍFAN • ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.200 KR. Á MÁNUÐI



STÖRSTU GOLFMEÐTIN ERU Á SÝN

HÖLF HEIMA RÖÐ FRENST SÆTI BEST

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT: 515 6100 • syn.is • Skífan

- besta sætið



- besta sætið

ÍPRÓTTIRNAR ERU Á SÝN

- Meistaradeild Evrópu
- Spænski boltinn
- Ítalski boltinn
- Enski bikarinn
- Enski deildarbikarinn
- Íslenska landsliðið
- Evrópukeppni félagsliða
- Skoski boltinn
- HM 2006
- Enska landsliðið
- Boltinn með Guðna Bergs

- RyderCup
- British Open
- US PGA
- US Open
- US PGA
- US Masters
- Presidents Cup
- European PGA

- NBA
- Intersportdeildin

- Meistaradeildin í Handbolta
- Amerískri fótboldinn
- Box

ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.200 KR. Á MÁNUÐI

fáðu þér áskrift: 515 6100 • Skífan • syn.is

Það er gríðarlega mikilvægt að við Valsmenn stöndum allir saman um þessar mestu framkvæmdir nokkurs íþróttafélags á Íslandi fyrir og síðar, þegar þær byrja. Við verðum að sýna lipurð og þolinmæði og sérstaklega sinna yngri iðkendum, sem tímabundið þurfa jafnvel að sætta sig við lakari æfingaaðstöðu en jafnaldrar þeirra í öðrum íþróttafélögum.

Miðað við áætlanir er gert ráð fyrir að framkvæmdatími verði ekki meiri en 18 mánuðir, þ.e. frá því snemma vors 2005 og fram á haust 2006. Er það við hæfi en á árinu 2006 verður Knattspyrnufélagið Valur 95 ára.

Hefðbundið starf

Mjög góð frammistaða afreksflokka Vals í knattspyrnu og handknattleik bæði í karla- og kvennaflokkum ber hátt á þessu ári. Bæði karla- og kvennalið félagsins í handknattleik léku til úrslita um Íslandsmeistararitilinn en bæði þurftu að lúta lægra haldi, karlaliðið fyrir Haukum og kvennaliðið fyrir ÍBV, en æsileg rimma Vals og ÍBV fer í sögubækur. Bæði liðin spreyttu sig í Evrópukeppni nú í haust en féllu bæði út í 1. umferð.

Kvennalið Vals í knattspyrnu bar ægishjálmi yfir andstæðinga sína sl. sumar og varð Íslandsmeistari í fyrsta skipti í 15 ár. Til hamingju, stelpur! Liðið lék einnig til úrslita í Bikarkeppni KSÍ gegn ÍBV og átti þar titil að verja, en átti því miður sinn slakasta dag og tapaði. Kvennaliðið er mjög sterkt og hefur því til viðbótar bæst liðsauki. Væntingar eru um að liðið geri a.m.k. jafnvel á næsta ári og einnig er spennandi verkefni í Evrópukeppni framundan.

Það verður keppikefli Vals að allir afreksflokkar félagsins séu ávallt í Evrópukeppni.

Karlaliðið tókst enn og aftur á við mótlætið og vann 1. deildina í þriðja sinn á fjórum árum. Er einsdæmi að knattspyrnulið í m.fl. ka. takist á við lægð með þessum hætti. Valsmenn vona nú að þessu erfiðleikatímabili sé lokið og karlaliðið tryggi sig í sessi sem úrvalsdeildarlið og sem eitt af bestu knattspyrnuliðum landsins á næstu árum.

Að venju var íþróttamaður Vals valinn á gamlársglag. Íris Andrésdóttir, fyrirliði m.fl. kv. í knattspyrnu fékk heiðurstílinn „Íþróttamaður Vals árið 2003.“

Ákveðið var á síðasta ári að gera loka-tilraun til að hafa veglegt þorablót Vals að Hlíðarenda nú í ár. Undirbúningur



Íslandsmeistarar Vals í kvennaknattspyrnu 2004. Efri röð frá vinstri: Gunnleifur, Ólafur, Dóra Stefáns, Pála Marie, Guðrún María, Nína, Málfríður Erna, Guðbjörg, Laufey Jóhanns, Erna, Elisabet, Jóhann, Margrét, Stefán og Erla. Neðri röð frá vinstri: Jóhanna, Regína María, Laufey Ólafs, Kristín Ýr, Íris, Ásta, Vilborg, Dóra María. (FKG)

nefndin var skipuð Óttari Felix Hauksyni, Stefáni Hilmarssyni, Gunnari Möller, Elínu Konráðsdóttur og einnig lögðu Guðni Bergsson og Sveinn framkvæmdastjóri gjörva hönd á verkið. Í meðförum nefndarinnar var verkefninu breytt og úr varð glæsileg Vorgleði Vals, sem haldin var í stóra íþróttasalnum þann 3. apríl sl. Veislustjóri var Jón Ólafsson. Skreyttur salur, sitjandi borðhald, skemmtiatriði Audda, söngur Stefáns Hilmarssonar og Eyjólfss Kristjánssonar við undirleik Jóns Ólafssonar og engir aðrir en Stuðmenn leikandi fyrir dansi, tryggðu frábæra skemmtun fyrir á fjórða hundrað gesti. Tókst þessi frumraun og breyting á daufu þorablóti í frábæra vorgleði með eindæmum vel og er undirbúningur fyrir næstu vorgleði þegar í gangi.

Sumarbúðir í borg gengu mjög vel að þessu sinni eins og í fyrra. Var góð rekstrarafkoma af sumarþúðunum í ár eins og áður.

Golfmót Vals fór fram í september sl. en fjöldi Valsmanna stunda þessa bráðskemmtilegu íþrótt. Þetta var í 15nda sinn sem mótið er haldið, en leikið er um stærsta farandbikar landsins, sem Garðar Kjartansson gaf. Að þessu sinni mætti fjöldi Valsmanna og -kvenna til keppni á Grafarholtsvöll þrátt fyrir austan rok og rigningu. Leikin var punktkeppni undir styrki stjórn mótstjórans Ríkharðs Hrafnkelssonar, sem sjálfsögðu lék með í síðasta holti. Fór svo að mótstjórinn sigraði á 37 punktum, sem er stórglæsilegur árangur miðað við veðuráðstæður og þá staðreynd að Rikki er aðeins með



Valsmenn léttir í lund. Geir Sveinsson, Guðni Bergsson, Ólafur Stefánsson og Þorgrímur Þráinsson í góðum ffling.

Valsmenn

bestu óskir

um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Viðar Elísson, endurskoðandi

Landsbanki Íslands

Smith&Norland

Olís hf

Bláa Lónið

Bræðurnir Ormsson ehf.

Hópbílar

Gísli Jónsson ehf

Landsbanki Íslands

Henson

Guðni Á. Haraldsson hrl.

Friðjón Örn Friðjónsson hrl.,


smart
sólbaðstofa
Grensásvegi 7
s: 533-3350

VERKFRÆÐISTOFAN
VATNASKIL

HarpaSjöfn

SÓLNING

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

ALARK

arkitektar ehf.

SKULDAF 18.201 SPANNAÐUR 5.234-8802 224-8818
JANÓB LÁSKAL OG FRODVALD ÁRNEIÐSSON, ARKITEKTAR YFU



KÄRCHER
Háprýstidætur fyrir heimili
hesthús - verkstæði
Diskur á palla - stétta
K 2.75 með hliu
K 490
RAFVER HF
Fjölbreytt úrval
SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS



KÄRCHER
Gufustrauborð
Fyrir saumastofur,
þvottahús, hótel,
skóla, fataverslanir
o.fl.
Helmingi
fljótari
að strauja
Fyrir heimili
Vifta í
borði
Vertu í nýstraujuðu
Vifta í
borði
RAFVER HF
Léttir þér starfið
SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

6 í forgjöf og punktakeppnisfyrirkomulagið er talið hagfelldara háförgjafarkylfingum. Var mál manna að vel hefði tekist til um framkvæmd mótsins að þessu sinni og ákveðið að hafa náið samráð við „okkar menn“ í GR til að tryggja góðan leikdag snemmsumars á næsta ári til að fylgja eftir góðri þátttöku nú og festa mótið rækilega í sessi meðal Valskylfinga.

Herrakvöld Vals var á sínum stað fyrsta föstudag í nóvember. Hermann Gunnarsson var veislustjóri og Valsmaðurinn Helgi Magnússon, frkvstj. Hörpu Sjafnar ræðumaður kvöldsins. Þátttaka var meiri en nokkru sinni fyrr en rúmlega 270 gestir sóttu þennan viðburð. Betur tókst til rekstrarlega en nokkru sinni áður og var þar þáttur Garðars Kjartanssonar, veitingamanns á NASA, drjúgur, en hann lagði endurgjaldslaust til drykkjarföng og starfsfólk til fagnaðarins.

Valsblaðið kom í fyrsta skipti út um síðustu jól undir stjórn nýs ritstjóra Guðna Olgeirssonar. Hafi menn óttast að ritstjórskaftin yrðu til þess að blaðið



Fyrsta skóflustungan að nýjum íþróttamannvirkjum að Hlíðarenda 15. apríl 2004. Sr. Vigfús Þór Árnason sóknarprestur í Gravarvogi flytur hugvekjju. Á myndinni eru frá vinstri: Reynir Vignir, Sverrir Traustason, Hörður Gunnarsson, Jónas Guðmundsson, Þórður Þorkelsson, Sigurður Gunnarsson, sr. Vigfús Þór Árnason, Jón Gunnar Zoega, Lárus Hólm og Sveinn Stefánsson.



Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari meistaraflokks kvenna hampar Íslandsmeistarabikarinn, glæsilegur endir á frábæru tímabili hjá stelpunum. (FKG)

yrði ekki eins glæsilegt og áður þá var sá ótti ástæðulaus. Blaðið hefur sjaldan verið efnismeira og veglegra og sannaðist í þessu enn og aftur að maður kemur í manns stað. Guðni hefur staðið sig með eindæmum vel og vonandi njótum við Valsmenn starfskrafta hans sem lengst. Er honum og Þorgrími Þráinssyni, sem er nú formaður ritnefndar, færðar þakkir fyrir ómetanlegt starf.

En Valsmenn njóta ekki aðeins Valsblaðsins sem heimildar um öflugt starf á Hlíðarenda. Heimasíða Vals: www.valur.is er lifandi heimild og upplýsingaveita á tækniöld fyrir Valsmenn. Ritstjórnin, Davíð Oddsson, á þakkir skildar fyrir umsjón með síðunni sem er vel hönnuð, aðgengileg og mikið notuð af Valsmönnum.

Það er alltaf skemmtilegt þegar Valsmenn taka að sér eitthvert verkefni upp á eigin spýtur. Halldóri Einarssyni - Henson - fannst vanta Valsdagatal. Hann gekk bara í málið og undanfarin 3 ár höfum við átt kost á að hafa Valsdagatal uppi á vegg í vinnu og/eða heima fyrir. Við þökkum Dóra fyrir frumkvæðið og ekki síður að safna saman gömlum kempum, sem hafa séð um að grilla pyls-

ur og Dórahamborgara fyrir heimaleiki karlaliðsins í knattspyrnu. Bráðskemmtileg nýbreytni. Þar fara „Valsmenn, léttir í lund....“

Lokaorð

Eins og fram kemur í þessari skýrslu er ótrúlega mikill fjöldi hæfra einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að vera Valsmenn. Þessir einstaklingar eru margir hverjir að leggja á sig mikið og óeigin-gjarnt starf fyrir félagið og það skal þakkað. En við Valsmenn vitum að við verðum að leggja enn meira að okkur til að verða aftur bestir - árangurslega og félagslega.

Knattspyrnufélagið Valur á mikla hefð sem eitt mesta afreksfélag Íslands í knattgreinum. Þessa hefð verður að rækta. Allir Valsmenn eru hvattir til að leggja félaginu áfram allt það lið sem þeir mega.

Gleðileg jól með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

Grímur Sæmundsen formaður

Íris Andrésdóttir Íþróttamaður Vals árið 2003



Íris Andrésdóttir fyrirliði Íslandsmeistara Vals og fastamaður í landsliðinu á fullri ferð sumarið 2004. (FKG)

Það er árviss atburður hjá Val að útnefna íþróttamann ársins í hófi að Hlíðarenda á gamlársglag. Íris Andrésdóttir var valin íþróttamaður Vals 2003 en hún er fyrirliði meistaraflokks kvenna í knattspyrnu sem ber um þessar mundir uppi merki félagsins á knattspyrnuvellinginum. Auk þess er hún fastamaður í landsliði Íslands og aldursforseti meistaraflokks kvenna hjá Val, einungis 24 ára gömul.

Íþróttamaður Vals er valinn af formönnum deilda, formanni félagsins og Halldóri Einarssyni (Henson) sem er gefandi verðlaunagripanna. Árið 2003 var valinn í 12. sinn íþróttamaður Vals. Grímur Sæmundsen formaður Vals hélt ávarp við þetta tækifæri og sagði m.a.

Ágætu Valsmenn, góðir gestir

Íris Andrésdóttir er uppalin að Hlíðarenda utan nokkur ár í upphafi þar sem hún tók

strákana í Víkingi í bakaríð. Hún spilaði með Val gegnum alla yngri flokka og lék einnig með unglínga- og ungmennalandsliðum Íslands í knattspyrnu.

Íris hóf að æfa með m.fl. kvenna aðeins 15 ára og á því nú þegar að baki 9 ára feril í m.fl. kvenna í knattspyrnu þrátt fyrir að vera aðeins 24 ára.

Íris hefur eflst mikið undanfarin 2 ár sem knattspyrnukona undir stjórn Helenu Ólafsdóttur landsliðsþjálfara, og átti án efa sitt besta keppnistímabil til þessa á því ári, sem nú er brátt á enda.

Hún tók við fyrirliðastöðu m.fl. kvenna sl. vor og vann sér fast sæti á árinu í hinu sigursæla og vinsæla kvennalandsliði í knattspyrnu.

Íris fór fyrir sínu liði, sem vann alla titla sem í boði voru í kvennaknattspyrnu árið 2003 utan þann sem við Valsmenn slægjum síst hendi á móti - Íslandsmeistaratitilinn.

Stelpurnar urðu Reykjavíkumeistarar, deildarbikarmeistarar og Íslandsmeistarar innanhúss, en að sjálfögðu bar hæst sigur í bikarkeppni KSÍ, annarri stærstu keppni ársins í kvennaknattspyrnu. Þar báru þær siguroð af ÍBV 3-1 og sýndu frækilega frammistöðu eftir að hafa lent 0-1 undir í upphafi leiks. Annar bikarmeistaratitillinn á þremur árum í höfn hjá stelpunum og þær í úrslitum keppinnar sl. 3 ár. Glæsilegur árangur.

Þetta er árangur sem við Valsmenn viljum sjá - við viljum vera bestir - alltaf.

Nú horfum við til annarra meistaraflokka félagsins í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik og vonum að frábær frammistaða Írisar og m.fl. kvenna í knattspyrnu verði þeim hvatning til dáða.

Sigurhefðin er sannarlega til staðar á Hlíðarenda, eins og áður hefur verið vikið að.

Við óskum Írisi til hamingju með kjörið

Íþróttamaður Vals – síðustu árin

2004

Tilkynnt á gamlársglag

2003

Íris Andrésdóttir, knattspyrna

2002

Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrna

2001

Rósa Júlía Steinþórsdóttir, knattspyrna

2000

Kristinn Lárusson, knattspyrna

1999

Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrna

1998

Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur

Afreksmenn Vals

Á gamlársdag er ávallt kjörinn Íþróttamaður Vals, en árið 2003 voru fjórir Valsmenn sæmdir viðurkenningu með sæmdarheitinu Afreksmaður Vals, en þeir eiga það allir sameiginlegt að hafa verið valdir íþróttamenn ársins af samtökum íþróttafréttamanna.

Þessir Valsmenn eru:

- * Sigríður Sigurðardóttir, Íþróttamaður ársins 1964, fyrirliði Íslandsmeistara Vals og kvennalandsliðs Íslands í handknattleik sem varð Norðurlanda-meistari árið 1964.



Sigríður Sigurðardóttir.

- * Jóhannes Eðvaldsson, Íþróttamaður ársins 1975, fyrirliði Vals og karlalandsliðs Íslands í knattspyrnu. Anna systir hans tók við viðurkenningunni.
- * Geir Sveinsson, Íþróttamaður ársins 1997, fyrirliði Íslandsmeistara Vals og karlalandsliðs Íslands í handknattleik.
- * Ólafur Stefánsson, Íþróttamaður ársins 2002 og 2003, sem er einstakur árangur einstaklings í flokkaíþrótt, Íslandsmeistari Vals og núverandi máttarstólpi í karlalandsliði Íslands í handknattleik og einn besti handknattleiksmaður heims.



Anna Eðvaldsdóttir systir Jóhannesar Eðvaldssonar.

Grímur Sæmundsen formaður Knattspyrnufélagsins Vals flutti við það tækifæri ávarp og sagði m.a.

Ágætu Valsmenn, góðir gestir.

Spyrja má af hverju erum við Valsmenn að heiðra þennan glæsilega hóp núna? Því er til að svara að í fyrsta lagi er það löngu tímabært og í öðru lagi eru þessir afreksmenn lifandi sönnun þess að Knattspyrnufélagið Valur er eitt mesta afreksfélag Íslands í hópíþróttum með áratugasigurhefð. Þegar við Valsmenn hefjum nýja glæsilega uppbyggingu á Hlíðarenda, er mikilvægt að okkur sjálf-



Geir Sveinsson.

um og ekki síður öðrum sé ljóst að við ætlum ekki að skapa steinsteypta umgjörð um eitthvað sem ekkert er.

Við ætlum að skapa einu mesta afreksfélagi Íslands í hópíþróttum aðstöðu til að halda áfram að ala upp einstaka afreksmenn í íþróttum og leiðtoga en allir þessir einstaklingar eru ekki einungis afreksmenn heldur einnig fyrirliðar og máttarstólpar og frábærar fyrirmyndir fyrir íþróttæskuna, ekki aðeins í Val heldur á öllu landinu.

Það er skemmtilegt að skoða tölfræði í vali íþróttamanns ársins sem fyrst fór fram árið 1956 og hefur íþróttamaður ársins því alls verið valinn 48 sinnum. Þrettán sinnum af þessum 48 skiptum hefur einstaklingur í hópíþrótt verið valinn. Við Valsmenn eigum 5 tilnefningar af þessum 13 eða tæpan helming! Það kemst enginn þar sem Knattspyrnufélagið Valur hefur hælana í þessu efni.



Ólafur Stefánsson.

Ágætu Valsmenn.

Við lifum samt ekki á fornri frægð. Þetta einvalalið sem við ætlum nú að heiðra á að vera okkur hvatning til þess að nýr Hlíðarendi verði áfram uppeldisstöð íslenskra afreksíþróttamanna. Slíkt er aðeins undir okkur sjálfum komið.

Einstök afreksfjölskylda- Valkyrjur, fram fram, frækið lið



Afreksfjölskyldan Guðríður Guðjónsdóttir, Guðjón Jónsson og Sigríður Sigurðardóttir sitja í sófanum en fyrir aftan eru systurnar Hafdís og Dána Sigríður 2ja mánaða dóttur Hafdísar situr í fanginu á afa sínum.

Hún Sigga, Sigríður Sigurðardóttir, á sérstaklega glæsilegan íþróttuferil að baki með gullaldarliði Vals í handknattleik á 7. áratugnum sem var nánast ósigrandi árum saman og jafnframt lykilmáður í landsliðinu sem hampaði m.a. Norðurlandameistaratitli árið 1964. Sama ár var Sigríður kjörin íþróttamaður ársins fyrst kvenna hér á landi og er hingað til eina konan sem hampað hefur þeim titli í hópíþrótt. Reyndar hafa einungis þrjár konur hampað titlinum íþróttamaður ársins hér á landi, en auk Sigríðar hafa þær Ragnheiður Runólfsdóttir, sundkona og Vala Flosadóttir stangastökkvari náð þeim árangri.

Í ár eru 40 ár síðan Sigríður stóð á háttindi ferils síns, margfaldur meistari með Val, Norðurlandameistari og síðast en ekki síst íþróttamaður ársins 1964. Af því tilefni óskaði Valsblaðið eftir viðtali við Sigríði og dætur hennar þrjár, þær

Guðríði, Dönu og Hafdís, sem allar hafa fylgt í fótspor móður sinnar og lagt stund á handbolta með frábærum árangri, aðallega með Fram. Hin síðari ár má segja að þær séu komnar heim á Hlíðarenda, en Guðríður er nú þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Val, Dána leikur með meistaraflokki kvenna hjá Val og Hafdís sem er í barnsburðarleyfi hefur leikið með Val undanfarin ár. Eiginmaður Sigríðar er einnig þjóðþekktur afreksmaður í handbolta, Guðjón Jónsson en hann lék árum saman bæði handbolta og fótbolta með Fram og landsliðinu og þjálfaði hjá Fram árum saman í handbolta. Þegar ritstjóri Valsblaðsins hitti þær mæðgur að máli eina kvöldstund á haustmánuðum heima hjá þeim hjónum Sigríði og Guðjóni, sýndi hann ekki neinn sérstakan áhuga á því að ræða um Val en hann blandaði sér engu að síður oft í umræðurnar um stöðu handboltans og þróun og íþróttaiðkun konu sinnar og dætra. Handbolti er þessari afreksfjöl-

skyldu ákaflega hugfanginn en greinilega eru skiptar skoðanir í fjölskyldunni um þróun greinarinnar, Guðjón lætur vanþóknun sína í ljós á auknum hraða í handboltanum, sem hann segir leikmenn ekki ráða við. Hann er ákaflega stoltur af konu sinni og dætrum og afrekum þeirra en greinilegt er að Valur er ekki hans uppáhaldslið, Fram er hans félag, en hann er sáttur við að dæturnar hafi valið að leika fyrir Val hin síðari ár og þjálfar.

Íþróttir leika ákaflega stórt hlutverk í lífi fjölskyldunnar. Dæturnar allar, Guðríður, Dána og Hafdís eru íþróttakennarar að mennt og kenna allar íþróttir í grunn- eða framhaldsskólum, þær vinna allar við handboltapjálfun og hafa frá blautu barnsbeini stundað íþróttir af kappi. Auk þess segjast þær horfa mikið á íþróttir og fylgjast með íþróttum og undir það taka foreldrar þeirra, Sigríður og Guðjón. Guðríður og Hafdís hafa einnig verið duglegar að hvetja börn sín á þessu sviði og hafa þar tekið virkan þátt í foreldrastarfi sem tengist íþróttaiðkun barnanna. Sigríður vinnur nú sem húsvörður hjá KSÍ og Guðjón á einnig afreksferil að baki og langan þjálfaraferil. Sem dæmi um geysilegan áhuga fjölskyldunnar á íþróttum gerðum við stutt hlé á viðtalinu til að ná að fylgjast með íþróttafréttum í 10 fréttum sjónvarps.

Það reyndist þrautin þyngri að finna heppilegan tíma fyrir viðtali við þessa miklu íþróttafjölskyldu þar sem æfingar og þjálfun taka mikinn tíma en loks fundum við heppilegan tíma sem hent- aði. Þegar við höfðum komið okkur öll notalega fyrir barst talið að því hvað hafi orðið til þess að Sigríður byrjaði að leggja stund á íþróttir í æsku.

Fyrstu skrefin í íþróttum hjá Sigríði

„Í gamla daga vorum við krakkarnir alltaf að leika okkur úti með bolta,“ segir Sigríður. „Þá voru ekki tölvur eða sjónvarp,“ skýtur Guðjón inn í til skýr-



Íslandsmeistarar í handknattleik utanhúss 1965. Sigríður er 3. frá hægri og Guðríður fjögurra ára er með á myndinni.

ingar. „Ég var í fimleikum þegar ég var yngri en byrjaði að æfa handbolta hjá Val 1958, 15 ára gömul. Það var Árni Njálsson þjálfari hjá Val sem sá fyrst til okkar krakkanna að leika úti með bolta, t.d. í hornbolta og kýló og hann plataði mig til að fara að æfa handbolta, hefur líklega fundist ég kasta bolta fast og hitta vel. Það er honum að þakka að ég byrjaði að æfa handbolta og Valur varð fyrir valinu þess vegna og einnig bjó ég í nágrenninu. Ég byrjaði þá beint að æfa með 2. flokki Vals en enginn meistaraflokkur var til hjá Val. Árið eftir, 1959, stofnuðum við meistaraflokk kvenna hjá Val og fórum sama ár í eftirminnilega keppnisferð til Færeyja með meistaraflokki karla og var mikil samheldni í hópnum,“ segir Sigríður og hugsar greinilega með hlýju til þessa löngu liðsins tíma.

Valur stórveldi í handbolta kvenna á 7. áratugnum

„Á þessum árum var KR með langbesta liðið, Ármann, Þróttur og Vikingur, Fram og FH voru stærstu félögin í handbolta kvenna. Við vorum ungar og efnilegar í Val og við vorum mjög fljótar að ná góðum árangri og verða samheldur hópur undir stjórn Tóta okkar, Þórarins Eyþórs-sonar þjálfara sem tók við af Árna Njálssyni sem þjálfaði okkur fyrst. Frá 1960-1970 var sannkallað gullaldarlið hjá okkur stelpunum í Val og ég held að við höfum unnið 15 mót á þessum tíma, það síðasta á Akranesi 1970 en ég hætti það

ár. Þá tóku Framarar við á 8. áratugnum sem stórveldi í kvennahandbolta,“ segir Sigríður.

Lék samtals 12 landsleiki

„Ég byrjaði fljótlega að leika með landsliðinu eftir að ég byrjaði hjá Val, lék fyrst með landsliðinu 1959 og síðan á Norðurlandamótinu 1960 í Svíþjóð og þar urðum við í 2. sæti og 1964 urðum

við Norðurlandameistarar á heimavelli, en það voru einu verkefni kvennalandslíðsins á þessum tíma, nema við tókum þátt í heimsmeistaramótinu 1965. Ég lék samtals 12 landsleiki með landsliðinu á þessum árum,“ segir Sigríður stolt.

Norðurlandameistari og íþróttamaður ársins 1964

Sigríður segir að hápunktur ferils síns hafi verið 1964 þegar allt gekk upp hjá Val og auk þess varð landsliðið Norðurlandameistari og hún var í árslok kjörin íþróttamaður ársins fyrst kvenna hér á landi. „Það var stórkostleg stund en ég átti alls ekki von á því að vera kjörin, ég hafði ekki verið á listanum árið áður. Þegar ég fór að spá í það þá stóð sigur kvennalandslíðsins upp úr það ár sem íþróttaafræk þannig að við áttum í raun skilið að eiga fulltrúa úr liðinu sem íþróttamaður ársins, en kjörið kom mér svo sannarlega á óvart,“ segir Sigríður og finnst greinilega ljúft að rifja upp þetta afrek. Guðjón grípur hér inn í og segir að sigur Íslendinga á Svíum 12-10 í handbolta hafi verið stórafrek þetta ár, en hann lék einmitt þá með landsliðinu, en viðurkennir að Norðurlandameistaratitillinn hjá stelpunum hafi verið stærra afrek, en það sé þó ekki oft sem Svíar hafi verið lagðir í handbolta.



Guðríður Guðjónsdóttir besti leikmaður Íslandsmótsins í handbolta, besti sóknarmaðurinn og markahæsti leikmaðurinn árið 1990. Brynjar Harðarson Val er með á myndinni sem besti sóknarmaðurinn.

Um jafnréttismál í íþróttum

Sigríður telur að kjör hennar sem íþróttamaður ársins hafi verið mjög hvetjandi fyrir hana sjálfa til að standa sig enn betur og einnig hafi titillinn verið ákveðin skilaboð til kvenna að leggja stund á afreksíþróttir og síðast en ekki síst hafi kjörið aukið áhuga stelpna á handbolta hér á landi. „Mér hefur fundist uppskera kvenna verið heldur rýr í kjöri íþróttamanns ársins alla tíð og stundum hefur engin kona verið í hópi 10 efstu. Mér hefur fundist afrekskonur í íþróttum ekki fá nægjanlega athygli og kjör íþróttamanns ársins endurspeglar það að mínu mati,“ segir Sigríður ákveðin. Guðríður segist ekki alveg vera sammála þessu þar sem konur hafi einfaldlega ekki náð eins góðum árangri á heimsmeikvarða og karlar og sjaldnast komið til greina sem íþróttamenn ársins, en þó hefðu þær stundum getað verið fleiri á listanum og ofar, en þó tæplega oft sem íþróttamenn ársins.

Guðríður í fótbolta og handbolta

Guðríður er elsta dóttir þeirra Sigríðar og Guðjóns, fædd árið 1961. Hún byrjaði kornung í vöggju að dvelja löngum stundum í Valsheimilínu og fór fljótlega að fylgjast með handbolta. „Ég byrjaði að æfa ung fimleika og að æfa handbolta með Val 9 ára gömul en þá voru engir sérstakir yngri flokkar, ég spilaði með miklu eldri stelpum. Síðan fór ég að æfa

með ÍR þegar fjölskyldan flutti hingað í Breiðholtið en ég fann mig aldrei þar, þannig að leið mín lá 12 ára til Fram með ýmsum stelpum sem ég þekkti og þar var ég allan minn feril í handbolta. Einnig æfði ég fótbolta með Breiðablik og á tímabili lék ég bæði í landsliðinu í handbolta og fótbolta, lék handbolta á veturna og fótbolta á sumrin. Ég lék fyrstu 7 landsleiki Íslands í fótbolta en síðan einbeitti ég mér að handbolta og lék fjölmarga landsleiki og hætti ekki að leika handbolta með Fram fyrr en 1999. Ég efast um að nokkur hafi unnið fleiri titla í handbolta en við stelpurnar í Fram, vorum ákaflega sterkar árum saman, samheldur hópur sem vann til ótal verðlauna. Þegar ég byrjaði í meistaraflokki Fram 1975, 14 ára undir stjórn pabba þá lék ég á móti ýmsum vinkonum mömmu með gullaldarliði Vals og viðureignir þessara félaga voru alltaf skemmtilegar og spennandi en með tímanum náðum við í Fram smám saman yfirhöndinni. Við urðum fyrst Íslandsmeistarar 1975 og unnum síðan titilinn 5 ár í röð og svo 7 ár í röð,“ segir Guðríður með stolti og segist samtals hafa orðið Íslandsmeistari 12 sinnum með Fram og bikarmeistari 12 sinnum.

Dyggur stuðningur foreldra við íþróttaiðkun systranna

Systurnar Guðríður, Dána og Hafdís segja allar að foreldrar þeirra hafi hvatt



Guðríður í marki í landsleik í knattspyrnu.

þær til dáða í íþróttum og stutt dyggilega við bakið á þeim alla tíð og hafi sá stuðningur verið ómetanlegt veganesti. Einnig segja þær að fimleikar og dans hafi verið mikilvægur undirbúningur fyrir handboltann, góð alhliða hjálfun. Þær segja að foreldrar þeirra hafi verið mjög duglegir að mæta á leiki hjá þeim alla tíð og í dag er Sigríður ein af dyggustu stuðningsmönnum Vals, mætir á alla leiki sem hún hefur tók á og hvetur stelpunar til dáða, bæði Díönu sem leikur með liðinu og Guðríði sem hjálfar liðið, og auðvitað liðið sem heild.

Foreldrar Sigríðar sáu hana einu sinni í handbolta

Sigríður segist ekki hafa fengið slíkan stuðning frá foreldrum sínum, þeir hafi lítið sem ekkert skipt sér af íþróttaiðkun hennar og hana minnir að foreldrar hennar hafi séð einn leik í handbolta sem hún lék, tímamir séu svo sannarlega breyttir í dag. Í þá daga hafi foreldrar ekki verið að eyða tíma í að horfa á krakka leika sér í íþróttum. „Mér finnst æðislega gaman að koma á Valsleiki núna og fylgjast með dætrum mínum, ég reyni að missa ekki úr leik,“ segir dyggi stuðningsmaðurinn Sigríður.

Hafdís í handbolta hjá Fram

Hafdís miðsystirin, fædd 1968 byrjaði einnig í fimleikum og dansi en lék með Val í efstu deild undir stjórn Guðríðar



Hafdís Guðjónsdóttir í Evrópuleik við Polisen frá Svíþjóð 1991 í Gautaborg.



Díana Guðjónsdóttir í leik með Valsliðinu á móti Fram haustið 2004. (FKG)

tímabilið 2001-2002 og árið eftir lék hún með B liðinu í 2. deild en síðan tók hún sér frí vegna barneigna en segist nú vera hætt í handbolta. Hún byrjaði sinn handboltaferil 13 ára hjá ÍR í 3. flokki og var hjá félaginu í nokkur ár og lék m.a. í meistaraflokki ÍR með Þorgerði Katrínu núverandi menntamálaráðherra. „Ég fór síðan 1985 í Fram og vann til margra verðlauna með félaginu. Einnig æfði ég fótbolta með Fram og lék í 2. deild. Ég lék nokkra leiki með unglíngalandsliðinu og A landsliðinu í handbolta.“

Díana byrjaði í handbolta 7 ára

Díana segist hafa byrjað að æfa handbolta 7 ára með Fram. „Ég var aðeins í fótbolta á yngri árum en hæfileikar mínir voru ekki á því sviði, ég er hrikalega örvfætt,“ segir hún og systur hennar hlæja og taka fram að þar hafi hún rétt fyrir sér. Guðríður segir að Díana sýni oft góð tilprif í fótbolta undanfarið á æfingum hjá Val. „Ég hætti síðan á tímabili hjá Fram og fór til FH þar sem ég fékk aldrei tækifæri hjá þjálfaranum,“ segir hún spösk á svip, eg Guðríður var þá spilandi þjálfari hjá Fram. Díana lék aftur á tímabili með Fram.

Díana í Val

Árið 2001 ákvað Díana að skipta yfir í Val en þá var Guðríður nýráðin þjálfari hjá félaginu. „Ég hringdi til mömmu til

Spánar á afmælisdaginn hennar þegar hún var sextug og tilkynnti henni að ég væri orðin Valsari og fannst henni það mjög ánægjuleg afmælisgjöf,“ segir Díana kímín og Sigríður kinkaði kolla því til samþykkis. Díana segir að sér líði mjög vel hjá Val núna, hópurinn sé góður en brothættur þar sem meiðsli hjái suma leikmenn, aðrar eru í barneignum og enn aðrar farnar til erlendra liða. Hún segir ákveðin að stefnan í vetur sé klárlega á að fara alla leið í úrslitakeppninni, það hafi verið ógeðslega gaman að komast á síðasta tímabili alla leið í úrslitakeppni við ÍBV. „Við erum fáar í dag en við ætlum að standa saman en erum tilbúnar í slaginn í vetur og ætlum okkar stóra hluti,“ segir Díana ákveðin.

Frábær afmælisgjöf að fá stelpurnar í Val

„Það var æðislegt að fá stelpurnar í Val, mjög góð tilfinning og frábær afmælisgjöf en ég varð sextug um það leyti,“ segir Sigríður og brosir breitt. Dæturnar eru allar íþróttafraeðingar frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni, stunduðu allar dans og fimleika á yngri árum og léku handbolta með Fram um árabíl. Leiðir þeirra hafa því í gegnum tíðina legið saman og því ofur skiljanlegt að þegar Guðríður var ráðin þjálfari hjá Val þá fylgdu hinar systurnar í kjölfarið, enda greinilega mjög samhentar og góðir félagar. Guðríður hefur langa reynslu af

þjálfun í handbolta, fyrst hjá Fram bæði í yngri flokkunum og meistaraflokki kvenna um árabíl. Hafdís og Díana hafa einnig lagt stund á þjálfun og starfa nú báðar við þjálfun yngri flokka hjá HK en þar er mikið uppbyggingarstarf í gangi hjá kvennaflokkunum.

Skemmtilegir úrslitaleikir á móti ÍBV í vor

Guðríður segir að úrslitaleikirnir við ÍBV á síðasta tímabili hafi verið mjög skemmtilegir og spennandi. „Strákarnir í Val léku til úrslita á móti Haukum og við lékum til úrslita við ÍBV, en viðureignir okkar við ÍBV voru meira spennandi en leikir strákanna við Hauka, leikgleðin var í fyrirrúmi hjá stelpunum og ég lagði upp með það að við hefðum gaman af þessu verkefni. Ennig voru fleiri áhorfendur á kvennaleikjunum og er það merkur áfangi í sögu kvenna-handbolta hér á landi,“ segir hún stolt yfir stelpunum sínum. Einnig hafi handbolti kvenna orðið vinsælt sjónvarpsefni en allir leikirnir boru sýndir beint í sjónvarpi og öruggt að margir nýir stuðningsmenn Valsmanna hafi orðið til, bæði í karla- og kvennaflokki. Díana segir að enginn hafi búist við því að Valsarar myndu standa í ÍBV, en ákveðið reynsluleysi hafi komið þeim í koll í lokin en þær segjast vera reynslunni ríkari eftir úrslitakeppnina og tilbúnar að gera enn betur á þessu tímabili þótt vissulega hafi breytingar síðan orðið á hópnum. Hún segist hafa verið algjörlega búin eftir úrslitakeppnina, leikirnir hafi reynt mikið á bæði líkamlega og andlega. Sigríði fannst geysilega gaman að fylgjast með úrslitakeppninni og hún segist vera stolt af Valsstelpunum.

Úr handbolta í hraðbolta

„Handbolti í dag er samt allt önnur íþrótt en í gamla daga þegar ég var að æfa, hraðinn er miklu meiri og mér finnst hraðinn vera orðinn allt of mikill í dag,“ segir Sigríður ákveðin og gagnrýnin á þróun handboltans. Guðjón sem fylgst hefur með viðtalinu álengdar getur ekki á sér setið að segja skoðun sína og tekur heilshugar undir með Sigríði og hristir höfuðið yfir hraðanum í handboltanum í dag, hann sé orðinn allt of mikill, leikmenn ráði hreinlega ekki við þennan hraða, réttara væri að breyta nafninu úr handbolta í hraðbolta.

Þarf að efla yngri flokka starfið í handboltanum hjá Val

Talið berst að yngri flokkunum í handbolta hjá Val og stöðu kvannahandboltans hjá félaginu. Guðríður segir ákveðið að bæta þurfi umgjörðina hjá Val í yngri flokkunum, þeir séu allt of fámennir, sérstaklega kvennaflokkarnir. „Það þarf að stofna unglingaráð í handboltanum eins og í fótboltanum og fjölga fólki sem vinnur að stjórnun og rekstri yngri flokka í Val eins og er hjá ýmsum félögum í dag og vinna markvisst að því að fjölga iðkendum. Það vantar fleira fólk í kringum handboltann hjá Val og það vantar fleiri iðkendum,“ og það er greinilegt að þetta málefni er henni hugleikið. Dána og Hafdís eru hjartanlega sammála systur sinni og segja að t.d. í HK sé formlegt unglingaráð skipað foreldrum barna í flokkunum sem haldi utan um starfið. Yngri flokkarnir þar séu mun fjölmennari en hjá Val, en þær segjast hafa yfir 50 stelpur á æfingum hjá HK í 5. flokki á meðan 10-12 stelpur séu hjá Val í 5. flokki.

Þarf að fjölga yngri iðkendum í handbolta og íþróttum almennt

Systurnar eru allar sammála því að yngstu flokkar bæði í karla- og kvenna-

flokki séu fámennir hjá þeim félögum sem þær þekkja og finnst það áhyggjuefni fyrir þróun handboltans hér á landi. „Það er eins og einhver stífla sé í gangi í handbolta í yngstu flokkunum, á meðan þessir flokkar eru fjölmennir, t.d. í fótbolta, þetta er áhyggjuefni,“ segir Guðríður og er greinilega hugsuð yfir þessari þróun. „Það þarf að ná í þessa krakka sem ekki eru í íþróttum og fá þá til að prófa handbolta, það er svo margt annað í boði og einnig ætti að hvetja unga krakka til að æfa fleiri en eina íþróttgrein,“ segir Dána ákveðið. Þær eru sammála því að markvisst uppbyggingarstarf í yngri flokkunum sé forsenda til framtíðar til að félagið haldi áfram að ná árangri, það verður að ala upp eigin leikmenn sem eru tilbúnir að halda uppi meistaraflokki félagsins. Einnig finnst þeim að auka mætti samvinnu deilda hjá félaginu, deildirnar eigi að vinna saman að uppbyggingu félagsins og ekki megi vera rígur á milli deilda í kapphlaupi um iðkendum.

Sigríður bjartsýn um þróun handboltans

Sigríður segist vera mjög bjartsýn um framtíð handboltans hér á landi og hjá Val og segist vona að Íslendingar nái að

leika bráðlega í lokakeppni stórmóts í kvannahandbolta. Að lokum vill hún koma mjög ákveðnum skilaboðum til stúlkna. „Íþróttaiðkun er afar mikils virði fyrir börn og unglinga, það er ekki spurning. Ekki láta barneignir stoppa ykkur, komið bara tvíefldar til baka. Konur þroskast mikið á því að eiga barn og þær koma miklu betri handboltamenn til baka ef þær hafa rétta hugarfarið,“ segir Sigríður og talar greinilega út frá eigin reynslu. Dætur hennar eru allar þessu hjartanlega sammála og bæta við að mikilvægt sé fyrir íþróttafólk að lifa heilbrigðu lífverni og hugsa vel um andlegu hliðina en fyrst og fremst eigi fólk að njóta þess að vera í íþróttum og hafa gaman af því.

Það er óeitanlega skemmtileg lífsreynsla að ræða við þessa miklu afreksfjölskyldu og þiggja einnig glæsilegar veitingar að loknu formlegu viðtali. Það er afar óvanalegt að allir fjölskyldumeðlimir, bæði foreldrar og dæturnar þrjár hafi lagt stund á sömu íþróttgreinina og náð jafn góðum árangri og þessi mikla handboltafjölskylda og einkar ánægjulegt að sjá samheldnina í fjölskyldunni þótt ekki hafi sama félagsliðið náð að fanga hug þeirra. Valsblaðið þakkar kærlega fyrir að fá tækifæri til að skyggast inn í hugarheim þessarar afreksfjölskyldu.

Hún Sigga á engan sinn líka

Úr Valsblaðinu 1969

Ég vona að enginn misvirði það við mig þó ég taki upp á því að ræða dálítið um hana Siggu. Enginn skyldi ætla mér það, að hinar stúlkurnar í Val stæðu ekki hjarta mínu eins nærri eða svona hérumbil. Að ég fór út á þennan hála ís, að taka eina út úr, og tjá henni aðdáun mína alveg sérstaklega var fyrir þá viljun, að ég fylltist ofsalegri forvitni. Auðvitað dáist ég að öllum þessum glæsilega kvannahóp Vals og hef gert í því að safna af þeim myndum, svo ég geti notið þess augnayndis að sjá þær saman í hópi, þeg-

ar mig lystir, meira má maður ekki.

Þær hafa nefnilega gert sér leik að því á mörgum undanförunum árum að fá gamalt hjarta í gömum barmi til að slá með næstum óeðlilegum hraða. Þær stilla saman strengi á þennan hátt og ómurinn af þessu berst vítt um og hittir svona þar sem hjartað slær og bærst með sömu tilfinningum.

En það var þetta með forvitnina. Ég skal játa að mér þótti það æði forvitnilegt, þegar ég sá svar hennar Siggu við því hver væri eftirminnilegasti leikurinn sem hún hefði leikið, en það var keppnin

á Akranesi í sumar (1969). Allir vita, sem eitthvað þekkja til handknattleiks kvenna, að Sigga hefur tekið þátt í mörgum landsleikjum bæði erlendis og heima, leikið í fjölda móta og oftast verið í úrslitum, svo sitthvað hefur vafalaust borið fyrir hana á þessum langa tíma, sem í frásögur er færandi. Nei, það voru smámunir, að því er virðist, á móti því sem gerðist á Akranesi. Því miður var ég ekki á Akranesi, þegar mótið fór þar fram og vissi því ekkert, en ég var sannferður um að þær hefðu gerst eitt eða fleiri kraftaverk.



Hópmynd af Valsliðinu ásamt Þórarni Eyþórssyni hjálfara 1960. Efst frá vinstri: Hrefna, Sigrún Guðmunds, Elín, Sigrún Geirs, Ása, Katrín, Sigríður, Ólöf, og Guðbjörg.

Mér datt þá í hug að fara til Jóns vinar míns í Ísafold og spyrja hann um þetta, sem skeð hafði á Skaganum, því ég vissi að hann var þar. Þegar ég hafði lagt fyrir hann spurninguna um þetta, sem skeði á Akranesi, tók að breiðast yfir andlit Jóns bros, sem smátt og smátt varð að mildum aðdáunarsvip. Ég var farinn að halda að ég ætti að lesa það út úr svip hans, sem þar hafði gerst, því honum virtist tregt tungu að hræra.

Það var greinilegt, að Jón var að leita að nógu sterkum lýsingarorðum til að tjá það sem í huganum bjó, og smátt og smátt fóru að koma slitróttar setningar með hástemmdum lýsingum á því sem skeð hafði og hann færðist allur í aukana eftir því sem líður á frásögnina, sem var eitthvað á þessa leið:

– Þú hefur bara átt að sjá hana Siggu uppi á Akranesi á Íslandsmóttinu. Það hefðu allir Valmenn átt að sjá hana í þessum leikjum. Hún verður mér ógleymanleg fyrir frammistöðu sína þar meðan ég minnst handknattleiks kvenna. Og svona hélt hann áfram góða

stund. Loks komst ég að og spurði: Hvað skeði?

– Það var svo stórkostlegt að það er ekki hægt að lýsa því, menn verða að horfa á það til þess að fá rétta mynd af því. Það var greinilegt, að Jóni var enn mikið niðri fyrir, en loks tekur hann að róast og þá fara línurnar á frásögninni að skýrast.

– Ég vil benda þér á, að Þórarinn, hjálfari stúlkanna, var veikur, þegar þær fóru upp á Akranes til þátttöku í móttinu, en það mun ekki hafa komið fyrir áður, að hann væri ekki viðstaddur slíkt stórmót. Hann er leiðtogi þeirra, sem stúlkurnar bera, að ég held, takmarkalaust traust til, enda hefur hann verið lífið og sálin í flokknum um langt skeið.

Mér er ekki grunlaust um, að Sigga hafi skynjað áhrif þess, að Þórarinn var ekki meðal hópsins og að hún hafi litið á það sem skyldu sína að reyna að bæta það upp, sem vantaði eins og hún mögulega gæti. Henni var ljóst, að stúlkurnar í hinum félögunum mundu álíta, að „Þórarinslausar“ væru þær veikari fyrir og nú

væri að sækja að þessu ósigrandi vígi með þeim tókum, sem þær hefðu yfir að ráða. Það mátti lesa í hug hennar og svip að hún, sem fyrirliði, mátti ekki láta neinn bilbug á sér finna hvorki utan vallar né innan, þótt eitthvað syrti í álinn. Og ekki er ólíklegt, að aldrei hafi Sigga betur séð þá þakklætisskuld, sem Valsstúlkurnar stóðu í við Þórarin, og nú væri það hennar og þeirra stolt að sigra í þessu móti, vegna hans. Þetta fannst mér liggja einhvernveginn í loftinu.

Þegar leikirnir hófust leyndi það sér ekki, að stúlkurnar í hinum liðunum vissu hvaðan þeim var mest hætta búin í leikjum sínum við Val: Siggu skyldi gætt, hvað sem það kostaði og ef ein dygði ekki skyldu fleiri koma til. Og það sýndi sig, að þessar ráðstafanir voru ekki að ástæðulausu, en þær dugðu hvergi, slíkur var kraftur Siggu og baráttuvilji fyrir félag sitt.

Hún varð fyrir því óhappi, að fá slæmt högg á hendi, sem var það alvarlegt, að við vildum að hún leitaði læknis, en við það var ekki komandi og ekki nóg með það, við urðum að lofa því næstum undir eið, að láta engan um þetta vita og forðast að láta það berast til stúlkanna í hinum félögunum, það mundi efla þær í sókninni og stúlkurnar í hennar liði máttu helst ekki vita þetta heldur, það mundi ef til vill draga úr trú þeirra á sigur, ef fyrirliðinn væri vanheill á hendi. Nei, sagðist ekki vera komin upp á Akranes til þess að vera sveipuð inn í sárabindi. Hún væri komin hingað, ásamt hinum Valsstúlkunum, til að vinna þetta mót.

Það leyndi sér ekki að í leik hennar, hvatningarorðum til leiksystra sinna, að þetta var henni mikið alvörumál og þó varð hún í hverjum leik fyrir sérstakri aðsókn í tíma og ótíma, sem knúði hana til meiri átaka en eðlilegt var.

Ég gleymi aldrei eitt sinn, þegar hún var komin inn á línu til að skjóta og lætur sig falla inn á teiginn, en fallið var þungt, því hún hafði tvær úr vörninni á bakinu og skall á steinsteyptan völinn. Kom hún litlu síðar til okkar og bað um plástra á sárin, en satt að segja var erfitt að átta sig á hvar ætti helst að líma þá. Samt var það gert. Eftir skamma stund sáum við hana rífa þá af aftur. Hún sagði síðar, að þeir hefðu þvælst fyrir og svo lét hún sig hafa það að halda áfram með hálf skinnlausa lófa, og sársaukinn kvaldi. Þannig hélt hún áfram til síðustu sekúndu í úrslitaleiknum- og hún stóð við það sem hún sagði: Valur vann mótið.

Það var þreytt kona, sem gekk út af leikvellingum á Akranesi, áleiðis í búningsklefann, þar sem hún tók sér sæti á bekknum í horninu. Hún hafði lagt í leikinn alla orku sína, hún hafði gefið Val hvern snefil af kröftum sínum. Hún fól andlitið í höndum sínum, þöktum sárum, hún átti ekkert eftir nema svolítinn sætan, mér liggur við að segja, yndislegan grát, eins og lítil stúlka, sem grætur af gleði, meira en af sársauka, og vafalaust hefur hvort tveggja sameinast í þessari mannlegu athöfn.

Þessi frammistaða Siggu er mér ógleymanleg. Hún er dæmið um hinn fúsa féлага, manneskjuna, sem leggur sig alla fram, þegar heiður félagsins er annars vegar. Hún er dæmið um félagann, sem skilur þá ábyrgð sem á honum hvílir þegar mikið liggur við. Það er svona hugarfar, svona vilji og framkoma, sem gefa íþróttunum alveg sérstakt gildi og gefur ómetanlegt fordæmi.

Að lokum sagði Jón: Ég vil taka það alveg skýrt fram til að fyrirbyggja misskilning, að allar stúlkurnar sýndu frábæran baráttuvilja og samstöðu í þessum erfiðu leikjum og var unun á það að horfa, þó viðbrögð Siggu og framganga í leikjunum sem einstaklings vektu athygli mína og addáun, sem raunar er ekki í fyrsta skipti.

Þegar Jón hafi lokið sögu sinni setti mig hljóðan, ég var eins og Jón fullur addáunar og það mátti engu muna, að ég, gamall skúrkur úr hörðum leikjum, harðsvíraður úr blaðapvargi og illskettur úr orðaskaki á fundum og þingum um áratugaskeið, tæki höndum fyrir augu til að forða ofurlitlu rennsli niður kinnarnar.

Til þess að fá nánari skýringar á þessu, sem gerðist á Akranesi og því að Sigga taldi mótið þar það eftirminnilegasta, sem hún hafði tekið þátt í á hinum viðburðaríka íþrótaferli sínum, fór ég á fund hennar og bað hana að segja mér hvað það hefði verið, sem gerði mótið á Akranesi svona einstætt fyrir hana?

– Þetta var erfiðasta helgi, sem ég hef lifað. Við urðum að leika fjóra leiki á tveimur dögum. Fyrsta leikinn eftir hádegi á laugardag og svo annan til um kvöldið. Þriðji leikurinn var svo kl. 9 á

sunnudgsmorgun, og sá fjórði var úrslitaleikurinn kl. 3 sama dag.

Við vorum líka óheppnar að í okkar riðli voru sterkustu liðin að Fram undan teknu, sem var í hinum riðlinum. Það má því segja, að við urðum að taka á öllu okkar í hverjum leik. Við þetta bættist, að völlurinn var úr steinsteypu og þegar maður datt á hendur og eða hné skrapaðist skinn af eða bólguhnúðar komu á hné og hendur og lagði blóð úr. Ég hafði líka



Sigríður Sigurðardóttir íþróttamaður ársins 1964 með verðlaunagripinn.

fungið áföll á tvo fingur, þannig að þeir voru stokkbólgnir, auk aumra bletta um allan skrokkinn, vegna harkalegra pústra sem ég varð fyrir. Það var engu líkara en að ég væri alltaf í ónáðinni hjá mótherjunum og drógu þær hvergi af. Við þetta bættist ofsaleg spennan og hugaræsing um það, hvernig þessu öllu mundi reida af.

Það bætti líka gráu ofan á svart, að Þórarinn var veikur í Reykjavík. Okkur stelpunum þótti það alveg hræðilegt, að hann væri svo langt í burtu, hann sem alltaf hafði verið hjá okkur, þegar eitthvað reyndi á, í hverjum leik, hverju móti, til-

búinn að ráðleggja okkur, stappa í okkur stálinu og hughreysta. Okkur fannst þetta allt hálfþómlegt. Það bætti þó mikið úr skák, hvað hann Jón Kristjánsson var hressilegur og gott að tala við hann. Hann hafði ákaflega góð áhrif á okkur, stóð fyrir utan línuna og lagði stöðugt í eyru okkar traustvekjandi rödd hans: Rólegar stelpur, það liggur ekkert á, það er nógur tími. Þetta hafði sínu góðu áhrif. Guðmundur Frímansson og Guðmundur Ámundsson gerðu líka allt sem í þeirra valdi stóð og allt þetta slakaði mikið á þessari spennu, sem hópurinn var haldinn.

En þegar Þórarinn kom svo fyrir úrslitaleikinn, sárlasinn og hún Sigrún Guðmundsóttir, var sem bráði af okkur og nú litum við allt öðruvísi á lífið, þrátt fyrir hugheila og velþegna umönnun þremminganna fyrir leikina á danan.

Það var eins og það kæmi einhver „fitons“-andi í liðið fyrir síðasta leikinn, sem gerði það af verkum að við vorum aldrei eins samstilltar og í úrslitaleiknum, og þó vorum við þreyttar og margar meiddar fyrir leikinn. Þrátt fyrir það var ákaflega gaman að vera með í leiknum og þessari tvísýnu baráttu, sem raunar var allan tímann, en þó sérstaklega í úrslitaleiknum.

– Segðu mér Sigga, af hverju táraðist þú eftir leikinn?

Ég held að það hafi verið af eintómri gleði yfir sigrinum, yfir þessari dásamlegu baráttu, fyrir þessum góðu félögum, sem stóðu saman eins og ein

manneskja, á hverju sem gekk.

Sigurinn var líka draumsætur, því við bjuggumst eins við því að tapa. Mér er líka ekki grunlaust um, að þegar sigurinn var orðinn að veruleika, að það hafi slaknað á spennunni með tárnum hjá fleirum en mér. Þetta var víst einhver þægileg, mild og ef til vill kvenleg útrás. Ég held að ég muni þetta mót lengst af öllum þeim mótum, sem ég hef tekið þátt í til þessa.

Frímánn Helgason,
grein áður birt í Valsblaðinu 1969

Láttu strauminn ráða ferðum þínum, því þangað sem hann fer, þar er bliðan

Stefán Þórarinnsson leikmaður 2. flokks karla og meistaraflokks í knattspyrnu

Fæðingardagur og ár: 25. janúar 1986.
Nám: Menntaskóli nokkur við Hamrahlíð.
Kærasta: Nei, það liggja eyðublöð til umsóknar á skrifstofu KFUM og KFUK.
Einhver í sigtínu: Auðvitað, það er ein sem vinnur í upplýsingabásnum í Kringlunni. Ég set mig alltaf á „Denzel Washington mode“ þegar ég labba fram hjá. Ég held það sé samt ekki að virka. Svo er ein sem maður er að draga inn, ónafngreind en hún veit hver það er.
Hvað ætlar þú að verða: Betlari á götum einhvern stórborgar.
Af hverju fótbolli: Ég held ég hafi séð eitthvað skoppa og ákveðið að sparka í það frekar en að taka það upp og kasta því.
Af hverju Valur: Einhver áhrif frá fjölskyldunni, svo var maður dreginn af félagi á æfingu 5 ára gamall.
Eftirminnilegast úr boltanum: Átti eina rosalega aukaspymu á hnökkamóti Stjórnunar í 7. fl. og kliður fór um leikvanginn.
Ein setning eftir tímabilið: Tíu í röð, góðan daginn.
Skemmtilegustu mistök: Man vel eftir einu atviki þegar ég var smápati í videoleigu með föður mínum. Við vorum að velja okkur kvikmynd og ég svona missti sjónar af honum eitt augnablik á meðan ég velti fyrir mér Rambóurvalinu (skemmtilegar teiknimyndir, mjög heilbrigðar fyrir ungiðin). Ég tek hins vegar ekki eftir því að pabbi labbar frá og byrjar að skoða annan rekka. Svo skemmtilega vildi til að annar maður stillti sér upp á sama stað. Ég tek lítið eftir því niðursokkinn í spólurnar, og gríp svo utan um lærið á honum, krefst þess að fá Rambo 4. Ég lít hins vegar ekkert upp og held enn þá um lærið á maninum þéttingsfast, sem veit ekkert hvað þessi rjúkandi geðsjúklingur sé að gera, að þreifa á læri hans án þess að bjóða honum út að borða eða jafnvel í bíó. Svo eftir svona mínútu og ekkert svar lít ég upp sé að þetta er

bara einhver bláókunnugur maður. Ég líklega um 5 ára hleyp burtu og fer eins og sönnnum karlmanni er lagið, að hágráta. Ansi skemmtilegt.
Mesta prakkarastrik: Var plataður í að gleypa þunglyndispillur þegar ég var um að mig minnir 10 ára. Á næstu æfingu kom húsvörður Hlíðaskóla þar sem æfingin var og sagði að það hefðu verið teknar stórhættulegar pillur frá einum manni sem hefði verið hér á æfingu á eftir okkur síðast. Svo sagði hann okkur að þeir sem hefðu gleypst þær myndu bíða bráður bani og ættum að segja frá því strax. Ég þorði hins vegar ekkert að segja og labbaði grátandi heim og var ekki frá því að líf mitt yrði varla deginum lengra.
Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Ásmundur.
Hvað lýsir þínum húmor best: Ein mynd gerir það. Ancorman: The Legend of Ron Burgundy.
Flygustu orð: The word of the wise, is the bird of lies?
Mottó: Láttu strauminn ráða ferðum þínum því þangað sem hann fer þar er bliðan.
Fyrirmynd í boltanum: Adriano, hann er hin mannlega vél.
Leyndasti draumur: Snúa mér að samhæfðum sunddansi eftir boltann.
Við hvaða aðstæður líður þér best: Líður ágætlega með boltann á miðjunni og vil helst hafa hann full lengi, en þó hefur rúmið sitt aðdráttarafl.
Hvaða setningu notarðu oftast: Hann er fínasti gaur.
Skemmtilegustu gallarnir: Ég á það til að stríða fólki, stór galli sem ég hef mjög gaman að.
Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: „Húrt maður“ sagt af einum strák í sumarþúðunum sem ætlaði að segja hin fleygu orð „Þú ert maður.“

Fullkomið laugardagskvöld: Rómó pottur með strákunum hjá Birni Steinari.
Hvaða flík þykir þér vænst um: Köflóttu náttbuxurnar mínar.
Besti söngvari: James Maynard Keenan.
Besta hljómsveit: A Perfect Circle.
Besta bíómynd: The Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Kaufman klikkar ei.
Besta bók: Catcher in the Rye eftir J.D. Salinger.
Uppáhaldsvefsíðan: www.mh.is , tjékka á forföllum kennara.
Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Chelsea F.C. að sjálfsgögðu, hvernig spyrðu?
Eftir hverju sérðu mest: Að hafa ekki lært á hljóðfæri þegar ég var lítill.
4 orð um núverandi þjálfara: Ég hef haft hann í full stuttan tíma til að geta lýst honum með svo fáum orðum en maður verður að reyna. Þjáll, argur, smár, knár.
Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Setja mig í byrjunarlið meistaraflokks. Þá er bikarinn vís.



Þjálfun í yngri flokkunum þarf að vera markvissari

Dórothe Guðjónsdóttir leikur handbolta með 2. flokki

Dórothe er 17 ára gömul og hefur æft frá 6 ára aldri með Val. Hún valdi Val því það var stutt að fara og bróðir hennar, Snorri Steinn Guðjónsson var líka að æfa.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við handboltanum?**

„Ég hef fengið mikla hvatningu frá bæði mömmu minni og pabba. Þau mæta einna helst á leiki þegar ég er að keppa og það er ekki laust við að pabbi (betur þekktur sem íþróttafréttamaðurinn Gaupi) lumi á einhverri ræðu eða góðum ráðum þegar leiknum er lokið, enda gamall refur í boltanum og veit yfirleitt betur. Ég tel mjög mikilvægt að þau styðji mig sérstaklega þegar það gengur ekki alltof vel þá er ágætt að fá klapp á bakið því það hvetur mann áfram.“

– **Hvernig gengur ykkur?**

„Það hefur gengið fyrir ofan garð og neðan hjá okkur. Það hefur verið mikið um þjálfaraskipti, þannig að sumarið var ekki nógu gott en við æfðum samt eitt-hvað fram í júní sem er betra en oft áður. Þá misstum við þjálfarann okkar og núna er bara að vona að gott tímabil sé framundan. Hópurinn er annars góður, skemmtilegar stelpur og mjög samheldinn mundi ég segja.“

– **Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

„Það er eitt skipti sem er mjög minnisstætt, það er þegar við vorum inni í klefa eftir æfingu og Auður spurði Áslaugu hvort hún væri ekki með hrygg? Einnig má nefna að Pétur þjálfari skrifaði lengi vel nafnið mitt vitlaust á skýrsluna, þ.e. Dórothe The Guðjónsdóttir en það hefur verið hlegið mikið að Pétri eftir þetta.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í handboltanum?**

„Það mun vera Ólafur Séfánsson.“

– **Hvað þarf til að ná langt í handbolta eða íþróttum almennt. Hvað þarft þú helst að bæta hjá þér sjálfri?**

„Það er að æfa meira en aðrir, það er það sem gefur manni mest. Það sem ég þarf að gera er að bæta formið og styrkja mig og vera sterkari maður á móti manni.“

– **Hvers vegna handbolti, hefur þú æft aðrar greinar?**

„Já ég hef æft fótbolta sem ég sé mjög eftir að hafa hætt á sínum tíma, en handbolti var einfaldlega skemmtilegri.“

– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar í handbolta og lífinu almennt?**

„Ég myndi gjarnan vilja keppa í útlöndum samhliða einhverju framhaldsnámi.“

– **Er einhver þekktur Valsari í fjölskyldu þinni?**

„Já, það mun vera hann bróður minn Snorri Steinn Guðjónsson. Annars var pabbi þjálfarinn minn hálf tímabil þegar hann og Gústi Jóhanns tóku okkur að sér.“

– **Hvaða hugmyndir hefur þú um að fjölga iðkendum í kvennahandbolta hjá Val?**

„Það sem ég held að þurfi að gera er að vera með markvissari þjálfun upp yngri flokkana. Það er allt of mikið um það að það séu nýir þjálfarar frá ári til árs. Þegar ég var að ganga upp yngri flokkana var ég með eina 5 þjálfara sem allir höfðu sinn eigin þjálfarastíl þannig að maður var alltaf að ganga í gegnum það sama frá ári til árs. Svo er það félagslega hliðin sem verður alltaf að vera til staðar, þjálfarar og þeir sem standa að flokknum eiga að vera duglegir við að gera eitthvað skemmtilegt með hópnum annað en bara að mæta á æfingar.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Valur var stofnað 11. maí 1911 af Friðriki.“



Ég þarf að bæta driplið

Páll Fannar Helgason leikur körfubolta með 10. flokki

Páll Fannar Helgason er 15 ára gamall og hefur æft í 2 ár með Val og segist hafa valið félagið vegna þess að í Val er mun meiri samkeppni en í Ármanni/Þrótti og í Val er mikill metnaður. Síðan er ég auðvitað Valsari!

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við körfuboltann?**

„Ég hef fengið frábæran stuðning frá pabba og mömmu. Pabbi mætir á alla leiki sem hann getur og síðan æfði hann líka íþróttir þannig að hann hefur mikið vit á körfubolta og íþróttum. Hann reynir alltaf að kenna mér eitthvað.“

– **Hvernig gengur ykkur og hvernig er hópurinn?**

„Okkur gekk mjög vel í fyrsta móttinu en við unnum alla leikina og komumst upp í B- riðil í 9. flokki. Í ár ætlum við okkur upp í A- riðil enda höfum við allveg mannskapinn í það. Síðan voru einnig nokkrir strákar að spila með 10. flokknum. Okkur gekk frábærlega þar en við urðum Reykjavíkumeistarar og bikarmeistarar og við lentum einnig í 2. sæti í Íslandsmóttinu. Hópurinn hefur bætt sig mikið frá því í fyrra.“

– **Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

„Það skemmtilegasta var þegar við vorum að spila við Grindavík ég tók innkast og gaf á Hjalta. Hann sneri sér bara við og skoraði í eigin körfu og okkur fannst það virkilega fyndið eftir leikinn!“

– **Áttu þér fyrirmyndir í körfuboltanum?**

„Mín fyrirmynd innan sem utan vallar er Tony Parker hjá San Antonio Spurs en hann er frábær leikmaður.“

– **Hvað þarf til að ná langt í körfubolta eða íþróttum almennt. Hvað þarft þú helst að bæta hjá þér sjálfum?**

„Maður þarf að hafa

metnað og alltaf að leggja sig 100% fram á æfingum. Svo verður maður að æfa sig eitthvað sjálfur. Ég þarf helst að bæta driplið og ég er búinn að vera að bæta skotið mitt.“

– **Hvers vegna körfubolti?**

„Ég byrjaði að æfa fótbolta þegar ég var 5 ára gamall en skipti síðan yfir í körfubolta þegar ég var kominn í 7. bekk. Mér finnst körfubolti vera langskemmtilegasta íþróttin. Karfan er einnig virkilega fjölbreytt íþrótt og margt sem maður getur lært af henni.“

– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar í körfubolta og lífinu almennt?**

„Mínir draumar eru að spila í

meistaraflokki hjá Val og sjá síðan hversu langt ég kemst. Ég er viss um að með mikilli æfingu er aldrei að vita hvert maður kemst.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Séra Friðrik 11. maí 1911.“



Ég vil alltaf vinna, bæði í fótbolta og kana

Laufey Ólafsdóttir besti knattspyrnumaður ársins

Laufey Ólafsdóttir varð Íslandsmeistari sumarið 2004 með Val í kvennaknattspyrnu og er besti knattspyrnumaður ársins í kvennaflokki að mati leikmanna úrvalsdeildar. Laufey er einungis 23 ára, en hefur átt einstaklega glæsilegan og fjölbreyttan feril í knattspyrnu og unnið til fjölda titla bæði í yngri flokkum og í meistara-flokki. Hún lék 13 ára sinn fyrsta landsleik með U17 en er nú fastamaður í byrjunarliði kvennalandsliðsins og með elstu leikmönnum í nýju gullaldarliði Vals þrátt fyrir ungan aldur. Ferill hennar er litríkur og einnig hefur hún átt við erfið meiðsli að stríða en einkenni hennar er að gefast aldrei upp.

„Það var ólýsanleg tilfinning, æðislegt að vera á uppskeruhátíð KSÍ í haust og heyra nafnið sitt kallað upp, rosalega gaman,“ segir Laufey aðspurð um tilfinninguna að vera kjörin besti knattspyrnumaður ársins í kvennaflokki, fyrst Valskvemma í mörg ár. „Maður fær aukinn metnað við svona viðurkenningar. Það kom mér ekkert sérstaklega á óvart að vera valin í lið ársins en að vera kjörin knattspyrnumaður ársins í kvennaflokki, það kom mér skammtilega á óvart, ég bjóst ekkert sérstaklega við því að fá þessa viðurkenningu,“ segir Laufey hógvæðin uppmáluð.

Laufey Ólafsdóttir er fædd 1981 og ólst upp í Breiðholti og býr núna ásamt Ólafi unnusta sínum í íbúð sem þau keyptu í sumar. Móðir hennar er Sigríður Sigurbjörnsdóttir og faðir Ólafur Guðjónsson sem að sögn Laufeyjar voru lítið sjálf í íþróttum. Hún á einnig tvö systkini, Kristínu sem er að ljúka lögfræðinámi og á lítinn 5 mánaða strák, Arnór Atla, sem Laufey vonar að verði fótboltakappi með Val. „Systir mín var ekki mikið fyrir íþróttir og vorum við því eins og svart og hvítt að því leyti. Bróðir minn Guðjón er fæddur 1978 og



Laufey Ólafsdóttir besti leikmaður Íslandsmótsins 2004 í baráttu um boltann á móti Breiðablik. (FKG)

var líka í fótbolta með Leikni á yngri árum en spilar í dag með utandeildarliði,“ segir Laufey og brosir. Laufey vinnur í dag sem sölumaður hjá Gæðafæðu og gengur vel að samræma vinnuna og aðaláhugamálið fótboltann.

Einstakt tímabil 2004 með frábærum þjálfara

Laufey telur að þessi frábæri árangur Valsliðsins á síðasta tímabili sé mjög mikið Elísabetu Gunnarsdóttur (Betu) að þakka, en Elísabet var á lokahófi KSÍ kjörin þjálfari ársins og hefur orðið gífurlega reynslu af þjálfun. „Beta byrjaði mjög markvisst í fyrrahaust að byggja upp liðið, fór vel yfir það sem þyrfti að bæta hjá liðinu og einnig hjá hverri stelpu sérstaklega. Við fórum t.d. síðasta haust eina helgi upp á Laugarvatn, fórum yfir allt sviðið, settum okkur markmið og funduðum dag og nótt til að undirbúa

okkur fyrir tímabilið. Hugarfarið breyttist og við fórum að trúa því sjálfar að við værum með besta liðið og Beta stimplaði inn í hausinn á okkur að við værum bestar. Hún þekkti flestar stelpurnar í liðinu og hafði þjálfað þær í yngri flokkunum, þjálfaði mig t.d. í 3. flokki, Hún hefur lagt sig 110% fram í vinnu fyrir liðið og uppskeran hefur verið eftir því. Hópurinn nær ógeðslega vel saman, við erum allar vinkonur og erum mikið saman fyrir utan æfingar og leiki og engin vandamál hafa komið upp. Okkur finnst líka rosagaman að spila fótbolta og njótum þess virkilega og það skiptir líka miklu máli ef árangur á að nást. Beta leggur mikið upp úr einstaklingsþjálfun og einstaklingsbundnum markmiðum fyrir hvern leikmann og hún hefur hjálpað mér mjög mikið og einnig öðrum. Hún vill hafa samkeppni um allar stöður í liðinu og við það leggjum við okkur allar meira fram á æfingum og komum



„Krakkar eiga a.m.k. að taka þrjár aukaæfingar á viku, það er ekki bara nóg að mæta á æfingar,“ segir Laufey.

grimmari í leiki,“ segir Laufey og er greinilega mjög ánægð með þjálfara liðsins.

Frábærir stuðningsmenn í sumar

„Við höfðum líka sérstaklega góða stuðningsmenn í sumar sem við höfum aldrei haft áður, margir áhorfendur mættu á leikina og hvöttu okkur til dáða og það var ómetanlegt fyrir liðið að finna stuðninginn. Strákarnir með trommurnar mættu t.d. á nánast hvern einasta leik með liðinu og rifu upp stemninguna. Ég man aldrei eftir svona mörgum áhorfendum á kvennaleikjum með Val og í sumar. Við auglýstum líka mikið fyrir leikina og uppskeran var eftir því. Ég held að áhorfendum eigi eftir að fjölga í kvennaboltanum til muna á næstu árum þar sem boltinn er alltaf að verða hraðari, stelpurnar tekniskari og með fjölgun iðkenda í yngri flokkum fjölgar vonandi sterkum liðum og um leið fjölgar spennandi leikjum,“ segir Laufey bjartsýn fyrir hönd kvennaknattspyrnu. Laufeyju finnst einnig mikilvægt að iðkendur í yngri flokkunum mæti á leiki bæði hjá meistaraflokki karla og kvenna.

Meistarar í fögnum

„Fyrir fyrsta leik fórum við upp í sumar-bústað til Betu að borða og undirbúa okkur fyrir leik. Þá datt okkur í hug að æfa nokkur fögn og það vakti mikla lukku í leiknum þegar við fögnuðum mörkum okkar. Síðan urðum við að

halda áfram og fyrir hvern leik þá komum við með hugmyndir að fögnum og æfðum þau og það myndaðist skemmtileg stemning í hópnum í tengslum við þessi fögn. Stuðningsmönnum okkar fannst þetta líka mjög skemmtilegt.“

Björt framtíð hjá meistaraflokki Vals

„Mér finnst framtíðin mjög björt í meistaraflokki Vals á næstu árum, hópurinn er alltaf að styrkjast og öðlast meiri reynslu og það er frábær viðbót að fá Elínu Svavars aftur heim og Margréti Láru Viðarsdóttur í hópinn frá ÍBV. Síðan er spennandi verkefni að taka þátt í Evrópukeppni á næsta ári en þar ætlum við okkur stóra hluti. Ég er viss um að við eigum eftir að vinna marga titla á næstu árum ef rétt er haldið á spilunum,“ segir Laufey ákveðið.

Meiri áherslu á góða þjálfun í yngri flokkunum

Laufeyju finnst mjög mikilvægt að leggja áherslu á uppbyggingu í yngri flokkunum þannig að stelpur séu tilbúnar að koma upp í meistaraflokk þegar kallið kemur. „Mér finnst t.d. mikilvægt að hafa góð tengsl milli meistaraflokks og 2. flokks og gefa þeim sem hafa nægjanlegan metnað tækifæri með meistaraflokki. Mér fannst t.d. 2. flokkur Vals í skelfilegu formi í sumar enda var árangur flokksins í samræmi við það. Þetta þarf að bæta og leggja áherslu á markvissa þjálfun og ala upp metnað í stelpunum. Annars finnst

mér margt gott að gerast í yngri flokkunum, t.d. í 3. flokki í sumar og ég veit að iðkendum hefur fjölgað heilmikið en það verður að leggja áherslu á að fá eins góða þjálfara og hægt er á yngstu flokkana til að kenna krökkunum fótbolta og byggja upp liðsheild.“

Skilaboð til yngri krakkanna

Laufey hugsar sig vel um áður en hún svarar því hvaða heilræði hún vilji gefa krökkum sem eru að æfa fótbolta. Hún vill í fyrsta lagi hvetja iðkendur að vera duglega að æfa sig, í öðru lagi hugsa vel um mataræði og fá nægjanlegan svefn. Síðast en ekki síst hvetur hún iðkendur alment til heilbrigðs lífennis og lífsstíls. „Krakkar eiga a.m.k. að taka þrjár aukaæfingar á viku, spyrja þjálfarann hvað þurfi að bæta og fara síðan út og æfa sig reglulega, t.d. halda bolta á lofti, rekja bolta, senda, skjóta á mark en í fótbolta sem öðru þá skapar æfingin meistaran og það er ekki nóg að mæta bara á æfingar. Mér finnst að krakkar mættu vera miklu duglegri að fara út í fótbolta en það er víða hægt að finna blett til að æfa sig. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli,“ segir Laufey og leggur þunga áherslu á orð sín.

Stuðningur meistaraflokksmanna við yngri flokkanna

Laufey telur að stelpurnar í meistaraflokki geti t.d. skipt sér niður yfir veturinn og mætt á æfingar hjá yngri flokkunum, t.d. einu sinni í viku og hjálpað til á



„Mér finnst framtíðin mjög björt í meistaraflokki Vals á næstu árum,“ segir Laufey. (FKG)

æfingu í samráði við þjálfara og jafnvel tekið að sér að stjórna einni og einni æfingu. „Við gætum líka mætt á leiki hjá stelpunum þegar við höfum tíma og fylgst með þeim og hvatt þær áfram. Ég er viss um að yngri krakkarnir leggja sig enn meira fram á æfingum og leikjum ef við styðjum þá og hvetjum áfram. Við gætum með þessu móti aukið tengslin við yngri flokkana og einnig hvatt krakkana að mæta á leiki hjá okkur.“

Byrjaði með strákunum í Leikni

Talið berst aftur að uppvexti og æsku Laufeyjar í Breiðholtinu. Hún segist hafa verið algjör strákur á yngri árum og að bestu vinir hennar hafi verið strákar. „Ég var alltaf að leika við strákana og þegar þeir fóru á æfingar hjá Leikni horfði ég bara fyrst á en smám saman fór ég að detta í þetta með þeim. Það gekk rosavel og ég æfði með strákunum í 6. og 5. flokki og fór með þeim á öll mót, t.d. Essómót og meira að segja í æfingaferð til Færeyja. Strákunum í hinum liðunum þótti sumum skrytið að spila á mótí stelpu, sérstaklega þegar ég lék á þá og skoraði, þeir urðu sumir frekar spældir man ég. Ég var alltaf eina stelpa í liðinu og ég man ekki eftir að hafa leikið á mótí stelpum á þessum tíma. Í 4. flokki var mér bannað að keppa með strákunum samkvæmt reglum KSÍ held ég. Það var rosalega spælandi og ég fór að leita að liði með kvennafótbolta, það kom ekki til greina að hætta í fótbolta. Mér finnst þó enn þann dag í dag gaman að spila með strákunum og hef í gegnum tíðina oft mætt á æfingar með mínum gömlu félögum úr Leikni. Það var frábært að æfa með strákunum og ég bý alla tíð að því.“

Eftirminnilegt atvik með strákunum í Leikni

„Ég man eftir atviki úr leik í 5. flokki á mótí Keflavík sem lýsir mér vel. Ég var búin að sóla einn strákinn úr Keflavík og hann var orðinn mjög pirraður á mér og eitt skiptið þegar ég var kominn fram hjá honum greip hann í treyjuna mína og hélt mér. Ég snöggreiddist, snéri mér við og kýldi hann á kjaftinn og allir gerðu grín að honum að láta stelpu slá sig, en hann gekk grátandi út af vellinum. Ég fékk ekki einu sinni spjald af því að ég var stelpa. Þessi saga situr í mér,“ segir strákastelpa Laufey og finnst greinilega gaman að rifja strákátímabilið upp.



Valsstelpurnar fagna einu af fjölmörgum mörkum sínum í sumar á sinn skemmtilega hátt. Meistarar í fögnum. Engin tvö fögn eins. (FKG)

Tólf ára tuddi í 4. flokki Vals

Þegar Laufey fékk ekki lengur að keppa með strákunum hvöttu vinir hennar hana til að halda áfram í fótbolta. Hún leitaði fyrst að kvennabolta í nágrenninu, bæði hjá ÍR og Fylki en þar var ekkert að gerast. Hún athugaði líka Breiðablik en strætósamgöngur þangað voru slæmar. Hjá Fram var enginn kvennabolti og eftir stóð valið á milli KR og Vals og KR var lengra í burtu og þá var Valur eina félagið sem kom til greina. „Ég byrjaði í 4. flokki Vals 1992 og það voru mikil viðbrigði að byrja að æfa og keppa með stelpunum, maður gat nánast gert allt sem maður vildi og stelpurnar kvörtuðu undan mér og sögðu mér að tuddast ekki svona mikið og ekki skjóta svona fast á markið. Í þessum hópi voru t.d. Rakel Logadóttir og Erna sem eru enn þá að æfa í dag og Þóra Helgadóttir sem síðan fór í Breiðablik. Þegar ég var á gelgjunni bannaði ég foreldrum mínum að mæta á völlinn, en í dag koma þau á alla leiki sem þau geta og eru þau bæði orðnir miklir Valsarar,“ segir Laufey stolt.

Í sannkölluðu gulliði í 3. flokki

Laufey telur að skemmtilegasti tíminn í yngri flokkunum með Val hafi verið í 3. flokki þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir var að þjálfra liðið. „Við unnum hreinlega allt á þessum árum og vorum með langbesta liðið á landinu. Ég fór á tvö þæjumót í Vestmannaeyjum í 3. flokki og fékk Lárusarbikarinn sem var veittur í fyrsta

sinn, þ.e. var kosin besti leikmaður mótsins og fannst það mikill heiður. Rakel og Erna voru í þessum sigursæla hópi og einnig spilaði Friða (Málfríður Erna) með okkur, lék upp fyrir sig. Ég fór síðan fljótlega að leika með meistaraflokki Vals, fór eiginlega beint í meistaraflokk úr 3. flokki,“ segir Laufey og finnst ekki leiðinlegt að rifja þetta tímabil upp.

Slæm meiðsli og erfiður tími

Laufey meiddist illa í maí 1999 í undanúrslitum í deildarbikar í leik við Hauka á gervigrasinu á Ásvöllum. Laufey man greinilega vel eftir þessum afdrifaríka atburði og segir: „Ég man vel eftir að ég lenti eitthvað illa og heyrði brak, fór út af, fékk kælisprey og var sett aftur inn á, lenti fljótlega í smátæklingu og þá fór allt í klessu í hnénu og smellurinn eða brakið sat lengi í hausnum á mér á eftir, fyrst fór liðþófinn og síðan slitnuðu krossböndin. Þetta var rosaerfitt, viku fyrir byrjun Íslandsmótsins og ég missti alveg af öllu tímabilinu og var eitt ár að jafna mig af þessum meiðslum. Ég var alveg miður mín þetta sumar og vildi ekki einu sinni koma að horfa á leiki hjá stelpunum, þetta var rosalega erfitt tímabil hjá mér, ég hafði hreinlega lifað fyrir fótbolta frá unga aldri. Þetta ár gerði ég ýmislegt annað, ferðaðist t.d. mikið, kynntist Óla mínum en var samt alltaf staðráðin í að halda áfram að spila fótbolta, ekki gefast upp,“ segir Laufey ákveðið en finnst sárt að rifja þetta tímabil upp.

Leiðin lá í Breiðablik árið 2000

Eftir að Laufey fór að lagast af meiðslunum gekk hún til liðs við Breiðablik þar sem henni fannst Valsmenn ekki koma nægjanlega vel fram við sig og styðja við bakið á sér á þessu erfiða meiðslatímabili. „Það var tekið rosavel á móti mér í Breiðablik og ég fékk mikla hjálp við að ná mér upp úr meiðslunum og þar var ég í tvö frábær ár 2000 og 2001 undir stjórn Jöra (Jörundar Áka Sveinssonar) og urðum við Íslandsmeistarar bæði árin og einnig bikarmeistarar fyrra árið. Ég var mjög ánægð hjá Breiðablik og fannst félagið styðja vel við kvennaknattspyrnu á þessum árum, svipað og er nú að gerast hjá Val á síðustu árum,“ segir Laufey.

Síðan í ÍBV 2002

Þegar Elísabet Gunnarsdóttir tók við þjálfun meistaraflokks kvenna hjá ÍBV árið 2002 hafði hún samband við Laufeyju og Rakel sem slógu til og fóru með Betu til Eyja og þar bjó Laufey eitt sumar og lék jafnframt með ÍBV. Hún segist hafa kynnst mörgu ágætis fólki í Eyjum og það var mikil stemning í kringum fótboltann, bæði hjá stelpum og strákum. „Það setti hins vegar leiðinlegan svip á þetta sumar hvernig ÍBV kom fram við Betu þannig að hún varð að hætta að þjálfra liðið. Ég kláraði minn samning en Rakel hætti fyrr og fór til Bandaríkjanna. Þetta var mjög erfitt sumar fyrir okkur en við lærðum allar heilmikið af þessu, eftir



Ég þarf alltaf að passa hnéd og vera dugleg að gera styrktaræfingar. (FKG)

á að hyggja,“ segir Laufey en henni finnst greinilega erfitt að rifja upp þetta tímabil.

Aftur heim í Val 2003

„Eftir Eyjaeivintýrið langaði mig að koma aftur í Val þar sem margar vinkonur mínar voru og mig langaði að klára ferilinn hér og nú hef ég spilað tvö tímabil með Val, fyrst undir stjórn Helenu og síðan undir stjórn Betu. Eftir tímabilið 2003 íhugaði ég að hætta alveg að spila fótbolta þar sem gömlu hnémeiðslin háðu mér og ég var orðin mjög slæm í fyrrahaust. Ég talaði þá við Betu og sagðist

a.m.k vera að íhuga alvarlega að taka mér frí í eitt ár, en hún talaði mig til að halda ótrauð áfram. Ég sé ekki eftir því og nú kemur ekkert annað til greina en að halda áfram á fullu en ég þarf alltaf að passa hnéd á mér, vera dugleg að gera styrktaræfingar. Mér finnst í dag æðislegt að vera hluti af þessum frábæra stelpnahópi hjá Val sem á örugglega eftir að halda áfram á sigurbraut á næstu árum ef rétt er haldið á málum,“ segir Laufey skælbrosandi.

Litrikur og langur landsliðsferill

Laufey og Þóra Helga byrjuðu 13 ára gamlar með U17 ára landsliðinu og léku með því í fjögur ár, og eru líklega þær yngstu sem hafa leikið með því landsliði. Laufey lék lítið með U19 landsliðinu vegna hnémeiðslanna en byrjaði mjög ung í U21 og fór síðan 1997, 16 ára gömul, sína fyrstu ferð með A landsliðinu til Bandaríkjanna. Síðustu tvö árin hefur Laufey síðan verið í byrjunarliði landsliðsins. „Eftirminnilegasta ferð mín með A landsliðinu er til Bandaríkjanna í ár þegar við lékum tvo landsleiki við geysisterkt landslið þeirra fyrir framan meira en 20 þúsund áhorfendur. Fyrri leikurinn var sérstaklega eftirminnilegur, þrátt fyrir að hafa tapað 4-3. Það var ekkert smá-gaman að skora jöfnunarmarkið á móti þeim 3-3, en jafnsárt að tapa leiknum þegar þær skorðu sigurmarkið þegar 2 og hálf mínúta var komin fram yfir leiktímann. Umgjörðin í kringum kvennafótbolta í Bandaríkjunum er alveg frábær.



Eftirminnilegast var að spila við geysisterkt lið Bandaríkjanna fyrr á þessu ári. (FKG)

Síðan er auðvitað frábært hversu margar Valsstelpur eru í landsliðshópnum núna, en helmingur hópsins eru núna Valsmenn og einnig Margrét Lára Viðarsdóttir sem er að koma til okkar og Katrín Jónsdóttir sem lék með okkur í sumar. Ég held að í byrjunarliði hjá Val hafi allar leikið landsleik,“ segir Laufey stolt af Valsstelpunum.

Evrópukeppni á næsta ári

Næsta stóra markmið Valsliðsins er að leika í Evrópukeppninni á næsta ári og þar ætlar félagið sér stóra hluti. Hún segist vera búin að prófa allt annað í kvennafótbolta, hef leikið með öllum yngri landsliðum og A landsliðinu, orðið Íslands- og bikarmeistari í meistaraflokki og í yngri flokkum og leikið í undankeppni Evrópumóts og heimsmeistaratóts. „Það verður frábært tækifæri að reyna fyrir sér í Evrópukeppninni með Val. Ég hef hins vegar ekki áhuga á því að fara til Bandaríkjanna að spila fótbolta en ég hef fengið tilboð frá skólum, en ég hef bara ekki áhuga. Auðvitað væri gaman að prófa eitthvað nýtt en mér finnst í dag nægjanlega ögrandi að spila með Valsliðinu og landsliðinu og spennandi að halda áfram á þeirri braut,“ segir Laufey að lokum og það er greinilegt að keppnisskapið og metnaðurinn er til staðar hjá þessum frábæra knattspyrnumanni. Einnig finnst henni mjög spennandi tímar framundan hjá Val með uppbyggingu nýrra íþróttamannverkja og er greinilega full bjartsýni fyrir hönd félagsins.

Fyrsti Íslandsmeistararitill frá 1989 í meistaraflokki og bjart framundan

Skýrsla knattspyrnudeildar 2004

Stjórn knattspyrnudeildar Vals starfsárið 2003-2004 skipa:

E.Börkur Edvardsson, *formaður*
Jón Grétar Jónsson, *varaformaður*
Guðjón Ólafur Jónsson
Kjartan Georg Gunnarsson
Jón S. Helgason
Eggert Þór Kristófersson
Björn Guðbjörnsson,
formaður kvennaráðs
Jón Höskuldsson,
formaður unglíngaráðs

Á nýliðnu starfsári störfuðu í unglíngaráði, auk formanns Jóns Höskuldssonar, þau Bára Bjarnadóttir, Gríma Huld Blængsdóttir, ritari, Guðni Olgeirsson, gjaldkeri, Marta María Stefánsdóttir og Sigurður Haraldsson. Sú breyting verður nú á skipan ráðsins að Bára Bjarnadóttir lætur af störfum og í stað hennar kemur Jónína Ingvadóttir nú til starfa í unglíngaráði.

Starf unglíngaráðs var að vanda viðamikilið en verkin unnust vel undir styrkri leiðsögn Jóns Höskuldssonar formanns. Unglíngaráð knattspyrnudeildar Vals hefur yfirumsjón með starfi yngri flokka Vals, annast m.a. ráðningar þjálfara og markar stefnu fyrir starfsemi yngri flokka félagsins í knattspyrnu. Einnig leggur unglíngaráðið áherslu á góð tengsl við foreldra iðkenda, vímuvarnir og fjölbreytta félagsstarfsemi í öllum flokkum, m.a. til að vinna gegn brottfalli úr íþróttaiðkun.

Á liðnu starfsári störfuðu 18 þjálfarar við 9 flokka iðkenda, bæði aðalþjálfarar og aðstoðarþjálfarar með skriflega samninga til eins eða tveggja ára. Nokkur breyting verður á skipan þjálfara nú á þessu hausti:

Ólafur Brynjólfsson hættir sem þjálfari 3. fl. kv. og við tekur Soffía Ámundadóttir, sem Valsmenn þekkja, enda hefur hún séð um Sumarbúðir í borg.

Þá hættir Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir þjálfun 4. fl. kv. og við tekur Margrét Jónsdóttir fyrrum leikmaður meistaraflokks.

Þá hefur verið stofnaður 7. fl. kv. og mun Rakel Adolphsdóttir verða þjálfari flokksins, en Rakel hefur verið aðstoðarþjálfari 6. fl. kv.

Sömu þjálfarar munu þjálfa 5. og 6. fl. kv., þær Elísabet Gunnarsdóttir og Lea Sif Valsdóttir.

Guðmundur Brynjólfsson verður áfram þjálfari 3. fl. ka. og Þór Hinriksson þjálfari 4. fl. ka. Gylfi Sigurðsson þjálfaði 5. fl. ka. og svo verður áfram.

Haustið 2003 tók Bjarni Ólafur Eiríksson að sér þjálfun 6. fl. ka. til bráðabirgða meðan leitað var að þjálfara á flokkinn til frambúðar. Á vormánuðum tóku þeir Skúli Sigurðsson og Jónas Hróar Jónsson við störfum sem þjálfarar flokksins.

Þá var Benedikt Bóas Hinriksson þjálfari 7. fl. ka.

Unglíngaráð og stjórn knattspyrnudeildar þakkar þeim þjálfurum sem nú láta af störfum fyrir samstarfið á liðnum árum og óskar öllum þjálfurum velfarnaðar í erfiðu og krefjandi starfi.



Sæunn Sif Heiðarsdóttir 5. fl. kv. á fullri ferð á Gull- og silfurmótinu. (FKG)

Unglíngaráð hefur undirbúið útgáfu á bæklingi til kynningar á starfi allra yngri flokka félagsins, foreldrastarfi og öðru sem máli skiptir. Útgáfunni var frestað í lok sumars og meiningin að gefa út mun veglegra kynningarrit en áður hefur verið gert, með myndum frá mótum sumarsins. Gert er ráð fyrir að hinn nýi bæklingur líti dagsins ljós fljótlega.



Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari meistaraflokk. fl. kvenna spennt á hliðarlínunni. (FKG)

Knattspyrnskóli VALS og SMITH & NORLAND var rekinn með breyttu fyrirkomulagi þar sem áhersla var lögð á einstaklingsþjálfun eldri þátttakenda. Skólastjóri í sumar var Elísabet Gunnarsdóttir og naut hún aðstoðar Guðmundar Brynjólfssonar, Sigurbjörns Hreiðarssonar, Dóru Stefánsdóttur, Jóhönnu Láru Brynjólfsdóttur o.fl.

Uppskeruhátíð deildarinnar 2004 var haldin sunnudaginn 3. október að viðstöddu miklu fjölmenni. Viðurkenningar voru veittar og gerðu þjálfarar grein fyrir gengi flokka sinna. Að lokinni afhendingu viðurkenninga bauð knattspyrnudeild Vals til kaffisamsætis í hátíðarsal félagsins. Sá hátur var hafður á verðlaunaafhendingu yngri flokka Vals í ár að veita öllum iðkendum verðlaunaþening. Að auki er í 4.-7. flokki drengja og 4. -6. flokki stúlkna veitt viðurkenningin „Liðsmaður flokksins.“ Var sú viðurkenning veitt í þriðja sinn í stað viðurkenningarinnar „Leikmaður flokksins.“ Er þetta gert í anda stefnuýfirlýsingar ÍSÍ um barna- og unglíngafyrirbætur og einnig Knattspyrnu- og uppeldisstefnu Vals frá 2002.



Gerður Guðnadóttir, Sæunn Sif og Katrín Gylfadóttir fagna einu af mörgum mörkum sumarsins í 5. flokki. (FKG)

Á uppskeruhátíð yngri flokkanna 2004 var ný viðurkenning veitt í fyrsta sinn.

Um nokkurra ára skeið hafa verið veitt sérstök verðlaun til iðkanda í 3. fl.ka, svonefndur Bernburg-skjöldur.

Ákveðið var af unglingaráði, með tilstyrk stjórnar knattspyrnudeildar að hvíla þá viðurkenningu um sinn og veita „nýja“ viðurkenningu til iðkenda í 3. fl. ka. og kvenna. Leitaði ráðið í þessum efnum til KB banka við Hlemm sem tók mjög fúslega þeirri málaleitan unglingaráðs að kosta verðlaunagrip fyrir þessa viðurkenningu.

Í samtölum formanns unglingaráðs og Þorsteins Ólafs útibússtjóra bankans kviknaði sú hugmynd að kenna þessa viðurkenningu við séra Friðrik Friðriksson og kalla viðurkenninguna „Friðriksbikarinn“ enda við hæfi þar sem nafn hans tengist svo mjög sögu knattspyrnunnar í Val.

Viðurkenninguna, sem er veglegur farandbikar og annar til eignar, skal veita árlega til iðkenda í 3. fl. ka. og kv. sem þykja skara framúr í félagsþroska innan vallar sem utan. Í ár hlutu viðurkenninguna þau Árni Heiðar Geirsson og Bergdís Bjarnadóttir. eru KB banka færðar sérstakar þakkir við aðstoðina. Nánar er fjallað um Friðriksbikarinn annars staðar í blaðinu.

Elvar Már Svansson hafði á starfsárinu umsjón með skipulagi dómarastrarfa. Að dómaramálum þetta árið komu einnig Þórður Jenson íþróttafulltrúi og Sigurður Haraldsson. Einhver fjölgun varð á starfskröftum í þetta óeigingjarna starf en enn má betur gera í þeim málum. Ljóst er að of fáir dómara fást enn til starfa fyrir félagið og er brýnt að fjölga þessum störfum. Mun verða unnið að því áfram.

Valur tók þátt í öllum hefðbundnum mótum á vegum KSÍ og KRR auk annarra móta sem haldin voru af félögum vítt og breitt um landið. 3. fl. kv. var hársbreidd frá því að leika til úrslita á Ís-

landsmótinu, en stúlkurnar töpuðu naumlega í undanúrslitaleik við KA. Þær bættu fyrir tapið með því að vinna gullverðlaun á haustmóti KKR nokkrum dögum síðar. 3. fl. ka. vann sig upp í A-deild Íslandsmótsins. Árangur í 4. fl. ka og kv. olli vonbrigðum þetta árið, enda var árangur flokkanna langt undir öllum væntingum. Urðu flokkarnir neðstir í sínum riðlum á Íslandsmótinu. Við svo búið verður ekki látið standa og ljóst er að framundan er mikið og krefjandi uppbyggingarstarf nýrra þjálfara flokkanna. Öðrum flokkum félagsins gekk mjög vel á þeim mótum sem flokkarnir tóku þátt í, þ.e. 5.-7. fl.

Valur tók í annað sinn þátt í Rey Cup með þeim árangri að 3. fl. varð Rey Cup-meistari.

Í heild má segja að starfið í flokkunum hafi gengið vel þótt ætíð megi bæta árangurinn inni á vellinum.



2. flokkur karla

Árangurinn var frábær hjá strákunum og urðu þeir í 2. sæti á Reykjavíkurmótinu en gerðu gott betur á Íslandsmótinu og sigruðu í B riðil og unnu sér þar með sæti meðal hinna bestu. Þjálfara liðsins Jóhanni Gunnarssyni eru þökkúð góð störf fyrir félagið en hann hefur látið af störfum og við hefur tekið Ólafur Brynjólfsson.



3. flokkur karla

Frábær árangur hjá lærisveinum Guðmundar Brynjólfssonar og Sævars Hjálmarssonar náðist á liðnu sumri og ljóst er að framtíðin er björt hjá þessum strákum. Strákarnir sigruðu með yfirburðum sinn riðil á Íslandsmótinu og munu spila í A deild að ári bæði A og B lið. Jafnframt gerði knattspyrnudeild Vals samning við fyrirlíða flokksins Anton Rúnarsson og er hann þar með yngsti

leikmaður Vals sem gert hefur samning við félagið.



4. flokkur karla

Betur má ef duga skal og ekki skal gefast upp. Ljóst er að drengirnir áttu undir högg að sækja og féllu bæði A og B lið niður í B riðil á Íslandsmótinu. Efniviðurinn er til staðar og með samstilltu átaki þjálfara, unglingaráðs og foreldra eru drengjunum allir vegir færir í framtíðinni. Ljóst er að hlúa þarf að þessum flokki og búa þeim það vel í haginn að árangur náist.



5. flokkur karla

Þarna er góður hópur á ferðinni af framtíðar liðsmönnum hjá Val og ljóst að Gylfi þjálfari er að vinna gott verk. Árangurinn á Íslandsmótinu var ekki mjög góður en ljóst er að tækifærin til að bæta sig eru til staðar og er það jákvætt. Áfram strákar.



6. flokkur karla

Fyrirmyndarstrákar innan jafnt sem utan vallar. Stóðu fyrir sínu í sumar og voru sér og félaginu til sóma hvar sem þeir voru að leik og störfum. Sérstaklega var gaman að fylgjast með strákunum (og foreldrunum) á Shell mótinu í Eyjum og var haft að orði hjá foreldrum stráka annarra liða hve gaman væri í Val. Foreldraráð flokksins var öflugt og margir sem lögðu hönd á plóg og gerðu þar með verkefni sumarsins skemmtileg og lærdómsrík.



7. flokkur karla

Unnu einhvern stærsta sigur sumarsins þegar þeir voru kosnir þrúðasta liðið á Lotto mótinu á Akranesi. Strákarnir voru mjög virkir á félagasvæðinu og mættu nánast á hvern einasta leik hjá m.fl. karla og létu vel í sér heyra. Benedikt Bóas þjálfari er geinilega að vinna gott félagsstarf með strákunum. Öflugt foreldrastarf var í kringum liðið í sumar og greinilega er að við erum að eignast góða hópa af Valsmönnum jafnt ungum sem öldnum.



2. flokkur kvenna

Stelpurnar átta undir högg að sækja mest allt sumarið og kom það mörgum á óvart. Það eru mjög efnilegar stelpur í þessum flokki og ljóst er að hugarfarið hefur eitthvað truflað einbeitingu þeirra. Ein efnilegasta kanttspyrnukona landsins spilar með 2. flokki og jafnframt kom hún við sögu í nokkrum m.fl. leikjum en það er Regína María Árnadóttir. Áfram stelpur og nú er ekkert að gera nema að gera betur og læra af sumrinu. Þór Hinriksson hefur tekið við sem þjálfari flokksins.



3. flokkur kvenna

Stóðu sig frábærlega vel í sumar og vantaði ekki nema herslumun á að Íslandsmeistartitillinn hefði unnist. Stóðu sig vel á öllum mótum og þarna er mikill efniviður á ferðinni. Ólafi Brynjólfssyni þjálfara eru færðar þakkir fyrir störf sín með stelpunum en hann hefur tekið við þjálfun á 2. flokki karla.



4. flokkur kvenna

Líkt og hjá strákunum í 4. flokki þá átta stelpurnar erfitt uppdráttar í sumar en eru engu að síður bráðefnilegar og með réttu hugarfari þá eru þeim allir vegir færir.



5. flokkur kvenna

Unnu fullt af mótum í sumar og var sérstaklega gaman að fylgjast með þeim. B. lið flokksins náði á árinu sérstaklega góðum árangri og tapaði einungis einum leik. Ljóst er að Beta er að vinna fleiri góð störf hjá Val en bara með meistaraflokkinn. Hörkuflokkur með bjarta og góða framtíð.



6. flokkur kvenna

Mjög efnilegur flokkur sem stóð sig frábærlega í sumar og framtíðin er þeirra, unnu til verðlauna á ýmsum mótum sumarsins. Áfram stelpur.

Unglingaráð hafði ekki neinn sérstakan starfsmann á tímabilinu en naut aðstoðar Þórðar Jenssonar íþróttafulltrúa, Sveins Stefánssonar og Brynju Hilmarsdóttur skrifstofustjóra á skrifstofu félagsins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

Aðalstyrktaraðili unglingaráðs Vals er sem fyrr Smith & Norland ehf. Þá hafa Bræðurnir Ormsson og Landsbanki Íslands hf. styrkt unglingastarf félagsins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Ljóst er að búið er að móta framtíðar-

stefnu og starf í yngri flokkum félagsins. Má um það vísa til tveggja ára Knattspyrnu- og uppeldisstefnu félagsins og nýrrar íþróttanámskrár. Áfram verður unnið að markvissu uppbyggingarstarfi í öllum flokkum félagsins með áhuga, gleði og ánægju að leiðarljósi. Það mun skila betri árangri innan vallar. Löngu er tímabært að auka á ný hróður félagsins með „alvöru“ titli einhvers yngri flokka félagsins.

Kvennaráð

Kvennaráð starfaði ötullega fyrir 2. flokk og meistaraflokk undir forystu Björns Guðbjörnssonar lengi vel framan af - en Björn lét af embætti sem formaður ráðsins á miðju starfsári og sæti hans tók Erla Sigurbjartsdóttir.

Aðrir í stjórn ráðsins eru: Ásta Ingólfadóttir, Margrét Harðardóttir, Stefán Sigurðsson og Brynjólfur Lárentsýsson.

Starf ráðsins gekk mjög vel og óhætt að segja að kvenfólk meistaraflökks Vals hafi verið fótoltasigurvegjarar sumarsins. Sigur á Íslandsmóti náðist hjá stelpunum og þær komust í úrslitaleik bikarkeppinnar. Ljóst er að árangur liðsins undir stjórn Elísarbetar Gunnarsdóttur er frábær og mikið víst að miklar kröfur verða gerðar til liðsins á næsta ári og árum. Leikmannahópur meistaraflökks kvenna verður að mestu leyti óbreyttur en reynt verður að styrkja hann eins og kostur er. Valsstelpum hefur borist gríðarlegur liðsstyrkur fyrir komandi átök en Margrét Lára Viðarsdóttir ein besta knattspyrnukona landsins hefur ákveðið að leika með Val, a.m.k. næsta árið.

Nýtt verkefni bíður stelpnanna á næsta ári sem er þátttaka í Evrópukeppni en langt er síðan Valur hefur tekið þátt í Evrópukeppni í fótbolta.

Mikil og góð stemning náðist á áhorfendapöllumunum í sumar hjá stelpunum og mæting með eindæmum góð. Í fyrsta sinn í sögu kvennafótboltans á Íslandi auglýsti lið leik sinn með heilsíðu auglýsingu í dagblaði og ekki einu sinni heldur tvisvar.

Árangur 2. flokks kvenna var ekki viðunandi á liðnu sumri en í þeim flokki er engu að síður fjöldi efnilegra leikmanna sem vert er að huga að. Flokkurinn leikur í B deild Íslandsmótsins á næsta ári og markmiðið er að komast strax í A deild að nýju þar sem Valur á að vera. Jónas Guðmundsson þjálfari flokksins lætur af störfum og þakkar knattspyrnu-



Háspenna í baráttuleik á móti ÍBV. Hvar er boltinn? (FKG)



á Íslandsmóti og lenti í 2. sæti á Reykjavíkurmóti.

Flokkurinn var fámennur en góðmennur og mikið af efnilegum strákum sem tóku miklum framförum undir stjórn Jóhanns Gunnarssonar þjálfara liðsins en hann hefur látið af störfum og eru honum færðar þakkir fyrir störf sín. Við flokknum hefur tekið Ólafur Brynjólfsson og bindum við miklar vonir við Ólaf. Ólafur

deildin honum fyrir samstarfið á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni. Þór Hinriksson tekur við sem þjálfari flokksins og eru miklar vonir bundnar við störf hans enda á ferðinni gríðarlega reyndur og góður þjálfari.

Valur er og verður vaggva kvennfótboltans á Íslandi og er það ánægjulegt þegar árangur meistaraflokks er jafn glæsilegur og raun var á liðnu sumri og ætti að vera hvatning til að halda áfram á sömu braut.

2. flokkur og meistaraflokkur karla

2. flokkur karla náði góðum árangri á liðnu sumri og vann B-deild

hefur þegar hafið vinnu við að fjölga liðsmönnum í sínum flokki og nú þegar hafa nokkrir efnilegir strákar gengið í Val.

Meistaraflokkur karla stóð sig vel á liðnu sumri og náðu höfuðmarkmiði sínu sem var að sigra 1. deildina og spila meðal hinna bestu að nýju.

Nýir leikmenn voru fengnir þeir Þórhallur Hinriksson, Baldur Aðalsteinsson, Jóhannes Gíslason og Garðar Gunnlaugsson, tveir leikmenn yfirgáfu herbúðir okkar þeir Guðni Rúnar Helgason og Ármann Smári Björnsson.

Á vormánuðum lofaði liðið góðu og sigraði meðal annars á móti sem fram fór á Spáni, Canela Cup og stóð sig vel í Deildarbikar og Reykjavíkurmóti. Sigur vannst á Íslandsmóti 1. deildar.

Þjálfari liðsins Njáll Eiðsson hefur látið af störfum og vill knattspyrnudeildin þakka honum góð störf og ánægjuleg samskipti.

Við Valsliðinu hefur tekið einn sigursælasti þjálfari landsins Willum Þór Þórsson og hefur hann þegar hafið störf. Mikill ánægja er innan stjórnar með ráðningu Willums og er honum ætlað að staðsetja meistaraflokks Vals í efri hluta úrvalsdeildar á komandi árum. Vinna stendur yfir í leikmannamálum og bjartsýni er á að allir leikmenn haldi áfram



Meistaraflokkur karla 2004. Efsti röð frá vinstri: Stefán Helgi Jónsson, Árni Ingi Pjetursson, Þórhallur Hinriksson, Garðar Gunnlaugsson, Jóhann Möller, Baldur Aðalsteinsson, Hálfán Gíslason, Jóhann Hreiðarsson, Einar Óli Þorvarðarson. Miðri röð frá vinstri: Njáll Eiðsson, Sveinn Stefánsson, Magnús M. Jónsson, Þórir S. Hreiðarsson, Birkir Sævarsson, Kristinn Lárússon, Ólafur P. Gunnarsson, Gunnar O. Asgeirsson, Þorkell Guðjónsson, Matthías Guðmundsson, Friðrik E. Jónsson, Halldór Eyþórsson, Jón Grétar Jónsson. Neðsta röð frá vinstri: Bjarni Ó. Eiríksson, Baldvin J. Hallgrímsson, Kristinn G. Guðmundsson, Sigurbjörn Hreiðarsson, Ógmundur Rúnarsson, Bergur Bergsson, Sigurður S. Þorsteinsson. Ljósmynd: Finnur Kári Guðnason.



Baldvin Hallgrímsson sakleysið uppmálað. Ég gerði ekki neitt. Hart barist í úrslitaleik Íslandsmótsins innanhúss á móti KR sem Valmenn unnu frækilega 2-1. Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði fylgisti með. (FKG)

og verið er að endursemjast við nokkra leikmenn. Stefnt er á að styrkja liðið með öflugum leikmönnum fyrir úrvalsdeildina 2005. Þegar er búið að styrkja hópinn með samningum við nýja leikmenn og nú þegar hafa þeir Kjartan Sturluson markvörður og Guðmundur Benediktsson gert 2ja ára samning við Val. Þá kemur Steinþór Gíslason aftur í Val og Atli Sveinn Þórarinnsson frá KA.

Willum fór til Bolton þar sem hann kynnti sér þjálfun hjá því ágæta liði og með honum í för var Baldur Aðalsteinson leikmaður meistaraflokks en hann mun verða við æfingar. Guðni Bergsson hefur leitt þennan undirbúning og gert þetta mögulegt og vill stjórn knattspyrnudeildar færa honum mikið þakklæti fyrir.

Stjórnin hefur haldið vel utan um fjármál deildarinnar og skilar deildinni réttu megin við 0 sem verður að teljast krafta-

verk í ljósi þess að liðið spilaði í 1.deild og með því hafi 30% af tekjum deildarinnar horfið.

Þetta hafi ekki getað tekist nema með aðstoð góðra styrktar- og stuðningsaðila.

Deildin þakkar sérstaklega Smith & Norland sem er aðal samstarfs- og styrktaraðili deildarinnar fyrir frábært samstarf. Þá vill deildin einnig þakka sérstaklega VÍS, SP Fjármögnun, Frjálsa Fjárfestingarbankanum, Spron, Winterthur og Danól fyrir samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.

Gerður var samningur við VÍS á starfsárinu sem með því er orðið einn helsti stuðnings- og styrktaraðili Vals og mun Valur leitast við að beina sem mest um viðskiptum sínum í gegnum það góða fyrirtæki og hefur tryggt allt sitt meistaraflokkslið hjá þeim.

Eins langar deildinni að þakka sérstaklega því fólki sem skipaði heimaleikja-

nefnd knattspyrnudeildar Vals fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf og samskipti.

Úr stjórn knattspyrnudeildar munu ganga þeir Eggert Þór Kristófersson, Jón S. Helgason og Björn Guðbjörnsson. Þeim eru færðar sérstakar þakkir fyrir störf sín í þágu knattspyrnunnar hjá Val.

Eins ber að þakka öllum þeim sem hönd hafa lagt á plóg fyrir sitt framlag.

Ný stjórn var kosin á aðalfundi knattspyrnudeildar og hana skipa:

E.Börkur Edvardsson, *formaður*
 Jón Grétar Jónsson, *varaformaður*
 Erla Sigurbjartsdóttir, *ritari og formaður m.fl. kvenna*
 Jón Höskuldsson, *formaður unglíngaráðs*
 Kjartan Georg Gunnarsson, *meðstjórnandi*
 Guðjón Ólafur Jónsson, *meðstjórnandi*
 Óttar Edvardsson, *m.fl.ráði karla*
 Bragi Bragason, *m.fl.ráði karla*
 Bjarni Markússon, *meðstjórnandi*



Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði á fullri ferð. (FKG)

Ljóst er að ærin verkefni bíða nýrrar stjórnar en starf hennar hefur farið af stað með miklum látum og nú þegar er búið að ganga frá ráðningum þjálfara allra flokka og allir flokkar farnir af stað með undirbúning. Öflugur liðsstyrkur hefur borist og ánægjulegt er að sjá fjölgun hjá 2. flokki karla. Sterkir leikmenn hafa bæst í okkar góða hóp hjá meistaraflokkum karla og kvenna.

Áfram Valur!

E.Börkur Edvardsson
 Formaður knattspyrnudeildar Vals



Viðurkenningar hlutu eftirtaldir á uppskeruhátíð

Lollabikar

Bergþóra Baldursdóttir 3. flokki kvenna hlaut Lollabikarinn sem gefinn er af Ellert Sölvasyni „Lolla í Val“ og skal veittur þeim leikmanni yngri flokka Vals sem þykir hafa skarað fram úr í knattleikni og tækni.

6. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Elín Metta Jensen

Mestar framfarir: Lísbet Sigurðardóttir og Sigrún Björk Sigurðardóttir

Besta ástundun: Hildur Antonsdóttir

Þjálfarar: Lea Sif Valsdóttir og

Rakel Adolphsdóttir

5. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Helga Birna Jónsdóttir

Mestar framfarir:

Sæunn Sif Heiðarsdóttir

Besta ástundun:

Margrét Sif Sigurðardóttir

Þjálfarar: Elísabet Gunnarsdóttir og

Signý Heiða Guðnadóttir

4. flokkur stúlkna

Liðsmaður flokksins:

Heiða Dröfn Antonsdóttir

Mestar framfarir:

Tinna K. Sveinbjarnardóttir

Besta ástundun:

Valgerður Bjarnadóttir

Þjálfarar: Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir og

Elísabet Anna Kristjánsdóttir

3. flokkur stúlkna

Leikmaður flokksins:

Margrét Magnúsdóttir

Mestar framfarir:

Bergþóra Gná Hannesdóttir

Besta ástundun:

Thelma Björk Einarsdóttir

Sr. Friðriksbikar: Bergdís Bjarnadóttir

Þjálfarar: Ólafur Brynjólfsson og

Hildigunnur Jónasdóttir

2. flokkur stúlkna

Leikmaður flokksins:

Regína María Árnadóttir

Mestar framfarir: Björg Magnea Ólafs

Efnilegasti leikmaður:

Elísabet Anna Kristjánsdóttir

Þjálfari: Jónas Guðmundsson

7. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins:

Sturla Magnússon

Mestar framfarir: Marteinn Elíasson

Besta ástundun: Aron Elí Sævarsson

Þjálfarar: Benedikt Bóas Hinriksson og

Einar Njálsson

6. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins: Breki Bjarnason

Mestar framfarir: Ástgeir Ólafsson

Besta ástundun: Óskar Magnússon

Þjálfarar: Skúli Sigurðsson og

Jónas Hróar Jónsson

5. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins: Kristján Norland

Mestar framfarir: Gauti Bernhardsson

Besta ástundun: Einar Jóhann Geirsson

Þjálfarar: Gylfi Sigurðsson og

Þórarinn Árni Bjarnason

4. flokkur drengja

Liðsmaður flokksins: Sveinn Einarsson

Mestar framfarir:

Alexander Lúðvíksson

Besta ástundun: Kristján Hafþórsson

Þjálfarar: Sigurbjörn Hreiðarsson,

Magnús Edvaldsson og Einar Óli

Þorvarðarson

3. flokkur drengja

Leikmaður flokksins:

Elvar Freyr Arnþórsson

Mestar framfarir:

Brynjar Kristjánsson

Besta ástundun: Haraldur Björnsson

Sr. Friðriksbikar:

Árni Heiðar Geirsson

Þjálfari: Guðmundur Brynjólfsson

2. flokkur drengja

Leikmaður flokksins:

Tómas Páll Þorvaldsson

Mestar framfarir: Jón Knútur Jónsson

Efnilegasti leikmaður:

Stefán Þórarinnsson

Þjálfari: Jóhann Gunnarsson

Dómari ársins hjá Val

Elvar Már Svansson

Markakóngar meistaraflokkanna

Hálfván Gíslason og Nína Ósk Kristinsdóttir hlutu Gullskó KB banka.

Á lokahófi meistaraflokka knattspyrnudeilar var kosið um bestu - og efnilegustu leikmenn ársins í meistaraflokki karla og kvenna.

Valinn af leikmönnum

Leikmaður ársins mfl.ka.:

Bjarni Ólafur Eiríksson

Efnilegastur:

Þórður Steinar Hreiðarsson

Leikmaður ársins mfl.kv.:

Laufey Ólafsdóttir

Efnilegust: Guðbjörg Gunnarsdóttir

Valinn af stjórn knattspyrnudeildar

Leikmaður ársins mfl.ka.:

Baldur Aðalsteinsson

Efnilegastur: Birkir Már Sævarsson

Leikmaður ársins mfl.kv.:

Laufey Ólafsdóttir

Efnilegust: Guðbjörg Gunnarsdóttir

www.valur.is

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar 2004



7. fl. karla. Einar, Benedikt, Marteinn, Sturla og Aron Elí.



5. fl. karla. Þórarinn Árni, Gauti, Kristján, Einar og Gylfi.



2. fl. kvenna. Regína María, Elísabet Anna og Jónas.



6. fl. kvenna. Sigrún, Elín Metta og Hildur.



4. fl. kvenna. Elísabet Anna, Heiða Dröfn, Tinna og Jóhanna.



2. fl. karla. Stefán og Jóhann.



6. fl. karla. Jónas Hróar, Óskar, Breki, Ástgeir og Skúli.



4. fl. karla. Magnús, Kristján, Sveinn og Sigurbjörn.



Lollabikarinn. Edvard Börkur, Bergþóra og Ólafur.



5. fl. kvenna. Signý Heiða, Helga Birna, Sæunn Sif, Margrét Sif og Elísabet.



3. fl. kvenna. Hildigunnur, Bergþóra Gná, Margrét, Thelma Björk og Ólafur.



Markahæst í meistarafllokki: Nína Ósk og Hálfván hlutu Gullskó KB banka.



Sr. Friðriksbikarinn: Bergdís Bjarnadóttir og Árni Heiðar Geirsson.



3. fl. karla. Guðmundur, Brynjar, Árni Geir og Sævar Hjálmarsson.



Dómari ársins: Elvar Már Svansson.

Það væri draumur að komast í landsliðið

Bergdís Bjarnadóttir leikur knattspyrnu með 3. flokki

Bergdís er 15 ára og hefur æft fótbolta síðan hún var 8 ára og það kom ekkert annað lið til greina, systkini hennar voru í Val og hún á heima í Valshverfinu. Hún hlaut í haust fyrst kvenna Friðriksbikarinn sem er ný viðurkenning á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við fótboltann, hversu mikilvægur er stuðningur foreldra?**

„Foreldrar mínir hafa stutt mig mikið síðan ég byrjaði og finnst mér það vera mjög mikilvægt því ef stuðningurinn er mikill þá langar mann meira til að standa sig vel.“

– **Hvernig gekk ykkur í sumar?**

„Í sumar fórum við á Gothia Cup og gekk okkur ekki vel en ferðin var frábær. Svo komum við heim og unnum Rey Cup og Haustmótið en lentum í 3. sæti á Íslandsmótinu.“

– **Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

„Ég man einu sinni þegar ég var að keppa á Nóatúnsmótinu í 5. flokki, ég tók innkast, svo flautaði dómari og ég vissi ekkert hvað hann var að þæla en þá hafði ég tekið innkastið á vítategslínunni og langaði mig helst að hlaupa út af vellinum.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í fótboltanum?**

„Já, þær sem eru núna í meistaraflokki kvenna í Val og Eiður Smári.“

– **Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?**

„Ég held að maður þurfi m.a. að hafa mikinn vilja, sjálfstraust, og trú á sjálfum sér. Ég þarf helst að bæta hjá mér sjálfsstraustið, vinstri fótinn og mataræðið.“

– **Hvers vegna fótbolti?**

„Ég ákvað að prófa að æfa, fannst það skemmtilegt og hélt áfram og ég hef ekki æft neinar aðrar greinar.“


– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótbolta og lífinu?**

„Að ná langt í hvorutveggja og draumur væri að komast í landsliðið.“

– **Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Friðriksbikarinn, fyrst stúlkna nú í haust?**

„Það er alltaf gamlan að fá viður-

kenningu fyrir frammistöðu sína í íþróttum en ég veit ekki mikið um séra Friðrik nema að hann stofnaði Val 11. maí 1911 og er mikilvægur fyrir sögu félagsins.“



Bergdís Bjarnadóttir með Friðriksbikarinn og móður sinni Sigrurveigu Ingólfsóttur sér við hlið.

Séra Friðriksbikarinn - Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði



Sr. Friðriksbikarinn veittur í fyrsta sinn. Frá vinstri: Jón Höskuldsson formaður unglingaráðs knattspyrnudeildar, Bergdís Bjarnadóttir, Árni Heiðar Geirsson og Þorsteinn Ólafsson útbússtjóri KB banka við Hlemm sem gefur þessi veglegu verðlaun.

Á fjölmennri og vel heppnaðri uppskeruhátíð knattspyrnudeildar Vals í Valsheimilinu í byrjun október í ár var sr. Friðriksbikarinn veittur í fyrsta sinn. Hann skal veittur þeim leikmönnum í 3. flokki stúlkna og drengja sem sýnt hafa mestan félagslegan þroska og verið öðrum Valsstúlkum og Valsdrengjum til fyrirmyndar, innan vallar sem utan. KB banki við Hlemm er gefandi þessara verðlauna. Þorsteinn Ólafsson útbússtjóri afhenti verðlaunin og hlutu þau Bergdís Bjarnadóttir og Árni Heiðar Geirsson í 3. flokki veglegan farandbikar og eignabikar að launum.

Valsblaðinu þótti því vel til fundið að heyra aðeins um aðdraganda þess að sr. Friðriksbikarinn var nú veittur í fyrsta sinn. Þeir Jón Höskuldsson formaður unglingaráðs knattspyrnudeildar Vals og Þorsteinn Ólafsson útbússtjóri hjá KB banka voru því spurðir nokkurra spurninga.

– Hvaða gildi hefur það að ykkar mati að minnst sr. Friðriks Friðrikssonar með þessum hætti í starfi knattspyrnudeildar Vals, þ.e. með sérstökum bikar kenndum við hann?

Þeir Jón og Þorsteinn sögðu að sr. Friðrik væri þannig nafn í Val að þau gerðust ekki stærri. Hann átti þátt í

stofnun félagsins þann 11. maí árið 1911 og var frumkvöðull starfs KFUM og KFUK á Íslandi og mikill æskulýðsleiðtogi.

Það er athyglisvert í sögunni að þann 2. janúar 1899 var KFUM formlega stofnað og fór starfsemin ört vaxandi er leið á vorið. Nokkrar feringarstúlkur færðu þá það í tal við sr. Friðrik hvort hann gæti ekki einnig stofnað félag fyrir þær. Fékk sr. Friðrik nokkrar konur til liðs við sig og 29. apríl 1899 hafði KFUK einnig verið ýtt úr vör.

Það er því í anda sr. Friðriks að jafnrétti sé í þessu eins og öðru. Valsmenn

hafi sýnt það í verki og gert stúlkum og drengjum jafn hátt undir höfði varðandi æfingar og keppni. Valur sé í dag með kvennaflokka í knattspyrnu í öllum flokkum og árangur þeirra hefur ekki verið síðri en drengjanna.

– *Hversu mikilvægt er að ykkar mati að iðkendur Vals í dag þekki til sr. Friðriks?*

Þorsteinn segir að sr. Friðrik hafi verið í fararbroddi í æskulýðsstarfi. „Hann var mjög næmur á þarfir ungu kynslóðarinnar og innan KFUM og KFUK spruttu fram starfsgreinar á borð við kvöldskóla, bókasafn, skátafélag, bindindisfélag, taflflokkur, hannyrðadeild, lúðrasveit, söngflokkar, sumarþúðir o.fl. og er þarna ógetið knattspyrnufélög en sr. Friðrik stofnaði ekki aðeins Val heldur einnig Hauka. Sr. Friðrik leitaði sífellt nýrra leiða til þess að byggja upp félagsstarf á kristnum gildum sem mætt gæti þörfum æskunnar og skapað góða sál í hraustum líkama. Vegna þessa teljum við mikilvægt að iðkendur í Val og víðar þekki til verka sr. Friðriks,“ segir Þorsteinn.

– *Hvað var mikilvægasta framlag sr. Friðriks til knattspyrnu hér á landi og hjá Val? Að hvaða leyti var hann á undan sinni samtíð?*

Þeir félagar vilja meina að mikilvægasta framlag sr. Friðriks hafi verið stofnun Vals. Margt fleira mætti nefna svo sem það að hann flutti merka ræðu – „FAIR PLAY“ við vígslu fótboltasvæðis KFUM þann 6. ágúst 1911. Þessi ræða var stórmerkileg og augljóst að hann var langt á undan sinni samtíð því FÍFA - Alþjóða knattspyrnusambandið - kynnir til leiks „FAIR PLAY“ næstum 100 árum síðar!



Árni Heiðar Geirsson 3. flokki.

Í þessari ræðu sr. Friðriks má lesa nokkur gullkorn, svo sem: „Leikurinn óprýkkar við allt ósæmilegt. Hjer á þessum velli má aldrei heyrast ljótt orðbragð, ekkert blótsyrði, engin keksni, engin særandi orð, enginn gárungaháttur nje háreysti!“ og síðan ekki síst þetta: „Leggið alla stund á að leggja fegurð inn í leik yðar, látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.“

– *Þorsteinn, segðu frá tilurð þess að KB banki kom að þessu máli. Hvaða gildi hefur þetta fyrir KB banka?*

„Við Jón ræðum oft um okkar félag, Val. Þar erum við samherjar en í enska boltanum andstæðingar, hann með Chelsea og líður vel í dag, en ég með mínu gamla góða Manchester United.“

Það var í haust að Jón sagði að unglingaráð hefði ákveðið að veita viðurkenningu stúlku í 3. flokki í knattspyrnu sem þykir hafa sýnt mestan félagslegan þroska og verið öðrum Valsstúlkum til fyrirmyndar, innan vallar sem utan. Jón sagði það hafa verið óheppilegt á tímum jafnréttis að drengjamegin í 3. flokki væri veittur Bernburgskjöldur af sama tilefni en engin viðurkenning væri til stúlku. Hann leitaði því til mín og spurðist fyrir hvort KB banki væri til í að gefa verðlaunin. Ég tók strax vel í beiðni Jóns og var honum hjartanlega sammála.

Í umræðu á heiti á viðurkenningu bankans var okkur hugsað til sr. Friðriks þar sem viðurkenningin er veitt í hans anda, „Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.“

Við ræddum síðan um að veita sr. Friðriksbikarinn báðum kynjum. Erindi um það fór fyrir unglingaráð knattspyrnudeildar Vals og var erindið samþykkt einróma og síðan einnig af stjórninni. Samhliða því var ákveðið að hvíla Bernburgskjöldinn.

Fyrir KB banka skiptir miklu máli að styðja ávallt við æsku landsins á uppbyggilegum hátt. Það teljum við okkur meðal annars vera að gera með þessum hætti,“ segir Þorsteinn.

– *Hvernig líst ykkur á framkvæmdir og uppbyggingu að Hlíðarenda á næstunni?*

Þorsteinn segir að sér lítist auðvitað mjög vel á þessar framkvæmdir. Hlíðarendi verði glæsilegur þegar þessu er öllu lokið. Það sé hins vegar erfitt að bíða því öll bið er löng. Þennan biðtíma þurfi að skipuleggja vel. Á meðan sum félög æfa inni í íþróttahúsunum yfir háveturinn með langtum betri aðstöðu verða Valsmenn enn að notast við gömlu



Bergdís Bjarnadóttir 3. flokki.

„góðu“ mölina að Hlíðarenda að stórum hluta. Þorsteinn vísar í þessu sambandi í pósti sem hann setti inn á valur.is á spjallvefinn fyrir rúmum 2 árum. Þar sagði hann: „Ég tel mjög mikilvægt fyrir Val að framkvæmdaröð að Hlíðarenda verði með þeim hætti að fyrst verði hafist handa við að byggja knatthúsið (yfirbyggðan gervigrasvöll). Þannig skapast fullkomin aðstaða fyrir fótoltann auk þess sem handboltinn og karfan gætu einnig æft þar. Þetta er sérstaklega mikilvægt svo ekki þurfi að koma til þess að iðkendur í Val þurfi í allt of miklum mæli að leita út fyrir Hlíðarenda yfir vetrartímann til æfinga á meðan á framkvæmdum stendur. Að byrja á að rífa nýrra íþróttahúsið áður en byggingu knatthússins er lokið væri glapræði að mínu mati.“ Svo mörg voru þau orð á sínum tíma og sú skoðun Þorsteins hefur ekki breyst. Hann er enn á því að bygging gerfigrasvallarinnar ætti að vera forgangsmál þó að hann verði ekki yfirbyggður.

Jón Höskuldsson segist ekki vera í nokkrum vafa um að fyrirhugaðar breytingar á aðstöðu iðkenda að Hlíðarenda munu hafa mjög miklar breytingar í för með sér og verða lyftistöng fyrir allt starf yngri flokka félagsins. Gera megi ráð fyrir mikilli fjölgun iðkenda með bættri aðstöðu til æfinga og keppni.

„Ég tek undir með Þorsteini að biðin verður erfið fyrir alla og miklu skiptir að æfingar verði vel skipulagðar hjá félaginu og þá haft að leiðarljósi að sem allra minnst röskun verði á æfingum yngstu iðkenda félagsins og að þær verði í öllum tilvikum á Hlíðarenda eða í allra næsta nágrenni félagssvæðisins,“ segir Jón ákveðið.

„GUDNI ER Á FORSETASTALLI Í BOLTON“

Willum Þór Þórsson er án efa einn metnaðargjarnasti þjálfari landsins en hann hefur fengið það hlutverk að koma Val aftur á flug



Willum og Ása Brynjólfssdóttir og börnin þeirra Brynjólfur Darri 4ra ára, Þyri Ljósbjörg eins og hálfis árs og Willum 6 ára.

Willum Þór Þórsson, einn af traustustu og mesta áberandi leikmönnum KR á níunda áratugnum, er nýráðinn þjálfari meistaraflokks Vals í knattspyrnu. Þrátt fyrir að hafa blómstrað sem knattspyrnumaður er hann einn fárra íþróttamanna sem lék með yngri landsliðum Íslands í körfubolta, handbolta og fótbolta á sama tíma. Og hann segist hafa átt erfitt með að gera upp við sig hvaða íþróttagrein hann legði fyrir sig. Hann náði einnig þeim einstaka árangri að leika með meistaraflokkum KR í þessum þremur íþróttagreinum á sama tíma, áður en hann sneri sér alfarið að knattspyrnunni.

Þann áratug sem Willum lék með KR í efstu deild skorti liðið einhvern neista til

að landa stóru titlunum þótt liðið hefði á að skipa frábærum knattspyrnumönnum. „Við vorum rosalega góðir í því að vinna Íslandsmótin innanhúss og Reykjavíkurmótin,“ segir Willum kíminn. „Það verður að segjast eins og er að á þessum tíma voru tvö lið sérstaklega pirrandi, Valur og Fram, sem voru að vinna stóru titlana til skiptis. Ég hefði aldrei viðurkennt það þá en það er staðreynd að þau voru bara betri en við. Þótt við höfum haft úrvalsmannskap vantaði alltaf eitthvað upp á, Valur og Fram höfðu það sem til þurfti.“

Eftir að Willum lék sinn síðasta leik fyrir KR sumarið 1989 söðlaði hann um og lék með Breiðabliki næstu sex árin, þar af fjögur í efstu deild. „Í Breiðabliki

lék ég meðal annars með góðum Valsmönnum, Hilmari Sighvatssyni og Val Valssyni auk þess sem Hörður Hilmarsson og Ingi Björn Albertsson þjálfuðu m.a. liðið á þessum árum. Við urðum virkilega miklir mátar.“

Willum er kvæntur Ásu Brynjólfssdóttur lyfjafræðingi sem starfar hjá formanni Vals, Grími Sæmundsen, í Bláa lóninu sem þróunarstjóri í meðferðarvörum. Börnin þeirra eru Willum 6 ára, Brynjólfur Darri 4 ára, og Þyri Ljósbjörg sem verður eins og hálfis árs um jólin. „Það segir sig sjálf að það að vera þjálfari er ekki mjög fjölskylduvænt en Ása og krakkarnir hafa stutt ótrúlega vel við bakið á mér. Fjölskyldan mætir á alla leiki og Ása matbjó ofan í KR-ingana fyrir leiki, ásamt vinkonum sínum, og menn kunnu vel að meta það. Ég gæti í raun ekki verið þjálfari nema eiga skilningsríka eiginkonu.“

Willum er menntaður viðskiptafræðingur og lauk síðan tveggja ára mastersnámi í rekstrarhagfræði í Danmörku. Það má með sannri segja að hann hafi slyst til að þjálfari eftir að hafa leikið með Þrótti í 1. deild sumarið 1996. „Já, ég datt inn sem þjálfari Þróttar sumarið 1997 eftir að Ágúst Hauksson þjálfari fékk starf í Noregi. „Ég man ekki hvaða leikmaður missti það út úr sér að það væri bara fínt ef Willum tæki við liðinu. Þá var liðið í 1. deild og við bárum sigur úr býtum í deildinni.“

Willum þjálfaði Þrótt í þrjú ár, tók síðan við Haukum í 3. deild og fór með liðið upp í 1. deild á tveimur árum (ávallt sem sigurvegari) en þá virðast augu manna í Vesturbænum hafa opnast fyrir þeirra manni. Hann þjálfaði KR í þrjú ár, landaði Íslandsmeistaratitli fyrstu tvö árin en síðastliðið sumar gengu hlutirnir ekki eins vel upp.

– Hvað stendur upp úr þínum ferli sem leikmaður?

„Hugurinn staldrar ekki við neitt sérstakt en ég er mjög sáttur og þakklátur fyrir að hafa verið í þessu íþróttumhverfi. Þegar ég lít til baka hefði ég vilja að hafa þann þroska sem leikmaður, sem ég hef öðlast í dag. Kannski þess vegna er ég að burðast við að þjálfá. Þótt ég gerði mér kannski ekki grein fyrir því sem leikmaður hvað þurfti virkilega að leggja á sig til að skara fram úr, veit ég það í dag og því vil ég koma til skila. Margir af fremstu þjálfurum heimsins í dag áttu fremur litlausan feril sem leikmenn. Ég tel að það blundi í þeim að skila einhverju til baka, ná frábærum árangri sem þjálfarar af því þeir gerðu það ekki sem leikmenn. Að sama skapi hafa margir sigursælir leikmenn hætt sáttir og ekki fundið löngun eða þörf til að snúa sér að þjálfun.“

Willum dvaldi í nokkra daga hjá Bolton á dögnum en hvað ætli standi upp úr eftir þá ferð. „Ég sagði við strákana í Val eftir ferðina: Góðu fréttirnar eru þær að leikmenn Bolton eru ekki að gera neitt merkilegra en þið úti á vellinum. Þið eru margir hverjir alveg jafn góðir og þeir en þið eruð ekki að vinna undir sömu kringumstæðum. Slæmu fréttirnar eru þær að við þurfum meiri tíma og peninga til að ná sama árangri og þeir. Þarna skilur á milli. Það er unnið mjög heildrænt á allan hátt hjá Bolton og að vera ungur knattspyrnumaður í dag, með þau tækifæri sem eru í boði, hlýtur að vera algjör draumur. Ég er sannfærður um að Bolton er komið lengra en flest önnur lið á Bretlandi hvað varðar skipulag allra þátta sem lúta að þjálfun, s.s. næringarfræði, markmiðssetningu, þjálfrafræði, uppeldisstefnu og svo mætti lengi telja. Þar er knattspyrnuakademía, eins og Arnór Guðjohnsen og félagar eru með á Íslandi (leikmenn 13-18 ára). Hjá félaginu starfar sálfræðingur sem ber þann merkilega titil Framkvæmdastjóri árangurs (performance executive). Hann einbeitir sér alfarið að því, alla daga, með Sam Allardyce, framkvæmdastjóra Bolton og fleirum, að velta fyrir sér hvernig leikmenn og liðið geta bætt sig á öllum sviðum með betri árangur á leikvellinum, sem og í lífinu sjálfur, að leiðarljósi. Þeir vinna eins og stórfyrirtæki á heimsvísu sem leggur mest upp úr mannrækt og mannlegum gildum sem skapa aukna gleði og betri árangur. Bolton hef-



Willum Þór Þórsson nýr þjálfari meistaraflokks Vals stoltur á Íslandsmóti innanhúss í nóvember 2004. Með honum á myndinni eru Halldór Eypórsson liðstjóri og Bjarni Ólafur Eiríksson. (FKG)

ur gefið út handbók sem hefur að geyma allskyns viðmið varðandi framkomu, viðtöl við fjölmiðla, heilsurækt, grunnþjálfun og hvernig leikmenn eiga að koma fram sem Bolton-menn. Guttarnir í akademíunni borða með leikmönnum Bolton í hádeginu og vilja líkjast fyrirmyndunum, sem standa sig svo sannarlega. Það er engin tilviljun að leikmenn eins og Huierra (37 ára), sem var kóngur í spænska boltanum til margra ára, Gary Speed, Les Ferdinand og fleiri vilja vera með Bolton, því þar er einstaklega vel að öllum málum staðið. Sam Allardyce var frábær í alla staði og mér var tekið opnum örmum af öllum. Ég valsaði um hvar sem er og hvenær sem er. Sam gaf sér klukkutíma til að spjalla við mig og það var sérlega fróðlegt. Bolton leggur mikla áherslu á fjölskylduvænt andrúmsloft (mikilvægi fjölskyldunnar) og það var ánægjulega áberandi að finna fyrir því enda mér og Baldri Aðalsteinssyni, okkar leikmanni tekið opnum örmum.“

– Fannstu fyrir Guðna Bergs-anda í Bolton?

„Guðni er á sér stalli í Bolton. Sam Allardyce sagði við mig: „Guðni sóaði bestu árum sínum með Bolton. Hann átti að leika með Manchester United eða öðrum stórliðum.“ Sam hefur rosalega mikið álit á Guðna og sagði það synd að hann væri ekki enn að spila fyrir Bolton. Ég vissi að Guðni væri vinsæll í Bolton en eftir að hafa verið á staðnum áttaði ég mig á því að hann er á forsetastalli þar. Það sem mér þykir frábært er hversu til-

búinn Guðni er að opna þessa veröld fyrir okkur, ekki bara leikmönnum og þjálfurum í Val, heldur liðsmönnum annarra liða. Hann hefur greitt götu margra ungra leikmanna sem hafa dvalið á Reebok hótelinu í Bolton og æft með félaginu. Það myndu ekki allir hugsa svona, heldur halda þessum knattspynuheimi út af fyrir sig en Guðni galopnar þetta. Það er sérlega virðingarvert af hans hálfu.“

– Telurðu að þú getir breytt Val frá því að vera það jójó-lið sem það hefur óneitanlega verið undanfarið ár?

„Það er aldrei neitt öruggt í þessum efnunum eins og hefur margoft komið á daginn. Ég tók við Val af því að ég ber óhemju mikla virðingu fyrir félaginu. Ég var alinn upp við Val sem stórt félag. Á áttunda áratugnum fór ég á völlinn til að horfa á Val af því að Valur var með besta liðið, þá undir stjórn Yuri Ilitshev. Og þannig hélt þetta áfram ansi lengi. Í mínum huga er Valur ríkt og stórt félag með mikla hefð og það er gott tækifæri fyrir mig að fá að þjálfá hjá félaginu.“

– Hvaða tilfinningu hefurðu fyrir félaginu, starfinu og leikmönnum eftir að hafa verið við stjórnvölinn í rúma tvo mánuði?

„Sá kraftur sem býr í félaginu núna verður mikill styrkur fyrir liðið. Ég finn fyrir ákveðinni uppsveiflu og menn vilja brjóta upp þetta mynstur sem hefur verið við lýði undanfarið ár. Svona kraft þarf að nýta vel.“

– Hvaða leikmenn hafa bæst í hópinn? „Kjartan Sturluson markvörður úr



Nýkrýndir Íslandsmeistarar innanhúss 2004 eftir sigur á KR 2-1 í spennandi úrslitaleik með nýjan þjálfara. (FKG)

Fylki, Atli Sveinn Þórarinsson varnarmaður úr KA og Örgryte, Guðmundur Benediktsson framherji úr KR og Steinþór Gíslason úr Víkingi en hann er uppalinn Valsmaður. Við höfum lagt ríka áherslu á að þeir leikmenn sem koma til Vals verða að vera öflugir leikmenn eða hafa sterka félagslega tengingu. Allir fjórir hafa sannarlega getuna og Steinþór hefur félagslegu tengingu að auki. Hann er í U-21 árs landsliðinu og hinir þrír hafa allir spilað A-landsleik og eru burðugir knattspyrnumenn með mikla reynslu.“

– Hvaða áherslur verða í þjálfuninni fram að keppnistímabilinu?

„Ég skipti tímabilinu upp í þrennt svo að menn týni sér ekki í sjö mánaða undirbúningstímabili. Fyrsta tímabilið af þremur erum við að vinna í þremur þáttum; styrk, grunnþoli og tækni en tæknin kemur reyndar alltaf við sögu. Þessa þrjá þætti hef ég sem viðmið þegar ég byggi upp æfingarnar en við höfum þó ekki hlaupið nein langhlaup. Við vinnum eins mikið með bolta og hægt er. Leikmenn fá markmið sem felst í því að þegar tímabil(i) tvö tekur við, janúar og febrúar renna saman, þá þurfa þeir að vera í þannig grunnformi að þeir geti tekist á við leikrænni æfingar á meiri hraða.“

– Hversu miklu finnst þér knattspyrnuhúsin hafa breytt, sáu menn húsinn í hillungum en hafa hugsanlega lítið uppskorið?

„Við sjáum engin merki þess í meistaraflökkunum í dag að framfarir hafi átt

sér stað því flokkarnir komast ekki að í þessum fínu húsum á óskatíma. Ég get nefnt sem dæmi að við Valsmenn erum með tvær æfingar í knattspyrnuhúsi í viku, með hálfan völlum og klukkan átta á kvöldin. Ég var með KR í knattspyrnuhúsi í upphafi þessa árs og við fengum einn klukkutíma í viku og enga aðra aðstöðu frá janúar og fram í apríl, maí. Og á sama tíma var gerð krafa um það að fara með liðið áfram í Meistaradeildinni. Margur stjórnarmaður virðist afneita þessum staðreyndum ekki samhengi milli góðrar aðstöðu og þess að ná frábærum árangri. Yngri flokkarnir munu vonandi njóta góðs af þessari aðstöðu. Þegar gamli gervigrasvöllurinn í Kópavogi var ekki yfirbyggður voru yngri flokkar Breiðabliks með fleiri æfingartíma en eftir að Fifan kom. Til að hægt sé að reka húsinn fjárhagslega þarf að leigja út tíma, oft á besta tíma, og eftir stendur að félagin sitja uppi með vonda eða jafnvel enga æfingartíma. Þá spyr maður; hver er ávinningurinn af byggingu húsanna?“

– Er persónuleiki leikmanna í boltanum í dag öðruvísi en þegar þú varst upp á þitt besta?

„Leiðtogaefni eru vandfundnari núna en áður og kraftmiklar skapgerðir færri. Þetta er að mínu mati afleiðing af því félagslega umhverfi sem ungt fólk býr við í dag. Menn verða ekki afburðaknattspyrnumenn á því að æfa bara knattspyrnu. Þeir sem skara fram úr eru þeir sem eru með boltann á tánum allan dag-

inn. Það er svo margt sem glepur unga fólk að þeim fer fækkandi sem nenna að leika sér með bolta daginn út og inn. Sökum þess tel ég að við munum væntanlega ekki fá þá tæknilega hæfileikaríku leikmenn sem okkur dreymir alltaf um að eignast.“

– Geta félagin að sumu leyti ekki sjálfum sér um kennt? Þyrftu þau ekki að setja á fót öflugt hvatakerfi sem gerir það að verkum að krakkarnir vilja leika sér oft og lengur með bolta til þess að uppskera, eins og tíðkaðist þegar hægt var að ná gulli, silfri og bronsi í knattþrautum?

„Ég man eftir því að ég æfði mig sérstaklega mikið fyrir Ford-keppnina sem hófst hér á landi sumarið 1972 og var mikil hvatning fyrir iðkendur. Þá var á vegum KSÍ og félaganna Gull-silfur-brons knattþrautir, sem var gífurleg hvatning. Þegar maður náði bronsinu, vildi maður ná silfrinu en til þess þurfti að halda bolta á lofti allan daginn. Það þarf vitanlega að búa til einhverja gullrót sem hvetur krakkana til að leika sér í fótbolta allan daginn, með það að leiðarljósi að þau muni líklega uppskera með margvíslegum hætti. Við erum klárlega með betur menntaða þjálfara í dag en ég sakna þess að sjá ekki fleiri gamla jaxla með mörg hundruð leikja reynslu miðla til yngri flokkanna af innlifun, ákafa og eljusemi. Í dag eru menn oft að þjálfra meira eftir bókinni, eftir einhverjum stöðluðum stefnumótunarlýsingum sem enn menntaðari menn hafa samið, jafnvel menn sem hafa aldrei leikið knattspyrnu. Sumt lærist alls ekki nema hafa upplifað augnabikinn sem leikmaður og gengið í gegnum þau aftur og aftur, ár eftir ár en þau fara samt aldrei í handbókina sem er búin til fyrir þjálfara.“

Ég hef heyrt að Valur ætli núna fyrst liða að setja á fót fagræð eða ákveðna akedemíu sem er skipuð fyrrum leikmönnum, með mikla sigurvegum á bak við sig, og eru tilbúnir til að miðla af reynslu sinni í formi séræfinga eða ráðlegginga til leikmanna eftir óskum þjálfara allra flokka. Þetta er ómetanlegt og mun lyfta Val upp á nýjan stall því bæði leikmenn og þjálfarar þurfa á svona mönnum að halda sem sumir hverjir hafa, einhverra hluta vegna, ekki farið út í þjálfun en geta miðlað ómetanlegum hlutum. Ef Valur nær að virkja þetta fagræð vel væri félagið að stíga stórt skref í anda þess sem tíðkast hjá Bolton þar sem verið er að hugsa og vinna á mjög heildrænan máta.



„Stofnun fagráðs eða knattspyrnuakademíu mun lyfta Val upp á nýjan stall í knattspyrnu, því bæði leikmenn og þjálfarar þurfa á svona mönnum að halda,“ segir Willum.(FKG)

Valur nær ákveðnu samkeppnisforskoti á önnur félög ef þetta verður að veruleika því þeir sem eru að þjálfra í dag eru flestir af sama skólanum, að gera svipaða hluti bæði innan vallar sem utan eins og t.d. Bolton eða hvaða lið sem eru, með menn í jafngóðu formi og svo framvegis en það er einmitt í hugmyndafræðinni og hvernig maður nálgast hlutina sem við mögulega náum ákveðnu forskoti. Staðreyndin er sú að heilt yfir vantar einstaklinga í þjálfun í dag sem tala af mikilli reynslu og miðla af einstakri ákefð.

Landslagið hjá flestum félögum er þannig í dag að stjórnarmenn eru sveittir

við að afla peninga til að geta rekið félögin, margir gamlir leikmenn, sem voru kannski sigursælir, vilja bara mæta í stúkuna og dæma liðið, stjórnin ræður síðan þjálfara sem fer einn út á völl með 25 mönnum og hann á bara að hafa einhvern töfrasprota. Árangur liða í dag hangir ekki á einum manni eins og menn ættu að vita. Þjálfari getur varla verið sérfræðingur í næringarfræði, markmiðsetningu, þjálfraði, sálfræði og öllum þeim þáttum sem þarf til að skapa afreksmenn. Þess vegna skiptir þessi heildræna hugsun, sem Valur mun vonandi ná að skapa, rosalega miklu máli.“

– Ertu hlynntur eða andvígur fjölgun liða í úrvalsdeild?

„Ég er hlynntur fjölgun þótt ég kaupí alveg rökin fyrir vanköntum þess að fjölga. Ég tel að við þurfum að spila fleiri leiki, það er meiri breidd í liðinum, leikmenn vilja fleiri verkefni og flestum þykir mun skemmtilegra að spila en æfa. Átján leikir eru alls ekki næg verkefni. Hér á árum áður fundu margir leikmenn sér aðra íþróttagrein til æfa yfir vetrarmánuðina en þeir sem gerðu það ekki, voru kannski að keyra sig í form á stuttum tíma á vorin og voru kannski ekki komnir í almennilegt leikform fyrir en um miðjan ágúst. Við þurfum að lengja tímabilið og það gerum við til að mynda með fjölgun leikja.“

– Þeir sem þekkja þig vel sem þjálfara segja að þú leggir þig gífurlega fram, kortleggir andstæðinginn frá A-Ö og sért skipulagður fram í fingurgóma. Er eitthvað til í þessu?

„Öllu sem ég tek mér fyrir hendur velti ég rosalega vel fyrir mér. Og ég hef fylgst vel með fótbolta frá því ég var krakki en sumir myndu kalla það sjúklegar pælingar. Ég lagðist yfir alla hluti sem viðkomu þjálfun þegar ég tók við Þrótti á sínum tíma og þegar ég stýrði Haukum í fyrsta leik í 3. deild gegn GG (Golfklúbbi Grindavíkur) var ég búinn að stilla upp liðinu þeirra með nöfnum. Haukarnir höfðu aldrei séð svona vinnubrögð áður. Vissulega kostaði þetta miklu vinnu en hún skilaði sér.“

– Hefurðu farið í naflaskoðun eftir að KR ákvað að endurnýja ekki samninginn við þig?

„Heldur betur. Ég fór í marga hringi og það var mjög hollt án þess að það sé einhver ein megin niðurstaða. Það getur svo margt gerst á okkar stutta tímabili. Tökum Arsenal sem dæmi þótt það lið sé á miklu hærri plani en KR. Fyrir mánuði gat maður ekki ímyndað sér að þetta lið gæti tapað fótboltaleik. Svo horfir maður á meistara meistaranna, Arsene Wenger, segja sömu hluti og við beitum fyrir okkur hér, að það sé oft þannig að þegar það fer allt í einu að ganga illa sé eins og allt refsí manni. Þannig var tímabilið að miklu leyti hjá KR síðastliðið sumar án þess að ég fari eitthvað nánar út í það.“

– Hvað þurfa yngri knattspyrnuíðkendur að gera til að eiga einhverja möguleika á að ná jafn langt og Guðni Bergsson og Eiður Smári Guðjohnsen?

„Vera með bolta á tánnum allan daginn.“

Margrét Lára Viðarsdóttir í Val

Nú í haust styrktist Íslandsmeistaralið Valsstúlkna í knattspyrnu enn frekar þegar Margrét Lára Viðarsdóttir úr ÍBV gerði eins árs samning við Val.

Margrét Lára er aðeins 19 ára en er þegar orðin fastamaður í A- landsliðinu í knattspyrnu og hefur einnig leikið með yngri landsliðum Íslands. Hún hefur tvö ár í röð verið valin efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins. Með Margréti Lára innanborðs eru Íslandsmeistarar Vals enn líklegri til frekari afreka á komandi tímabili. Valsblaðið náði tali af Margréti Lára á Íslandsmótinu í innanhússknattspyrnu en þar lék hún á sínu fyrsta móti í Valsbúningnum og stóð ásamt félagum sínum í lokin uppi sem Íslandsmeistari innanhúss.

– Nú ert þú búin að vinna þinn fyrsta titil í Valsbúningi á fyrsta mótinu með félaginu. Segðu aðeins frá þeirri tilfinningu og hvernig var að spila við gömlu félagana í ÍBV?

„Tilfinningin var náttúrulega frábær að vinna þetta mót enda er þetta eitt af mínum uppáhaldsmótum. Það var rosalega skrýtið að spila á móti ÍBV en samt sem áður líka gaman.“

– Nú átt þú glæsilegan feril í knattspyrnu í yngri flokkunum og með meistaraflokki ÍBV. Var ekki erfið ákvörðun að koma til Vals í haust?

„Jú það var löng og erfið ákvörðun en ég er sannfærð um að ég hafi valið rétt og er mjög spennt fyrir framhaldinu.“

– Segðu aðeins frá ástæðum þess og aðraganda að þú ákvaðst að ganga til liðs við Val nú í haust?

„Ástæðan var sú að ég vildi reyna að samræma fótboltann og námið mitt betur. Í fyrra var ég hverja helgi í Reykjavík að keppa eða æfa með landsliðinu og það var bara of erfitt. Einnig er Valur með frábært lið og frábæran þjálfara. En ákvörðunin var erfið.“

– Hvernig hefur þér verið tekið hjá Val?

„Mér hefur verið tekið mjög vel bæði af leikmönnum, þjálfara og stjórn. Ég þekkti þjálfarann og leikmennina fyrir svo ég held að það hafi hjálpað. Stemningin er góð, skemmtilegar stelpur sem ná vel saman.“

– Hvernig leggst næsta tímabil í þig? Er eitthvað félag í kvennaboltanum hér á landi sem getur staðist Valsstelpum snúning um þessar mundir?

„Það leggst bara mjög vel í mig. Við erum með mjög gott lið en ég held að ÍBV, KR og Breiðablik eigi eftir að vera á toppnum ásamt okkur. Við verðum samt að gera okkkur grein fyrir því að á næsta ári leggja liðin extra mikið power í að vinna okkur enda Íslandsmeistarar.“

– Hvernig var að spila á móti Valsstelpum í yngri flokkunum. Manstu eftir skemmtilegum atvikum frá þeim leikjum?

„Rimmurunar voru oft erfiðar og miklar. Við í ÍBV og Tý spiluðum marga úrslitaleikina á móti Val sem voru alltaf mjög skemmtilegir og spennandi. Ég gleymi því aldrei þegar ég var í 5. fl. með Tý og við áttum úrslitaleik við Val á Gull- og silfurmótinu og Beta kom til okkar sem var þá að þjálfra stelpurnar í Val og sagði við okkur í Tý „sá sem vinnur þennan leik er einfaldlega betra liðið.“ Þetta æsti okkur verulega upp enda unn- um við þennan leik sannfærandi 3-1.

Hvers vegna fótbolti? Hefur þú lagt stund á aðrar íþróttagreinar?

„Já ég var alltaf í frjálsum íþróttum og mikið í handbolta. Hætti í honum þegar ég var 15 ára, þá kom Beta í ÍBV að þjálfra og hálfpartinn bannaði mér að æfa handbolta. En þá var ég að æfa fótbolta með tveimur flokkum og handbolta með tveimur flokkum. Plús það að vera í öllum landsliðunum svo ég held svona eftir á að tímasetningin hafi verið rétt að hætta.“

– Hvernig list þér á yngri flokkana hjá Val?

„Ég hef nú reyndar ekki séð mikið til þeirra. Þó er ég aðstoðarþjálfari 5 fl. kvenna og þar sé ég nokkrar stelpur sem geta náð langt ef þær leggja sig fram og eru með hausinn í lagi.“

– Nú ertu aðstoðarþjálfari Betu í 5. flokki kvenna. Hvernig leggst það í þig?

„Það leggst bara mjög vel í mig. Frábært tækifæri fyrir mig að fá að þjálfra með Betu sem er að mínu mati besti þjálf-“



ari landsins og á eftir að kenna mér margt, þar sem ég hef mjög mikinn áhuga á þjálfun.“

– **Hver eru þínir framtíðardraumar í fótbolta, hver eru næstu markmið í þeim efnum?**

„Mínir framtíðardraumar í boltanum eru að fara út og spila í góðu liði og komast á stórmót með landsliðinu. Mín næstu markmið eru að spila vel fyrir Val, bæta mig sem leikmann og vinna Íslandsmeistaratitil.“

– **Hvað langar þig að læra?**

„Mig langar að læra sjúkraþjálfun og þjálfun.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær? Hversu mikilvægt er fyrir íþróttafélag að rækta tengsl við sögu félagsins?**

„Friðrik Friðriksson árið 1911 held ég. Ég tel það sé mjög mikilvægt að rækta tengsl við sögu félagsins og kenna og segja krökkunum frá þessum merku mönnum.“

– **Áttu heilræði til krakka í íþróttum?**

„Hafiði trú á sjálfum ykkur, leggið ykkur ávallt fram við æfingar og leiki því æfingin skapar meistarann.“



Margrét Lára í baráttu um boltann í úrslitaleik Íslandsmótsins innanhúss 2004 á móti Stjörnunni sem Valur vann örugglega 2-0. (FKG)

– **Áttu lífsmottó?**

„Ná mínum markmiðum, leggja mig ávallt 110% fram á æfingum og í leikj-

um, æfa vel og markvisst og koma vel fram við fólk. Vera góða stelpa alltaf hehe.“

Knattspyrnuskóli Vals og Smith & Norland

Í sumar ákváðum við að prófa nýjar útfærslur á knattspyrnuskóla Vals og Smith & Norland. Skólanum var skipt upp í 3 aldursflokka :

* 6. og 7.fl.ka. og kv. tilheyrðu yngsta hópnum þar sem farið var yfir grunnþætti knattspyrnunnar. Æfingar voru í leikformi þar sem áhersla var á kennslu og að krakkarnir hefðu gaman að æfingunum. Æfingar voru alla virka daga frá kl. 10.00 - 12.00.

* 4. og 5.fl. ka. og kv. tilheyrðu miðhópnum. Iðkendur voru skipt upp í smáa hópa þar sem 4-6 æfðu saman

með einum þjálfara. Æfingar voru í formi einstaklingsþjálfunar þar sem áhersla var lögð á tæknilega þætti. Æft var 4 daga vikunnar klukkutíma í senn.

* 3. og 2.fl.ka. og kv. tilheyrðu elsta hópnum. Iðkendur voru skipt upp í smáa hópa þar sem 4-6 æfðu saman með einum þjálfara. Æfingar voru í formi einstaklingsþjálfunar þar sem áhersla var lögð á tæknilega þætti. Æft var 2 daga vikunnar klukkutíma í senn.

Þetta nýja fyrirkomulag kom að mörgu leyti vel út, iðkendur voru töluvert fleiri

en undanfarin ár. Iðkendur fengu mikið út úr æfingunum þar sem athyglin var meiri á iðkandann í smáum hópi. Nýja fyrirkomulag skólans þarf þó að próa og skipuleggja betur fyrir næsta ár en engin spurning að þetta er nýjung sem er komin til að vera.

Þjálfarar í knattspyrnuskóla Vals voru:

Dóra Stefánsdóttir, Guðmundur Brynjólfsson, Jóhanna Lára Brynjólfssdóttir, Jóhann Hreiðarsson og Sigurbjörn Hreiðarsson.

Með kveðju frá skólastjóra knattspyrnuskólans
Elísabet Gunnarsdóttir

Upp á Ösku

Eftir Lárus Hólm og Þorstein Haraldsson með aðstoð Nikulásar Úlfars Mátssonar

Í síðasta Valsblaði var sagt frá fyrstu völlum Vals vestur á Melum. Þar var Valur nokkru fram yfir það að bæjarvöllurinn á Melum var tekinn í notkun árið 1926. Melavöllur hét hann og var nærri þeim stað sem Þjóðarbókhladan stendur. Reykjavíkurbær byggði hinn nýja Melavöll og á honum áttu sama rétt til æfinga öll félögin fjögur (KR - Valur - Víkingur og Fram).

Eins og frá var sagt í síðasta þætti var þessi völlum byggður inná þriðja völlum Vals sem varð þá að hoga nokkuð til suðurs, en hélt þó við lýði enn um hríð, sennilega ein sjö ár.

Eitthvað hefur Valsmönnum þótt að sér þrengt á Melunum, því 1932 fékk Valur leyfi til að ryðja nýjan völlum. Þessi nýi völlum stóð við Haukaland við enda Öskjuhlíðar, þar sem nú eru hótél- og skrifstofubýggingar Flugleiða. Haukalandið var stórgrýtt og óslétt, en baráttan fyrir því að eignast eigin völlum sat í fyrir-rúmi. Með handafla, samstilltu átaki og góðum félagsanda tókst að ljúka verkinu og Haukalandsvöllum var vígður á 25 ára afmæli Vals, 11. maí 1936 - Valsmenn héldu daginn hátíðlegan með því að marséra með fána og lúðrasveit frá húsi KFUM við Amtmannsstíg inn allan Laugaveg og þaðan eftir „Snorrabraut“ að Haukalandi.

Melavöllurinn var fyrir æfingar meistaraflokka í fótbolta. Tvö og tvö félög skiptu völlum með sér hvern virkan dag, eða kvöld öllu heldur, því yfir daginn voru allir í vinnu. Melavöllurinn var líka fyrir frjálsar íþróttir og keppni fótboltafélaganna. Það var því oft að æfingar féllu niður. En hvar var ungvíðið?

Eins og fyrr segir áttu Valsmenn sinn völlum við hlið nýja Melavallarins og var hann notaður bæði til æfinga og keppni, einkum af 2. og 3. flokki. Þeir sem yngri voru hösluðu sér aðra velli og nær heimilum sínum.

Meðfylgjandi þessari grein er skipulagskort af Reykjavík árið 1930 - Ungir KR-ingar höfðu völlum á Rólutúni sem var

opið svæði milli Túngötu og Sólvalla-götu. Valsmenn og Framarar spiluðu „Uppá Ösku.“ Framarar bjuggu, eins og kortið sýnir, norðan Grettisgötu, en Valsmenn komu úr Þingholtunum og „Heiðna hverfinu“ (Freyjugata, Lokastígur, Þórsgrata, Baldursgrata o. s. frv.), en bæði lið æfðu og kepptu „Uppá Ösku,“ gömlum öskuhaugi, á svæði sem markast, eins og kortið sýnir, af Egilsgötu, Snorrabraut, Sundhöllinni og Barónsstíg. Hélt svo fram eftir öldinni, a. m. k. þar til Valur eignaðist Hlíðar-enda árið 1939. Valur var eins og kunnugt er deild í KFUM, en það voru hin félögin ekki. Eigi að síður voru margir þeirra félagsmanna sr. Friðriks drengir og félagar í KFUM. Strákarnir „Uppá Ösku“ höfðu með sér félag sem hét „Þrándur“ og skipti í því félagi engu hvort um var að ræða Framara eða Valsmenn. Vesturbæingar höfðu með sér félögin „Héðinn“ og „Baldur“. Þorsteinn Einarsson á Blómsturvöllum segir frá því í viðtali við Frímann Helgason í gömlum Þjóðvilja þegar Austur- og Vesturbæingum laust saman; hann minnst orrustu sem átti sér stað á Geirstúni, fyrir vestan Garðastræti: „Var þar samankominn hópur Vesturbæjarstráka, og höfðu í höndum alvæpni, sem voru aðallega spýtur allangar. Mun Austurbæingum hafa borist fregn um að þar væri álitlegur hópur samankominn og munu þeir hafa hugsað sér að leggja til atlögu við þá. Vitum við ekki fyrr en ískyggilega stór hópur stráka kemur upp Grjótaþorpið, fara þeir laumulega og fíkra sig fram hjá húsum þar og láta þau skýla sér sem mega. Þegar þeir koma upp fyrir Grjótaþorpið þéttist hópurinn, og var ekki árennilegur á að líta. Margir höfðu allangar spýtur og lagvopn. Aðrir höfðu fengið sér pjátursverð sem voru hin glæsilegustu og blikaði á þau fagurlega, en það var varla nema að sýnast, því þau dugðu illa og bognuðu og ónýttust við fyrstu högg... Er ekki að orðlengja það, að saman sigu fylkingar og

varð af nokkur vopnagnýr og barsmíðar, sem stóð nokkra stund. Höfðu þá ýmsir brotið vopn sín og allur glans farinn af „pjátur“sverðunum. Þegar menn höfðu gefið orku sína með útrás um stund hætti bardaginn, að því er virtist án þess að annarhvor hefði sigrað eða legði á flóttu, og fór svo hver til síns heima.“

Allir voru þeir góðir drengir. Góðir sr. Friðriks drengir og aðalskemmtun þeirra var að fara í KFUM á sunnudögum og hlusta á sr. Friðrik Þýða og lesa upp Tarzan.

Eins og sjá má af tveimur fyrstu þáttum þessara greina var Valur borinn í heiminn sem andleg hreyfing. Hann hneigðist til hernaðarhyggju snemma á þriðja áratug aldarinnar og varð loks kapítalisti með landakaupum á Hlíðar-enda árið 1939, en frá því segir í næsta Valsblaði.

Þessi grein sem Þorsteinn Haraldsson og Lárus Hólm hafa tekið saman með aðstoð Nikulásar Úlfars Mátssonar og Kristjáns Ásgeirssonar, sem vann kortið, er byggð á viðtali þeirra við Sigurð Ólafsson og minnispunktum Gísla Halldórssonar fyrrum forseta ÍSÍ. Þá er enn fremur vitnað til viðtals Frímanns Helgasonar við Þorstein Einarsson, verkstjóra og knattspyrnumann í KR.

Sjá kort í miðopnu með hverfaskiptingu árið 1930.



Meistaraflokkur karla í Evrópu keppni í handbolta 2004. Ferð til Zürich

eftir Gunnar Möller fararstjóra



Efri röð frá vinstri: Sveinn Stefánsson framkvæmdarstjóri, Jóhannes Lange liðstjóri, Pavol Polakovic, Hjalti Pálmason, Ægir Hrafn Jónsson, Vilhjálmur Halldórsson, Ingvar Árnason, Kristján Karlsson, Elvar Friðriksson, Guðmundur Árni Sigfússon aðstoðarþjálfari, Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari og Haraldur Daði Ragnarsson formaður hkd. Vals. Neðri röð frá vinstri: Baldvin Þorsteinsson, Ásbjörn Stefánsson, Pálmar Pétursson, Heimir Árnason fyrirliði, Hlynur Jóhannesson, Sigurður Eggertsson, Atli Rúnar Steinþórsson og Fannar Friðgeirsson.

Loksins, loksins! Valur aftur með lið í Evrópukeppni í handbolta og það bæði í meistaraflokki karla og kvenna.

Eftir að það var ákveðið í vor af stjórn og leikmönnum Vals að taka þátt í Evrópukeppni félagsliða í ár hófst öflug fjáröflun á meðal leikmanna og stjórnar handknattleiksdeildar. Leitað var ýmissa leiða til að safna fjár til ferðarinnar, t.d. með því að vinna við vörutalningu, tína rusl og ýmis önnur verkamannastörf.

Við rifjum hér upp ferðasögu meistaraflokks karla í stuttu máli.

Já, það ríkti mikil spennan þegar dregið var í annarri umferð Evrópukeppni félagsliða í handbolta. Við hefðum hæglega getað þurft að fljúga til eystri hluta Evrópu og leika á móti liði þaðan. En gæfan var með okkur í þetta skiptið og við drógumst á móti liði frá Sviss,

Grasshopper - Club Zürich handball. Í fyrstu var talað um að leika annan leikinn hér heima og hinn í Sviss, en niðurstaðan varð sú að við lékum báða leikina okkar í Sviss.

Það var síðan árla morguns 7. október sem 20 manna hópur hélt af stað úr hlaði frá Hlíðarenda. Hópurinn innihélt leikmenn, þjálfara, aðstoðarmenn og stjórnarmenn. Ferðinni var heitið til Zürich. Ferðin gekk vel og með viðkomu í Frankfurt vorum við komin á áfangastað rétt um kvöldmat. Það var vel tekið á móti okkur í Zürich. Við komuna byrjaði hópurinn á að koma sér fyrir á hótelinu en síðan var tekin létt æfing í Saalsporthalle, sem er heimavöllur Grasshopper.

Fyrri leikurinn, sem spilaður var föstudaginn 8. október, var heimaleikur Vals.

Í þeim leik lékum við ekki nógu vel í fyrri hálfleik. En virtist sem þreyta væri í strákunum enda kannski ekki skrytið þar sem við höfðum verið á ferðalagi allan fimmtudaginn. En það var betra lið sem kom inn á til að spila seinni hálfleik. En tveggja marka tap, 21-23, var engu að síður staðreynd.

Daginn eftir, laugardag, spiluðum við útileikinn. Menntu voru staðráðnir í að vinna þennan leik og komast áfram. Stemningin í hópnum var gríðarleg þrátt fyrir að meidsli nokkurra leikmanna væru að hrjá okkur. Við byrjuðum leikinn ekki nægilega vel og


staðan í hálfleik var 15 - 11 Grasshopper í vil. En með mikilli þrautseigju og góðum leik náðum við að jafna 18 - 18. Eftir það kom mjög góður leikkaflí og allt stefndi í að við myndum sigra og komast áfram. En mistök undir lok leiksins, misnotað dauðafæri og víti, urðu til þess að við náðum ekki að vinna og komumst ekki áfram í næstu umferð. Niðurstaðan varð jafntefli, 28-28.

Menn voru ekki sáttir við niðurstöðuna en ef horft er til baka þá var þetta gríðarleg reynsla fyrir ungt lið okkar Valsmanna.

Það jákvæðasta við þátttöku Vals í þessari Evrópukeppni er sú að nú er Valur komið aftur á kortið hvað Evrópukeppni varðar og með áframhaldandi frammistöðu eins og í Sviss megum við vera viss um að framtíðin er björt.

REYKJAVÍK

1930




Vestubærinn miðaðist við Garðastræti, austan þess var Austurbærinn.

KRingar höfðu völl á Rólutúni og í miðbænum voru Víkingar.

Framara var að finna í Skuggahverfi og yfirleitt norðan Grettisgötu.

Valsmenn réðu ríkjum í Þingholtunum, æfðu "Uppá Ösku" en frá 1936 og þar til Hlíðarendi var keyptur árið 1939, jafnframt á Haukalandi.



Frábær Vorgleði Vals

Laugardaginn 3. apríl sl. var stórveisla með Stuðmönnum á Hlíðarenda. Fjöl-margir Valsmenn fögnuðu vorkomunni með stæl eins og sést á meðfylgjandi myndum frá vorgleðinni. Veislustjóri var enginn annar en kyntröllið sjálf og ást-mögur þjóðarinnar, Jón „Góði“ Ólafsson tónlistarmaður. Heitasti dúetinn í bænum „Júdo og Stefán“ (Jón Ólafs og Stebbi Hilmar) flettuðu dægurlagasögunni saman við veisluna af snilld, Auðunn Blöndal (Auddi í 70 mínútum) var með flott uppistand og Stuðmenn allra lands-manna keyrðu síðan stuðið langt inn í nóttina. Valsmenn, merkið við 5. mars 2005 í dagbókina en þá verður næsta vorgleði haldin.



Íslandsmeistaratitillinn innan seilingar í meistaraflokkum Vals í handbolta

Skýrsla handknattleiksdeildar 2004

Segja má að síðasti vetur hafi verið viðburðarríkur hjá handknattleiksdeild Vals enda voru báðir meistaraflokkar félagsins að spila um sjálfan Íslandsmeistaratitilinn í lok tímabils. Strákarnir í mfl. stóðu sig mjög vel og byrjuðu tímabilið á því að verða Reykjavíkumeistarar og léku svo til úrslita á Reykjavík Open gegn einu sterkasta félagsliði heims, Magdeburg, en töpuðu naumlega.

Meistaraflokkur karla

Drengirnir lentu í öðru sæti í deildarkeppninni, komust alla leið í úrslit í Íslandsmótinu, þar sem við lutum í lægra haldi fyrir Íslandsmeisturum Hauka eftir að hafa slegið út FH-inga í átta liða úrslitum og ÍR-inga í undanúrslitum eftir tvíframlengdan leik og bráðabana í einum mesta spennuleik sem fram hefur farið á fjölnum á Hlíðarenda. Þá komumst þeir einnig í undanúrslit í bikarkeppninni, en töpuðu fyrir Fram. Drengirnir spiluðu vel framan af Íslandsmóti og enn eitt árið leit út fyrir að þeir myndu landa deildarmeistaratitlinum. Það gekk ekki

eftir þar sem við misstum á lokasprettinum titilinn til Hauka á markatölu. En, strákarnir eru orðnir mjög hungraðir í árangur og mikið býr í liðinu. Töluverð meiðsli settu strik í reikninginn á tímabilinu og er árangur liðsins þeim mun betri þegar það er tekið með að Roland, Bjarki og Markús voru mikið frá.

Keppnistímabilið 2004-2005 byrjaði með spennandi verkefnum og var ákveðið að afloknu tímabilinu 2003-2004 að Valsmenn skyldu á ný leika á meðal þeirra bestu og liðið tók þátt í Evrópukeppninni á þessu tímabili. Það er eitt-hvað sem sigursælasta félag landsins á að stefna að, að vera ávallt á meðal þeirra bestu og það ekki bara á Íslandi heldur spreya okkur í alþjóðahandknattleik. Mótherjar okkar í 2. umferð voru hið sterka atvinnumannalið GC Grasshoppers frá Zürich í Sviss. Ákveðið var að selja heimaleikinn og voru því báðir leikir ytra í októbermánuði. Skemmst er frá því að segja að drengirnir voru sorglega nálægt því að komast áfram en mikil meiðsli settu svip sinn á liðið framan af hausti og er það að hluta til skýringin

að ekki tókst að komast áfram í 3. umferð. Frekari skil á Evrópukeppninni er að finna annars staðar í blaðinu.

Meistaraflokkur kvenna

Stelpurnar í meistaraflokki stóðu sig einnig frábærlega og byrjuðu keppnistímabilið 2003-2004 á því að vinna Samskipamótið í Vestmannaeyjum og síðan fylgdu þær í fótspor strákanna og urðu Reykjavíkumeistarar.

Á Íslandsmótinu lentu þær í öðru sæti í deildarkeppninni eftir að hafa leitt mót-ið fram eftir vetri. Í átta liða úrslitum sigruðu þær Víkingsstúlkur, í undanúrslitum sigruðu þær Stjórnuna en þurftu að lokum að játa sig sigraðar í úrslitarimmunni fyrir Íslandsmeisturum ÍBV í æsispennandi lokarimmu sem hreif alla þjóðina með sér og jók veg og vanda kvennaboltans á Íslandi til muna, enda var vart annað rætt á kaffistofum landsmanna á meðan á rimmunni stóð. Náðu stelpurnar þar með besta árangri sínum eftir stofnun úrslitakeppninar og voru þær hársbreidd frá því að tryggja sér titilinn, en lutu í lægra haldi tvívegis eftir framlengingu í Eyjum. Glæsilegur árangur og mikil auglýsing og lyftistöng fyrir kvennaboltann á Íslandi.

Mikil meiðsli og barneignarfrí hafa sett svip sinn á liðið í vetur en þær þjöppuðu sér saman líkt og strákarnir og stóðu sig sem fyrr segir með mikilli þryði. Það var jafn og góður stígandi í leik liðsins og ljóst að framundan eru bjartir tímar í kvennaboltanum á Hlíðarenda.

Fyrir keppnistímabilið 2004-2005 var, líkt og hjá strákunum, tekin sú ákvörðun að senda liðið til keppni í Evrópu og lentu stúlkurnar gegn sænska liðinu Önnareds HK frá Gautaborg í Svíþjóð. Stelpurnar stóðu sig vel þrátt fyrir að lúta í lægra haldi heima og heiman, enda allar utan ein að spila sinn fyrsta Evrópuleik. Þátttöku stúlkanna í Evrópu-



Hjalta Pálmason sýnir flott tilþrif. (FKG)



Kolbrún Franklín með gott markskot. Hafrún Kristjánsdóttir og Gerður Beta fylgjast spenntar með. (FKG)

keppninni er einnig gerð ítarlegri skil annars staðar í blaðinu.

Yngri flokkar Vals í handbolta

Yngri flokkar félagsins stóðu sig að vanda með mikilli þrýði, en þó vannst einungis einn bikar að þessu sinni þegar lærisveinar Freys Brynjarssonar í fjórða flokki karla sigruðu UMFA í úrslitaleik SS bikarkeppinnar og hefur Freyr verið að gera góða hluti með þessa stráka undanfarin ár og mikils vænts af þeim á komandi árum.

Annar flokkur karla komst í undanúrslit í bikarkeppninni en tapaði í framleggingu fyrir bikarmeisturum KA og þá lentu þeir í þriðja sæti á Íslandsmóttinu eftir sigur á Víkingum um bronsið. Þriðji flokkur félagsins komst einnig í undanúrslit í bikarkeppninni en laut lægra haldi fyrir bikarmeisturum Fram og þá spiluðu þeir til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn, en töpuðu aftur fyrir Fram í hörkuúrslitaleik þar sem margir drengjanna voru að spila sinn sjötta leik á átta dögum og er það áhyggjuefni hvernig staðið var að niðurröðun Íslandsmóta karla í öðrum og þriðja flokki. Aðrir flokkar stóðu sig eins og áður segir með þrýði og góðir og hæfileikaríkir leikmenn í yngri flokkum karla og kvenna hjá félaginu.

Forgangsverkefni að efla barna- og unglíngastarfið

Forgangsverkefni næstu ára er að hlúa enn betur að barna- og unglíngastarfi fé-

lagsins og auka iðkendafjölda með því að fara í heimsóknir í hverfaskólanna og hafa sendiherrar Vals þeir Geir Sveinsson og Guðni Bergsson ásamt Óskari Bjarna og leikmönnum mfl. félagsins leitt þær heimsóknir sem þó hafa verið fátíðar, einkum vegna verkfalls í grunnskólum landsins. Heimsóknir þessar eru gríðarlega mikilvægar fyrir félagið og m.a. hugsaðar sem útbreiðslustarf félagsins og hafa heimsóknirnar hingað til heppnast vel enda hefur iðkendafjöldi aukist í kjölfar hverrar heimsóknar.

Sem fyrr er það alkunna að íþróttir eru ein besta forvörmin fyrir börn og unglíngar og leggur félagið mikið upp úr góðri og agaðri þjálfun þar sem iðkendur okkar læra að vinna saman og bera virðingu fyrir náunganum í leik og starfi. Þetta er m.a. það sem haft er að leiðarljósi í starfinu og hafa Valsmenn í gegnum tíðina verið þekktir fyrir að skila af sér framúrskarandi íþróttamönnum sem oftar en ekki hafa verið fyrirmyndir og uppistaðan í landsliðum okkar og vonandi verður það áfram raunin um ókomin ár.

Af þjálfaramálum

Í þjálfaramálum yngri flokka voru ekki miklar breytingar að þessu sinni en þó einhverjar. Bjarney Bjarnadóttir tók við 5.fl. kvenna af Hafdísí Hinriksdóttur sem fór í fæðingarleyfi og Jóhannes Lange kom til okkar frá HK og mun hann stýra 4.fl.-og unglíngaflokki kvenna Ásamt Pétri Axel þar sem Jónas Már Fjeldsted hvarf á braut og hélt í víking til Vestmannaeyja eftir að hafa stýrt liðinu 2003-

2004. Jónas náði góðum tókum á þeim flokkum og var árangur vetrarins um margt ágætur. Eftirmenn Jónasar eru þó engir efturbátar og ljóst er að þeir Pétur Axel og Jóhannes eru að gera góða hluti með stelpurnar enda eigum við 3 landsliðstelpur þar og eru þar margar stelpur sem geta náð langt ef þær leggja sig enn meira fram. Í 4.fl. karla tók Brendan Þorvaldsson við þjálfun flokksins þar sem Freyr Brynjarsson bað um frí frá þjálfun.

Leitast var við sem fyrr að leggja metnað í yngri flokka starfið, en það má alltaf gera betur og er það öllum er að starfinu koma ljóst enda ærið verk að vinna þar. Samið var aftur við alla aðra þjálfara félagsins og að auki mörkuð sú stefna að leitast verði við að bæta við fleiri hæfileikaríkum þjálfurum og aðstoðarmönnum sem gætu orðið framtíðarþjálfarar hjá félaginu. Þetta er að sjálf-sögðu með það að leiðarljósi að yngri flokkarnir, sem eru undirstaða og framtíð félagsins, haldi áfram að blómstra og ala upp afreksmenn framtíðarinnar. Það má ekki mikið út af bera og getur stjórn félagsins gert mun betur í yngri flokka starfinu og er það forgangsverkefni komandi ára að treysta það og bæta.

Stofnun unglíngaráðs og foreldraráða

Á haustmánuðum var reynt ítrekað að koma á laggirnar aftur virku og öflugum unglíngaráði sem mun m.a. hafa sem eitt af sínum fyrstu verkum umsjón með að stofnað verði foreldraráð fyrir hvern flokk í samvinnu og samráði við Þórð íþróttafulltrúa. Það hefur þó reynst þrautinni þyngri og áhyggjuefni hversu illa gengur að fá „gamla“ Valsara til að starfa fyrir félagið og koma að starfinu.

Jákvæðir hlutir gerðust þó einnig á tímabilinu varðandi yngri flokkana og voru t.d. bolta- og búningamál félagsins tekin í gegn og fengu allir iðkendur nýja keppnispeysu og bolta til eignar við greiðslu æfingagjalda, sem sjaldan eða aldrei hafa verið inheimt jafn hratt og vel sem er mikilvægt til að standa skil á greiðslum til handa þjálfurum og við annan rekstur sem hlýst af starfinu.

Dómaramál áhyggjuefni

Eitt af áhyggjuefnum félagsins almennt er hvernig dómaramálum Vals er háttað og hversu fáa dómara við eigum. Fyrir liggur að formaður HDSÍ mun halda

námskeið á tímabilinu 2004-2005 og fara yfir störf dómara á léttan og fræðandi hátt fyrir yngri flokka félagsins með það að markmiði að Valur geti skilað af sér fleiri dómurum í framtíðinni. Staðan á dómaramálum landsmanna er ekki beysin og er það okkar félaganna að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að laga það. Ekki þýðir að benda á aðra og saka dómarréttina endalaust, þetta er sameiginlegt vandamál sem þarf að leysa og það fyrir en síðar. Við Valsmenn eigum ekki að vera eftirbátar annarra lengur og þurfum að taka til í þessum málum hjá okkur með hagsmuni handboltans í heild sinni að leiðarljósi.

Breytingar á leikmannahópi

Að afloknu keppnistímabilinu 2003-2004 urðu töluverðar breytingar á leikmannahópi Vals eins og gengur og gerist en þó er langt síðan jafnmargir hafa horfið á braut. Í sumar hvarf einn af dáðadrenjum Vals Markús Máni Maute á braut og hélt í atvinnumensku til Düsseldorf í Þýskalandi, óskum við honum velfarnaðar og færum honum bestu þakkir fyrir hans framlag hér á Hlíðarenda sem er ómetanlegt. Sýndi Markús af sér mikið trygglyndi við félagið er hann krafðist uppeldibóta af Düsseldorf til handa félaginu án þess að hann þyrfti þess þar sem hann var samningslaus og gat farið án kvaða. Þetta er öðrum til eftirbreytni og sýnir hvaða góða mann Markús hefur að geyma. Þá kvaddi leikjahæsti leikmaður Vals frá upphafi í mfl. karla, Freyr Brynjarsson félagið og gekk til liðs við systurfélag okkar Hauka í Hafnarfirði. Freyr er einn af okkar



Reykjavíkurreistarar 5. flokks karla.

bestu drenjum og framlag hans hér á Hlíðarenda seint metið að verðleikum enda var hann alltaf boðinn og búinn til að aðstoða og var hann aukinheldur frábær leikmaður, þjálfari og umfram allt Valsari. Eru Freysa færðar hugheilar þakkir og ósk um gott gengi á nýjum

vígstöðvum. Þá kvöddum við Valsmenn Roland Val Eradze sem ákvað að söðla um og hélt hann ásamt fjölskyldu til

Eins og áður hefur verið tíundað náði mfl. karla góðum árangri undir handleiðslu Óskars á hans fyrsta ári og ljóst



Arna Grímsdóttir í hraðaupphlaupi. (FKG)

Vestmannaeyja og gekk til liðs við ÍBV. Er Roland þakkað hans framlag hér á Hlíðarenda og óskað velfarnaðar í framtíðinni. Af öðrum leikmannamálum á nýliðinni leiktíð er það að fréttu að varnartrollið Ragnar Ægisson söðlaði um og gekk til liðs við HK, Davíð Sigursteinsson var áfram lánaður til Þórs á Akureyri og Ásbjörn Stefánsson sem var lánaður til Víkinga tímabilið 2003-2004, kom til okkar aftur fyrir yfirstandandi tímabil.

Maður kemur þó í manns stað og var strax eftir brothvarf Markúsar gengið frá því að landsliðmaðurinn Vilhjálmur Halldórsson gengi til liðs við okkur frá Stjörnunni og er það mikill styrkur fyrir okkur Valsmenn að hafa fengið hann í okkar raðir, enda gífurlega mikið efni þar á ferð sem miklar vonir eru bundnar við. Til að fylla skarð Rolands kom til liðs við okkur Eyjamaðurinn Hlynur Jóhannesson og mun hann ásamt Pálmari Péturssyni sjá um að hrella sóknarmenn annarra liða og erum við Valsmenn án efa með eitt besta markvarðapar landsins um þessar mundir. Þá var ákveðið að semja við örhentun skyttuna og slóvanska landsliðsmanninn Pavol Polakovic um að fylla í fótspor Bjarka Sigurðssonar og Hjalta Gylfasonar sem báðir eru frá vegna meiðsla og þeirra er sárt saknað en vonir bundnar við að þeir komi endurnærðir í slaginn á næsta keppnistímabili og jafnvel útlit fyrir að Hjalti verði klár fyrir vorið. Það er því ljóst að Valur mun áfram leitast við að vera áfram í fremstu röð og fyrirmynd annarra félaga.

að hann er á réttri leið með liðið og hefur hann staðið undir væntingum og rúmlega það, enda einn færasti þjálfari landsins.

Í meistaraflokki kvenna var haldið áfram að byggja á þeim efniviði sem félagið hefur alið af sér á undanförunum árum, Guðríður Guðjónsdóttir er á sínu þriðja ári sem þjálfari mfl. kvenna og henni til fulltingis í ár er einn af okkar bestu drenjum, Valdimar Grímsson. Uppskeran á síðasta tímabili er besti árangur liðsins í langan tíma og liðið er ungt að árum og hér er verið að byggja til framtíðar. Það er ljóst að miklir hæfileikar og áráðni býr í hópnum en liðið verður að sýna þolinmæði og ekki er spurning að stúlkurnar munu ná þeim árangri sem þær vilja þegar fram líða stundir enda 6 A landsliðskonur í okkar röðum í dag og ekkert annað lið sem getur státað af slíkum fjölda landsliðskvenna. Fyrir tímabilið 2003-2004 var gengið frá samningum við stóran hluta liðsins til 3 ára og markmiðið er að koma kvennaboltanum á Hlíðarenda í fremstu röð.

Töluverðar breytingar áttu sér stað á leikmannahópnum á tímabilinu 2003-2004 og var mikið um meiðsli og barn eignarfrír. Gerður Beta Jóhannsdóttir sem hafði komið aftur heim í okkar raðir frá Víkingum hefur nú þurft að leggja skóna á hilluna um stundarsakir vegna langþráðra meiðsla. Brynja Steinsen sem kom til okkar aftur frá Haukum, þurfti að hverfa frá á miðju tímabili vegna barnsburðar og er hún væntanleg á tímabilinu 2004-2005 líkt og Hafdís Hinriksdóttir

sem kom til okkar frá Danmörku en líkt og Brynja fór hún í fæðingarleyfi og er væntanleg 2004-2005. Þá hélt Drífa Skúladóttir á vit ævintýrana að afloknu tímabilinu 2003-2004 og leikur nú með liði í Berlín í Þýskalandi og Elfa Björk Hreggviðsdóttir hélt einnig í viking til Þýskalands með unnusta sínum og er henni og Drífu óskað velfarnaðar og þakkað frábært framlag til félagsins og hlökkum við til að sjá þær aftur í okkar röðum er fram líða stundir enda einstaklega góðar og traustar stelpur þar á ferð.

Til liðs við okkur gengu unglíngalandsliðskonurnar Soffía Rut Gísladóttir frá Víkingi og Katrín Andrésdóttir frá KA/Þór og eru miklar vonir bundnar við þær enda þar á ferð hæfileikaríka stelpur sem eiga eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni. Ljóst er að markið er áfram sett hátt og ætlum við Valsmenn og konur okkur að spila um þá titla sem í boði eru.

Á haustmánuðum hefur síðan kvarnast enn meira úr liðinu þar sem fyrirliðinn Sigurlaug Rúnarsdóttir er með barni og þá sleit Árný Björg Ísberg krossbönd í haust og verður frá í nokkra mánuði.

Skemmtileg stemning á heimaleikjum Vals í handbolta

Hægt er að fullyrða að stemningin á heimaleikjum Vals á Hlíðarenda var ágæt veturinn sem leið og tókst leikmönnum, þjálfurum, starfsfólki og stuðningsmönnum að skapa umgjörð sem Valur getur verið stoltur af. Betur má þó ef duga skal og er það áhyggju- og umhugsunarefni hversu fáir áhorfendur eru að mæta á flesta leiki og þarf að gera verulegt átak í þeim málum. Samkeppnin um athygli fólks hefur aukist til muna á undanförunum árum og það er ekki fyrir en félagið er komið í úrslit um bikara sem fólk lætur sjá sig en það



Gíslí Níelsson (GIN) skúrar í leik við Hauka. (FKG)

eru einnig margir aðrir samverkandi þættir sem skýra þetta, og ekki er keppnisfyrirkomulagið að hjálpa til. Það er lykilatriði fyrir framgang handboltans á Hlíðarenda, þ.e. að stuðningsmenn taki virkan þátt í starfinu og styðji klúbbinn í gegnum súrt og sætt. Hlutirnir gerast ekki að sjálfu sér og félagið þarf á öflugum stuðningi félagsmanna að halda, enda er miklu skemmtilegra að taka þátt og vera hluti af þeim árangri sem næst hverju sinni.

Á vordögum var stofnaður stuðningsmannaklúbbur og settu meðlimir hans verulegan svip á leikina og er frábært að það sé loksins kominn formlegur stuðningsklúbbur sem fylgi félaginu eftir í boltaþróttum félagsins. Áriðandi er þó að viðhalda honum og er aðkoma fleiri stuðningsmanna nauðsynleg til að auka veg og vanda klúbbsins, stækka hann enn frekar sem er félaginu gríðarlega mikilvægt. Það er klárt mál að í félaginu eru inn á milli bestu stuðningsmenn landsins og sér maður oft en ekki sömu andlitin á öllum leikjum í karla- og kvennaþróttum félagsins, að styðja eða vinna á leikjum, það er ómetanlegt eiga svona fólk í sínum röðum.

Viðurkenningar á uppskeruhátíð handknattleiksdeildar:

Unglingaflokkur kvenna

Leikmaður flokksins:

Thelma Benediktsdóttir.

Mestu framfarir: Elísabet Fjóludóttir.

Ástundun og áhugi: Áslaug Axelsdóttir.

4. fl. kvenna

Leikmaður flokksins:

Þórgunnur Þórðardóttir.

Mestu framfarir: Rakel Ólafsdóttir.

Ástundun og áhugi: Sigrún Sigurðardóttir.

5. fl. kvenna

Leikmaður flokksins:

Kristrún Njálisdóttir og Aðalheiður.

Mestu framfarir: Nikolína Sveinsdóttir.

Ástundun og áhugi: Kristín Ásgeirsdóttir.

6. fl. kvenna

Leikmaður flokksins:

Ásta Björk Bolladóttir.

Mestu framfarir: Birna Steingrimsdóttir.

Ástundun og áhugi: Helga Þóra Björnsdóttir og Bryndís Bjarnadóttir.

7. fl. kvenna

Allir fengu viðurkenningu fyrir þátttöku.

3. fl. karla

Leikmaður flokksins:

Ingvar Árnason.

Mestu framfarir: Elvar Friðriksson.

Ástundun og áhugi:

Fannar Þór Friðgeirsson.

Mikilvægasti leikmaður flokksins:

Einar Gunnarsson.

4. fl. karla

Leikmaður flokksins: Anton Rúnarsson.

Mestu framfarir: Haukur Gunnarsson.

Ástundun og áhugi: Orri Freyr Gíslason.

Maggabikarinn: Haraldur Haraldsson.

5. fl. karla

Leikmaður flokksins:

Þórður Jörundsson.

Mestu framfarir:

Benedikt Gauti Þórdísarson.

Ástundun og áhugi:

Atli Dagur Sigurðarson.

6. fl. karla

Leikmaður flokksins:

Anton Freyr Traustason.

Mestu framfarir:

Grímur Guðjónsson.

Ástundun og áhugi:

Agnar Smári Jónsson.

7. fl. karla

Allir fengu viðurkenningu fyrir þátttöku.

8. fl. karla

Allir fengu viðurkenningu fyrir þátttöku.



3. fl. karla. Guðmundur Árni, Elvar, Fannar Þór og Einar.



5. fl. karla. Þórður, Atli Dagur, Benedikt og Sigurður.



7. fl. karla.



Unglingaflokkur kvenna. Jónas, Áslaug, Thelma og Pétur Axel.



5. fl. kvenna. Hafdís, Aðalheiður, Nikolína, Kristín og Krístrún.



7. fl. kvenna.



4. fl. karla. Freyr, Orri Freyr, Haraldur og Anton.



6. fl. karla. Jón, Anton Freyr og Agnar Smári.



8. fl. karla.



4. fl. kvenna. Jónas, Sigrún, Rakel, Þórgunnur og Pétur.



6. fl. kvenna. Árný, Bryndís, Birna, Helga Þóra og Ásta.



Björt framtíð

Á Hlíðarenda verður áfram haldið á sömu braut uppbyggingar og leitað leiða til að auka mætingu og stuðning við félagið. Eitt er þó víst, grunnurinn er góður og framtíðin björt hjá okkur Valsmönnum og því ekki ástæða til annars en að hlakka til handboltavetrarins 2004-2005.

Öllum iðkendum, þjálfurum, leikmönnum, starfsmönnum, stuðningsmönnum, stjórnarmönnum og samstarfsaðillum eru sendar hugheilar þakkir fyrir óeigingjart, ómetanlegt og frábært samstarf því án ykkar væri þetta ekki hægt.

Stjórn handknattleiksdeildar Vals:

Haraldur Daði Ragnarsson, *formaður*
 Snorri Páll Jónsson, *varaformaður*
 Eiríkur Sæmundsson
 Gunnar Möller
 Stefán Karlsson
 Jóhann Birgisson
 Sigurður Ragnarsson

F.h. stjórnar,
 Haraldur Daði Ragnarsson



Fannar Þór Friðgeirsson ekki tekinn vettlingatökum af ÍR vörninni. (FKG)

Hver er Valsmaðurinn:

Skandall að ekki skuli vera kvennakarfa hjá Val

Torfi Magnússon, einn litríkasti leikmaður Vals

Torfi Magnússon á að baki langan og farsælan feril sem leikmaður og þjálfari í körfubolta hjá Val. Torfi var í Valsliðinu sem varð Íslandsmeistari í körfubolta 1980 og 1983 og vann auk þess til fjölda annarra verðlauna á þeim tíma. Síðan þá hefur Valur ekki náð þeim árangri í körfu. Torfi á auk þess langan og farsælan landsliðsferil að baki í körfubolta.

Torfi varð vel við beiðni Valsblaðsins um viðtal og greinilegt er að hugur hans stendur til að Valur verði í ný stórveldi í körfubolta og fari auk þess að leggja rækt við kvennakörfu að nýju.

– Hvernig stóð á því að þú fékkst áhuga á körfubolta?

„Jens bróðir minn var byrjaður að æfa körfubolta á undan mér og ég eitthvað farinn að prófa þessa nýstárlegu íþrótt. Það er hins vegar Jóhannes Magnússon sem er ábyrgur fyrir því að ég byrjaði í körfubolta. Hann skoraði á Kjartan Jóhannesson vin minn að mæta á æfingu inni á Hálogalandi hjá Körfuknattleiksfélaga Reykjavíkur (KFR). Eftir það var ekki aftur snúið, ég heillaðist alveg af körfuboltanum. Áður hafði ég mætt á nokkrar fótboltaæfingar hjá Val, sennilega fyrir tilstuðlan Gríms Sæmundsen, sem var bekkjarbróðir minn um tíma í Austurbæjarskólanum. Ég æfði líka sund, en hætti því þegar karfan tók við.“

– Af hverju varð Valur fyrir valinu?

„Eins og ég sagði þá byrjaði ég í KFR, en nokkrum árum síðar var það félag innlimað í Val. Við það var ég mjög sáttur þar sem ég hef alltaf verið mikill Valsmaður.“

– Hver er að þínu mati helsti munur á starfi félagsins þegar þú varst leikmaður í samanburði við daginn í dag?

„Satt best að segja veit ég það ekki. Þeir sem veljast til forystu í deildum í Val gera það oftast af því að þeir vilja láta gott af sér leiða. Það gengur mis-

jafnlega að fá fólk til starfa og hefur ekki gengið sem best síðustu ár. Þetta hangir mjög saman við gengið hjá meistara-flokki. Að vísu er unglिंगastarfið og sérstaklega foreldrastarfið mun betra núna. Þjálfararnir upp til hópa eru betri og menntaðri en í gamla daga.“

– Hvað er það minnisstæðasta sem þú upplifðir sem leikmaður eða þjálfari í Val?

„Sem leikmaður er náttúrulega minnisstæðast þegar við unnum alla titla 1980 og 1983. Það er náttúrulega alltof langt síðan þetta var og verður að fara að gera eitthvað til að koma deildinni almennilega á blað aftur.“

– Hefur þú einhverjar skemmtilegar sögur af leikmönnum eða leikjum frá því þú varst sjálfur að spila?

„Það er oft verið að spara fé þegar farið er í keppnisferðir. Við áttum að spila á Akureyri gegn Þór. Vinnufélagi minn sem er flugmaður ætlaði að fljúga með helming liðsins norður, hinn helmingurinn fór með áætunarflugi. Þegar til átti að taka var vélin sem við áttum að fara með ekki á staðnum og annarri reddað, reyndar allt of seint og við fórum af stað. Veðrið hafði versnað og þegar við komum norður sá flugmaðurinn Eyjafjörðinn í gegnum gat í skýin og steypiti sér niður. Hurðin á farþegarýminu opnaðist við einhvern hristing og við vorum hálf skelkaðir allir saman. Þegar við komum í húsið var leikurinn hafinn með þeim leikmönnum sem komnir voru. Að sjálf-sögðu komumst við aldrei í takt við leikinn og í lokin vorum við einu stigi yfir og við brutum á Þórsaranum Jóni Birgi. Hann hitti ekki úr vítunum og sagði bara að það væru ekki alltaf jólnin.“

– Hvaða fyrirmyndir hafðir þú sem leikmaður?

„Þeir leikmenn sem ég leit mest upp til voru Þórir Magnússon félagi minn í Val, Birgir Jakobsson í ÍR og Birgir Örn



Torfi Magnússon í landsleik 1985.

Birgisson í Ármanni. Þetta voru leikmenn með stíl. Það var svo sjaldan sem við sáum NBA leiki á þessum tíma að þeir leikmenn urðu engar fyrirmyndir hjá okkur.“

– Hvernig finnst þér uppbygging körfuknattleiksdeildarinnar í Val undanfarin ár?

„Mér sýnist þjálfararnir vera að vinna gott starf. T.d. var Ágúst Björgvinsson mjög öflugur sem yngri flokka þjálfari og Bergur Emilsson er kominn í gang með fína flokka í yngsta aldurshópnum. Hins vega virðist vanta upp á að stjórnin sé með stefnumótun til framtíðar. Það er ótækt að meistaraflokkur haldi áfram jójó ferðalagi milli deilda. Til að fá öflugt lið þarf að byggja á heimaöldum leikmönnum sem fá tækifæri til að þroskast og verða betri í stað þess að að-



Torfi Magnússon í leik 1979 á móti Fram.

eins betri eldri miðlungsleikmenn sem detta inn í félagið spili alla leiki í meistaraflökki. Skilaboðin til ungu strákana í félaginu verða að vera skýr. Leggi þeir sig fram fá þeir tækifæri til að spila, en verða ekki bara uppfylling á bekknum eins og nú er.“

– **Hvað finnst þér um að við höfum ekki kvennakörfu starfandi í félaginu?**

„Það er náttúrulega skandall að ekki sé kvennakarfa í Val. Það voru mistök þegar aðalstjórn Vals krafðist þess að kvennakarfan yrði lögð niður. Við vorum með fínt lið og gott starf í kvennaboltanum, en af einhverri óútskýrðri skammsýni var allt í einu sagt stopp. Íþróttafélögum eiga ekki að mismuna kynjunum á þennan hátt.“

– **Hvernig lýst þér á uppbyggingu svæðisins okkar og hvaða áhrif heldur þú að þetta muni hafa á framtíð félagsins?**

„Það er unnið af framsýni og stórhug að uppbyggingu á Valssvæðinu. Með slíku hugarfari er hægt að lyfta félaginu

upp á hærra plan í öllum deildum og vonandi verður það svo. Aðstaða til að æfa og spila körfubolta verður frábær að Hlíðarenda. Það verður hægt að spila körfubolta á þremur völlum í einu í nýja húsinu. Það verður að stefna á það að við höfum frambærilegt lið þegar við tökum húsið í notkun.“

– **Hvernig stóð á því að þú fórst að þjálfari og hvað var fyrsta liðið sem þú þjálfadir?**

„Ætli það hafi ekki verið vegna þess að ég er svo lélegur í að segja nei. Ekki var það vegna þess að ég kynni mikið í körfubolta. Líkast til hef ég notað æfingarnar sem ég var með í mínum flokki fyrir flokkinn sem ég var að þjálfari. Sem betur fer er þetta ekki svona núna. Ég man nú ekki lengur hvaða lið það var sem ég var skráður þjálfari hjá fyrst, en það voru strákar sem voru lítið yngri en ég. Frá 1972 eða 73 til 1989 þjálfaði ég á hverju ári einhvern flokk eða flokka hjá Val, að undanskildum tveim árum þegar ég var í Íþróttakennaraskólanum á Laug-

arvatni. 1989 var mér sagt upp sem þjálfara meistaraflökks og kom svo aftur til starfa 1995 þegar ég hafði verið landsliðsþjálfari í fimm ár. Þá var allt í kalda koli í deildinni og okkur hefur ekki tekist að komast út úr þeim vandræðum.“

– **Hver er þinn besti árangur sem leikmaður og þjálfari?**

„Við unnum slatta af titlum í byrjun níunda áratugarins og Valur var með gott lið alveg fram til 1992. Ekki get ég stáð af því að hafa unnið marga titla með Val sem þjálfari, en hins vegar hitti ég oft fyrrum leikmenn sem telja sig hafa haft gott af því að vera hjá mér.“

– **Ertu hjátrúarfullur, varstu með einhverja sérstaka rútinu fyrir leiki?**

„Ég er nú ekki neitt sérstaklega hjátrúarfullur, ég spilaði þó alltaf í búningi númer 6. Í einhverjum galsa þá skiptu allir leikmenn um númer í einum leik. Leikurinn fór ekki vel og ég ákvað að spila ekki aftur með vitlaust númer. Eftir leikinn kom dómari leiksins Jón Otti til mín og bað mig að gera sér þetta ekki aftur. Hann var alltaf að dæma villur á leikmann nr. 6 sem var á bekknum.“

– **Hvernig finnst þér körfuboltinn nú í dag í samanburði við þegar þú varst sjálfur að spila?**

„Það er nú svo merkilegt að íslenskur körfubolti hefur ekki breyst mikið. Það spila öll lið meira og minna „run and gun“ bolta. Stundum gengur það vel og stundum ekki. Þetta er oft skemmtilegt á að horfa, en sjaldnast dugur þetta þegar við spilum við körfuboltalið frá stærri þjóðum. Undantekningin er Keflavíkurliðið um þessar mundir. Erlendir leikmenn hafa lengi verið afar mikilvægur þáttur í velgengni liða hér á landi, en það þarf að hafa góða íslenska leikmenn ef vel á að ganga.“

– **Eitthvað sem þú vilt koma að varðandi körfuna eða félagið í heild sinni?**

„Framundan eru skemmtilegir tímar í Val. Uppbyggingin á svæðinu er framtíðarmúsík að mínu skapi. Það eru allar forsendur fyrir því að félagið geti lyft sér úr þeim öldudal sem það er núna. Fjárhagsleg endurskipulagning hefur skilað sér þannig að félagið stendur vel. Öflug aðalstjórn virðist vera í félaginu og þá þarf bara að taka til hendinni í körfubolta-deildinni. Við eigum fullt af efnilegum strákum sem eiga að skila sér inn í meistaraflökk á næstu árum og með þá sem kjarna ætti framtíðin að vera björt. Svo þarf að byggja upp kvennakörfu að nýju.“

Ekki gleyma yngri flokkunum

Þjálfarasystkini í Val stefna hátt



Systkinin frá vinstri talið: Ólafur Brynjólfsson með son sinn Brynjólf, Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir með Sigrúnu dóttur Guðmundar og Guðmundur Brynjólfsson með son sinn Ólaf.

Ekki reyndist auðvelt verk að finna tíma fyrir önnum kafin Valsystkinin tvíburana Guðmund og Ólaf og Jóhönnu börn Brynjólfs Lárentsússonar og Jóhönnu Gunnþórsdóttur, en undanfarin ár hafa systkinin þrjú annast þjálfun yngri flokka Vals í knattspyrnu af miklum áhuga og með góðum árangri.

Þau tóku afar vel í beiðni um viðtal í Valsblaðið og eitt föstudagskvöld í október tókst að hitta þau öll þrjú yfir rjúkandi kaffibolla á heimili Guðmundar í Kópavoginum þar sem hann býr ásamt konu sinni Hrafnhildi og tveimur börn-

um þeim Ólafi tveggja ára og Sigrúnu eins árs. Auk þess var kona Ólafs Ólafía Björg og sonur þeirra Brynjólfur Már á svæðinu.

Börnin skriða um, síminn hringir oft og það er mikið líf í kringum systkinin, Jónanna mamma þeirra var í heimsókn, en þau gáfu sér samt góðan tíma til að spjalla um eigin íþróttuferil, þjálfunarferil og ræða um uppbygginguna hjá Val á milli þess sem þau svöruðu í símann, sinntu ungum börnum og ýmsum erindum. Þau höfðu frá ýmsu að segja og eru með ákveðnar skoðanir þegar kemur að íþóttaiðkun og þjálfun, enda hafa þau öll

lifað og hræst í íþróttum frá blautu barnsbeini.

Árið 1989 voru þau systkinin ásamt foreldrum í viðtali við Valsblaðið sem Valsfjölskylda, en það er einmitt árið sem meistaraflokkur félagsins vann síðast Íslandsmeistaratitilinn í kvennaflokki, eins og Ragnheiður Víkingsdóttir rifjar upp annars staðar í blaðinu. Lesendur eru hvattir til að rifja það viðtal upp, en þar sagði Brynjólfur faðir þeirra m.a. „Nú á tímum vinna báðir foreldrar yfirleitt utan heimilisins og því gefst lítil tími til þess að vera með börnunum. Allir eru á sífelldu spani og enginn má vera að

neinu. Þess vegna reynum við að fremsta megni að nýta okkur tíma með börnunum í þeirra áhugamálum. Það hlýtur að skila sér seinna á lífsleiðinni.“ Hægt er að taka undir þessi orð föður þeirra.

Fram kom að foreldrar þeirra hafa alla tíð verið Valsarar og sem dæmi um áhuga Brynjólfs pabba þeirra þá leigði hann ásamt félögum sínum flugvél frá Hellissandi 1968 til að sjá leik Vals og Benfica á Laugardalsvöllinum, en þá var sett áhorfendamet á fótboltaleik hér á landi sem ekki var slegið fyrir en í sumar þegar Ítalir sóttu Íslendinga heim, en rúmlega 18 þúsund manns mættu á Laugardalsvöllinn og sáu Val gera 0-0 jafntefli við stjörnum prýtt lið Benfica með Eusebio fremstan í flokki. Fjölskyldan bjó í Breiðholti þegar krakkarnir voru litlir og tvíburarnir byrjuðu 6 ára í íþróttum. Strákarnir voru sammála því að mikið metnaðarleysi hafi þá einkennt starfið hjá ÍR og sem dæmi um það sögðust þeir oft hafa þurft að vekja þjálfarann um helgar til að draga hann á fætur til að þjálfra strákana.

Tvíburarnir í Val 7 ára

„Þegar við vorum 7 ára tók pabbi málin í sínar hendur og byrjaði að skutla okkur á æfingar hjá Val og síðan var ekki aftur snúið og Valsheimilið hefur síðan nánast verið okkar annað heimili og foreldrar okkar voru mjög duglegir að skutla okkur á æfingar en þegar við urðum stærri þá fórum við með strætó á æfingar og það var ekkert mál,“ segir Guðmundur og telur að mjög vel hafi verið staðið að þjálfun í yngri flokkunum hjá Val á þeim tíma. Ólafur segir að mjög margir hafi verið í yngri flokkunum í 5. og 6. flokki og þeim hafi gengið ágætlega í Reykjavíkurmótum og Pollamótum og enduðu í 2. sæti á Íslandsmótinu í 5. flokki. „Hópurinn var mjög samhentur og stór hluti hópsins var úr Breiðholti og voru einnig skólafélagar okkar. Í þá daga þótti ekkert tiltökumál að ferðast á æfingar í strætó og Valur var félag með glæsta sögu og iðkendur komu víðs vegar að úr borginni,“ segir Ólafur.

Frábært tímabil 1989 í 4. flokki

„Árið 1989 gekk allt upp hjá okkur strákunum,“ segir Guðmundur. „Við urðum Íslands- og bikarmeistarar í 4. flokki og vorum ósigrandi þetta sumar og ég man vel eftir úrslitaleiknum við FH sem við burstuðum 5-0 og ég setti þrjú,“ segir



Tvíburarnir Ólafur og Guðmundur halda á Jóhönnu Láru litlu systur.

Guðmundur og leiðist greinilega ekki að rifja upp þessa tíma. Ólafur segir að á þessum tíma hafi Valur verið raunverulegt stórveldi á íslenskan mælikvarða í fótbolta, félagið var t.d. Íslandsmeistari nokkrum sinnum á 9 áratugnum og síðast 1987 með marga frábæra knattspyrnumenn innanborðs, t.d. Guðna Bergsson, Sævar Jóns og Þorgrím Þráins. Einnig landaði meistaraflokkur kvenna mörgum titlum á þessum tíma, síðast Íslandsmeistaratitli 1989 með frábæran hóp. „Árangur meistaraflokka félagsins á þessum tíma, bæði hjá körlum og konum, sannkallað gullaldartímabil, hafði örugglega mikið að segja fyrir okkur strákana sem áttum sterkar fyrirmyndir og metnaðurinn var mikill,“ segir Ólafur sannfærandi og brosir um leið.

Íslandsmeistarar samtímis í fótbolta og körfubolta

Tvíburarnir Guðmundur og Ólafur urðu Íslands- og bikarmeistarar með 4. flokki Vals og einnig Íslandsmeistarar í 10. flokki í körfubolta. Á unglingsárum urðu þeir síðan að velja á milli körfu og fótbolta og það æxlaðist þannig að fótboltinn varð fyrir valinu hjá þeim báðum. Annars fannst þeim mjög gaman í körfubolta en það var ekki hægt til lengdar að stunda afreksþjálfun í báðum íþróttareignum.

Hallar undan fæti hjá Val

Tvíburarnir voru sammála því að í yngri flokkunum hafi þeir verið með marga metnaðarfulla þjálfara hjá Val, t.d. Robba

Jóns, tækniæfingar hafi verið góðar, mikill agi á æfingum og hópurinn samhentur og strákarnir hafi allir fengið að spila mikið í leikjum. Strákarnir sögðust á hinn bóginn hafa verið með marga þjálfara í yngri flokkunum hjá Val og að þeirra mati var það ekki gott, samfellan í þjálfuninni var ekki góð og eftir því sem ofar dró í yngri flokkana þá versnaði árangurinn, brottfall jókst líka, meiðsli hrjáðu marga leikmenn og sumir fóru í handboltann, þannig að uppbyggingarstarfið í yngstu flokkunum skilaði sér ekki nægilega vel upp í meistaraflokk. Þetta telja þeir eftir á að hyggja að hafi haft mikil áhrif á gengi félagsins á 10. áratugnum.

Þrálát meiðsli

Báðir sögðust bræðurnir hafa átt í þrálátum meiðslum sem hafi hrjáð þá í meistaraflokki og kenna þeir að sumu leyti þjálfuninni um hversu erfiðlega gekk að laga þessi meiðsli, þeir hafi of snemma byrjað aftur og þjálfarar hafi ekki hugað nægilega vel að réttu álagi og því hafi meiðslin tekið sig upp aftur og aftur. „Þetta varð nokkurs konar vítahringur hjá okkur,“ segir Guðmundur og er þungt hugsu og Ólafur er honum sammála.

Þjálfarastarfið heillar

Guðmundur segist hafa hætt að leika með meistaraflokki fyrir nokkrum árum. „Ég var kominn með leið á knattspyrnu og búinn að stofna fjölskyldu og hafði átt oft í meiðslum þannig að ekki var um annað að ræða en hætta, en mig langaði

ekki að hætta öllum afskiptum af knattspyrnu og sóttist eftir starfi sem þjálfari hjá Val,“ Ólafur segist hafa hætt fyrr að leika knattspyrnu. „Ég endaði ferilinn í Bandaríkjunum en ég fékk styrk til að

þegar Valur lék í fyrstu umferð við Mypa, lið frá Finnlandi sem þeir unnu og Valur komst í aðra umferð og lék við skoska liðið Aberdeen. „Það var rosafjör að taka þátt í Evrópukeppninni“ segja

Stefánsdóttir). Þetta hefur verið æðislegur tími og frábært að taka þátt í þessum félagsskap upp alla yngri flokkana hjá Val,“ segir Jóhanna sem á glæsilegan feril í yngri flokkunum og greinilegt er að hún er afar stolt af stelpunum.



Þjálfarasystkinin á góðri stundu. Frá vinstri: Guðmundur, Jóhanna Lára og Ólafur.

stunda knattspyrnu árið 1999 og eftir það ár ákvað ég alveg að hætta, en úti kynntist ég þjálfun þar sem ég var aðstoðarþjálfari hjá kvennaliði skólans og reyndar líka hjá strákum. Þjálfarastarfið heillaði mig strax og eftir að ég kom heim sóttist ég eftir þjálfarastarfi hjá Val og það gekk eftir,“ segir Ólafur, sem einnig vildi ekki hætta afskiptum af fótbolta. Báðir tvíburanna segja að í raun hafi aldrei komið til greina að þjálfra hjá öðru félagi en Val, þannig að Valshjartað í þeim er gríðarstórt.

„Það heillaði mig aldrei að þjálfra,“ segir Ólafur kíminn, „en þegar mér bauðst að vera aðstoðarþjálfari háskóla-liðsins stelpna í Bandaríkjunum þá sló ég til og fljótlega fannst mér þetta mjög spennandi verkefni. Síðan þegar ég kom heim árið 2002 sá ég að það vantaði þjálfara í 3. flokk kvenna og ég sóttist strax eftir því um leið og ég mætti á svæðið. Það líka hentar mér mjög vel að þjálfra seinni partinn þar sem tíminn frá 5-8 hefur nánast allt mitt líf snúist um fótbolta, þannig að þjálfunin fyllir upp í þann tíma sem áður fór í æfingar, það er eiginlega lífsstíll að vera í íþróttum á þessum tíma,“ segir Ólafur.

Stórar stundir í meistaraflokki hjá tvíburunum

Tvíburarnir sögðust alltaf hafa verið í tómu ströggli í meistaraflokki. Þeir telja stærstu stundina í meistaraflokki hafi verið 1992 í Evrópukeppni bikarhafa,

bræðurnir. Annars fór gengi Valsliðsins stöðugt versnandi á 10. áratugnum sem endaði með því að liðið féll úr úrvalsdeild 1999 í fyrsta skipti í sögunni. Bræðurnir Guðmundur og Ólafur léku á þessum tíma með ýmsum góðum fót-boltamönnum, t.d. Sævari Jónssyni, Guðna Bergssyni eitt tímabil, Bjarna Sigurðssyni, Ágústi Gylfasyni, Jóni Grétari og Antony Karli Gregory.

Jóhanna í sigursælum yngri flokkum

Jóhanna er mörgum árum yngri en tvíburarnir og byrjaði snemma að mæta á Hlíðarenda á leiki með strákunum og fylgja þeim á æfingar. Hún segist ekki hafa haft neinn áhuga á fótbolta þegar hún var lítil en byrjaði að æfa 6 ára gömul með 5. flokki Vals, einfaldlega vegna þess að fjölskyldan var öllum stundum á Hlíðarenda, hún segist bara hafa byrjað að mæta á æfingar með stelpunum þegar hún sá þær í fótbolta. „Ég fékk þó fljótlega áhuga á fótbolta og var örugglega 5 ár í 5. flokki og okkur gekk bara ágætlega. Beta (Elísabet Gunnarsdóttir) þjálfaði mig frá 5. flokki upp í 2. flokk og við vorum 8 minnir mig í mínum árgangi, sterkur hópur sem stóð þétt saman og við náðum frá-bærum árangri og unnum nánast allt sem hægt var að vinna árum saman. Síðan varð ég í sumar Íslandsmeistari með stelpunum í meistaraflokki og bikarmeistari í fyrra. Við erum bara þrjár eftir að æfa með Val úr þessum hópi, þ.e. ég og Dór-urnar (Dóra María Lárusdóttir og Dóra

Metnaðarfull þjálfarasystkini með skýr markmið

Guðmundur segist alla tíð hafa haft mikinn áhuga á íþróttum. „Ég fór líka í Íþróttakennaskólann á Laugarvatni og útskrifast þaðan sem íþróttáfræðingur árið 2000 og það lá nokkuð beint við að ég færi að þjálfra og um haustið fór ég að þjálfra 4. flokk karla hjá Val og fyrsta árið var ég bæði þjálfari og leikmaður með Val. Ég sá að það fór ekki sérlega vel saman og eftir að ég hætti sjálfur að spila hef ég einbeitt mér að þjálfun, fyrst hjá 4. flokki og síðan hjá 3. flokki karla. Mig langar að byggja upp sterka einstaklinga og góða knattspyrnmenn sem geta leikið með meistaraflokki félgsins á næstu árum, það er markmið mitt,“ segir Guðmundur ákveðinn. Ólafur tekur heilshugar undir þetta sjónarmið og leggur áherslu á mikilvægi þess að leggja rækt við yngri flokkana til að byggja upp fyrir framtíðina. Einnig segjast þeir bræður líta á þjálfunarstarf frekar sem hugsjónastarf en atvinnu en ekki hefur hvarflað að þeim að vinna að þjálfun hjá öðrum félögum. Þeir segjast báðir vilja eiga þátt í því að búa til einstaklinga hjá Val til að taka við keflinu þegar fram líða stundir og gaman að eiga þátt í því að byggja upp nýtt stórveldistímabil í sögu Vals. Jóhanna tekur heilshugar undir þetta sjónarmið bræðra sinna.

Langur þjálfaraferill Jóhönnu

„Beta (Elísabet Gunnarsdóttir) bað okkur Eddu Láru að þjálfra 5. og 6. flokk 1999, þá var ég 14 ára gömul, lítið eldri en stelpurnar. Síðan varð ég aðstoðarþjálfari í 5. flokki, fyrst hjá Betu og síðan hjá Evu Björk, en fyrir þremur árum bauðst mér að taka við þjálfun 4. flokks kvenna sem ég hef þjálfað núna í þrjú ár. Mér finnst ótrúlega skemmtilegt að hafa fengið þetta tækifæri að þjálfra svona ung og skil varla núna hvernig foreldrarnir gátu treyst mér svona ungru fyrir börnunum sínum, bæði á æfingum og í keppnisferðum en þetta er búinn að vera æðislegur tími. Ég lærði ótrúlega mikið á því að vera aðstoðarþjálfari hjá Betu, hún er

ofboðslega góður þjálfari og smám saman jókst hjá mér áhuginn og sjálfstraustið. Mér hefur yfirleitt gengið mjög vel að þjálfra stelpurnar þótt auðvitað hafi skipst á skin og skúrir. Nú er ég reyndar að fara í heilt ár sem au pair til Bandaríkjanna að passa þrjár stelpur og ætla að breyta um umhverfi og taka mér frí frá fótboltanum en vonandi fæ ég tækifæri til að leika með einhverju liði úti og kynna mér þjálfun hjá Bandaríkjamönnum en kvennaknattspyrna er hátt skrifuð þar," segir Jóhanna og brosir, full tilhlökkunar að takast á við ný ævintýri og öðlast frekari lífsreynslu.

Eiginleikar góðs þjálfara

Jóhanna telur að þjálfari þurfi fyrst að ná virðingu iðkenda, vera góð fyrirmynd og til að iðkendur taki mark á þjálfaranum þurfi hann að hafa sjálfur spilað fótbolta og helst þurfa iðkendur að hafa séð hann spila. Þjálfari þarf einnig að vera góður félagi krakkanna og gera eitthvað skemmtilegt með þeim.

Guðmundur segir að þjálfari þurfi að hafa mikinn áhuga á fótbolta, þjálfun, hafa mikinn metnað, vera góður í mannlegum samskiptum og tjáningu, hafa reynslu og þekkingu á íþróttinni sjálfri, kunna að miðla þekkingu og fá krakkana til að hlusta og meðtaka skilaboð. Einnig þurfi þjálfari að vera góð fyrirmynd. Ólafur segir mikilvægt að þjálfari hafi áhuga og metnað til að drífa krakkana áfram því þá hrífist krakkarnir með. Einnig þurfi hann að vera góður félagi krakkanna og trúnaðarvinur en mikilvægt er að iðkendur þori að segja þjálfaranum frá ef þeim líður illa, mikilvægt sé að vinna á sálrænum þáttum utan vallar til að iðkandi nái að blómstra innan vallar. Það sé mikilvægt að krakkarnir geti leitað til þjálfara með vandamál. Einnig telja þau mikilvægt að þjálfarar sækja formleg námskeið og afli sér þekkingar en reynslan sé líka mikilvæg.

Kynjamunur í fótbolta

Systkinin eru sammála því að munur sé á kynjum í fótbolta. Þau telja stelpur almennt viðkvæmari en strákar og það þurfi að vanda sig betur við það sem er sagt við þær. Stelpur gefist oft fyrir upp en strákar eru og brotna saman fyrir.

Systkinin eru ekki á því að þessi munur sé kominn vegna þjálfunar, þeim finnst þetta vera fyrst og fremst kynjamunur. Þeim finnst mikilvægast að vekja áhuga iðkenda á fótbolta og miklum metnaði í að ná árangri, sigurvilji sé geysilega mikilvægur ef árangur eigi að nást og þar skipta þjálfarar miklu máli og einnig hvaða væntingar almennt eru gerðar hjá félaginu um árangur. Það er einnig mikilvægt að iðkendur setji sér eigin markmið og innri metnað en það er hlutverk þjálfarans að ná fram því besta í hverjum einstaklingi og byggja upp liðsheilid sem hefur vilja, getu og metnað. Það tekur mikinn tíma fyrir þjálfara að búa til sigurvegara, það þarf vinnu og aftur vinnu, en lífsstíllinn þarf líka að vera heilbrigður, mataræði og neysluvenjur, næring, hvíld og þar skilur á milli sigurvegara og hinna og þarna eru systkinin öll hjartanlega sammála. Það þurfi að koma þeirri hugsun inn hjá leikmönnum að þeir geti unnið hvaða lið sem er, hugarfarið skiptir ótrúlega miklu máli.

Þjálfarar með stórt Valshjarta úr röðum félagsmanna

Systkinunum finnst mikilvægt að þjálfarar komi úr röðum Valsmanna með Valshjartað



Úrklippa úr gömlu Valsblaði frá 1989. Sannkölluð Valsfjölskylda.

á réttum stað. Það skipti miklu máli að koma því inn hjá leikmönnum að þeir eru ekki að fara að spila fyrir eitthvað lið, þeir þurfa að læra að bera virðingu og stolti fyrir búnungi félagsins og merki.

Valssöngvar, sagan og upprunninn, allt skiptir þetta ótrúlega miklu máli til að byggja upp metnaðarfulla leikmenn sem spila með Valshjartað á réttum stað.

Hvert stefnir félagið

Systkinunum finnst framtíðin björt hjá félaginu, en halda þurfi vel á spilunum til að festa félagið í efstu deild karla á ný.

Jóhanna er mjög bjartsýn á gott gengi Vals í kvennafótboltanum á næstu árum. „Það er ekkert sem bendir til annars en að velgengnin eigi eftir að halda áfram á næstu árum, áhuginn hjá stelpunum er mikill, félagið er á sigurbraut, stuðningsmönnum hefur fjölgað stórlega og öll umgjörð er til fyrirmyndar og síðast en ekki síst höfum við frábæran þjálfara hana Betu. Velgengni meistaraflokks kvenna á eftir að smita út frá sér til yngri flokkanna. Yngri flokkarnir eru flestir fjölmennir og efnilegir þannig að ég kvíði ekki framtíðinni, hlakka bara til að fylgjast með félaginu á næstu árum á sigurbraut,“ segir Jóhanna brosandí og full bjartsýni.

Tvívurunum finnst einnig til fyrirmyndar að stelpurnar í meistaraflokki kvenna fylgjast með starfinu í yngri flokkunum og mæta á leiki hjá þeim.

Ungu stelpurnar líta upp til stelpnanna í meistaraflokki, þær eru Idolin þeirra og fyrirmyndir. Þeim finnst vanta þessi tengsl karlamegin, meistaraflokksleikmenn hafa ekki mikil fylgst með yngri flokkunum. Stelpurnar í yngri flokkunum séu líka miklu duglegri að mæta á leiki hjá meistaraflokki kvenna en ungu strákarnir að mæta hjá meistaraflokki karla. Þeim finnst að þessu þurfi að breyta, auka þurfi tengsl milli yngri og eldri flokka, þá sé framtíðin björt hjá félaginu og það nái að halda sér á réttum stað, þ.e. ávallt á meðal þeirra bestu.

Það er ómetanlegt fyrir félagið að eiga þau systkinin að og reyndar alla fjölskylduna í kröftugu og markvissu uppbyggingarstarfi sem örugglega á eftir að skila sér þegar fram líða stundir. Það var gaman að spjalla við Óla, Gumma og Jóhönnu eina kvöldstund.

4. flokkur karla í handbolta á Partilla Cup

Eftir Gísla Gunnlaugsson

Lagt var af stað frá Valsheimilinu seinnipart sunnudagsins 27. júní. Voru aðeins 9 leikmenn sem fóru því einn forfallaðist á síðustu mínútu vegna botnlangakasts og markmaðurinn komst ekki með þannig að einn útspilarinn tók hans stöðu í markinu og stóð hann sig frábærlega eins og allir strákarnir sem voru Arnar, Anton, Ármann, Birkir, Einar, Halli, Hákon, Leifur og Orri Freyr einnig Freyr þjálfari síðan en ekki síst Gísli fararstjóri sem er undirritaður. Ferðin út gekk mjög vel. Öll íslensku liðin gistu í sama skólanum sem var mjög skemmtilegt og myndaðist góður kunningsskapur, það var einungis 10 mínútna fjarlægð frá skóla að mótsstað annaðhvort var gengið eða notaðir sporvagnar. Setningarathöfnin fór fram í sérlega glæsilegu húsi og var hin glæsilegasta í alla staði.



Fæðgarnir Gísli Gunnlaugsson og Orri Freyr Gíslason á Partilla Cup.

Fyrstu 2 dagana var ekkert spilað. Fyrri daginn fórum við í bæinn og spókuðum okkur um en seinni daginn var farið í skipulagða ferð í vatnsleikjagarð þar sem slakað var á og leikið sér. Eftir leik og skemmtun í 2 daga átti liðið fyrsta leik og liðu nú dagarnir áfram allir við það sama, spila handbolta og horfa á leiki hjá öðrum liðum, koma við í sjúkrahúsinu því strákarnir gátu meitt sig illa á gervigrasinu en þeir voru reknir útaf um leið og dómariinn sá smá blóð, þá var um að gera að vera snöggur að plástra. Við spilum alla okkar leiki á gervigrasi og sluppum að mestu við að spila í rigningu því það rigndi nánast allan tímann sem

við vorum þarna en sum íslensku liðanna lentu í að spila leiki á malarvelli og í grenjandi rigningu það var rosalegt að fylgjast með því og það sem gerðist inn á vellinum átti ekkert skylt við handbolta. Liðið datt úr í 16 liða úrslitum þar sem

strákarnir voru með unninn leik en leikurinn er ekki búinn fyrr en dómariinn flautar, og okkar menn slökuðu aðeins á og töpuðu. Það var ekki hátt risið á drengjunum eftir það og þung voru sporin út af mótssvæðinu og heim í skóla en sem betur fer eru þessir strákar fljóttir að jafna sig og eftir góðan fund með þjálfaranum þar sem hann bæði hrósaði þeim fyrir það sem vel hafði verið gert og hundskammaði þá fyrir það sem miður fór var ákveðið að gleyma þessu og skemmta sér vel eða enn betur en gert hafði verið til þessa. Einn daginn var farið í Tívolið þar sem drengirnir prufuðu að ég held öll tækin margsinnis og skemmtu sér hið besta, mönuðu hver annan í alls konar tæki og meðal annars var einn maður í eitt tækið ásamt undirrituðum og Frey þjálfara en hann sagði að honum yrði örugglega illt og vildi ekki fara en lét til leiðast og eftir ferðina var meira en nóg að gera hjá starfsmönnum þessa tækis við þríf hátt og lágt.

Seinnipart eins mótsdagsins var sett upp landsliðakeppni og að sjálfsögðu áttum við menn þar. En ákveðið var að Valur og KA myndu setja saman lið. Þar komumst við í fjögurra liða úrslit en töpuðum naumlega fyrir Svíþjóð, góður árangur þar. Að vera með þessum strákum þarna úti var mjög skemmtilegt og algjörlega vandræðalaust og voru þeir í alla staða liðinu

og þjóð til sóma innan vallar sem utan, alltaf snyrtilegir og með nóg af geli í hárinu, sem reyndar var ekki gott í rigningunni og oft þurfti maður að bíða svolítið á meðan strákarnir snyrtu sig. Liðinu gekk mjög vel á mótinu og verður að taka tillit

til þess að einungis voru 9 leikmenn sem stóðu sig allir frábærlega.



til þess að einungis voru 9 leikmenn sem stóðu sig allir frábærlega.

Þann 5. júlí komu svo þreyttir og glaðir menn heim með mikla reynslu eftir



Hópmynd af 4. flokki á Partilla Cup. Frá vinstri: Hákon Gröndal, Einar Brynjarsson, Haraldur Haraldsson, Ármann Davíð Sigurðsson, Arnar Ragnarsson, Birkir Marínóson, Kristleifur Guðjónsson, Orri Freyr Gíslason, Anton Rúnarsson.

þetta stórglæsilega mót sem hefur verið haldið síðan 1965. Ég vil að endingu þakka strákunum fyrir góða ferð og Frey þjálfara fyrir allt það sem hann gerði fyrir flokkinn á meðan hann þjálfaði þá og maður fann að hann náði vel til strákanna og þeir virtu það sem hann sagði.

Ég stefni að sjálfsögðu í atvinnu **mennskuna**

Elvar Freyr Arnþórsson leikur knattspyrnu með 2. flokki

Elvar Freyr Arnþórsson 16 ára gamall og hefur æft með Val í 2 ár í fótbolta. Hann flutti í Valshverfið 7 ára og var þá í HK og vildi ekki skipta strax. Hann byrjaði að æfa handbolta með Val 10 ára og kynntist þá umhverfi Vals. Svo lá beinast við að fara í hverfafélagið í fótbolta þar sem allir skólafélagar voru. Í sumar var hann valinn í U17 ára landsliðið.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við fótoltann, hversu mikilvægur er stuðningur foreldra?**

„Foreldrar mínir hafa alltaf verið jákvæð í garð fótoltans.

Það skiptir máli að foreldrar styðji við börnin sín af því annars er erfitt að ná árangri. Svo er líka mjög hollt að vera í íþróttum svo foreldrar mínir hafa alltaf verið ánægðir með að ég sé í íþróttum.“

– **Hvernig gekk ykkur í sumar?**

„Okkur gekk mjög vel í sumar enda var umgjörðin alveg frábær. Hópurinn er mjög góður en því miður voru frekar fáir á eldra ári en yngra árið er mjög sterkur árgangur og bætti það nánast upp. Við byrjuðum á því að taka þátt í haustmóttinu þar sem við vorum vaxandi og unnum síðasta leikinn. Svo var það Reykjavíkurmótið sem gekk mjög vel og lentum við í 3. sæti. Á Íslandsmóttinu gekk okkur frábærlega og sigruðum við í B-riðlinum og komumst í undanúrslit Íslandsmótsins þar sem við töpuðum naumlega gegn Fjölni. Í bikarnum töpuðum við líka naumlega á móti Fjölni, en 6 okkar leikmanna voru þá í

utanlandsferð með handboltanum. Annars þegar ég horfi yfir sumarið þá var þetta frábært sumar.“

– **Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

„Eftirminnilegasti sigurinn í sumar var þegar við unnum Fylki 3-1. Fylkir skoraði snemma og var yfir mestan hluta leiksins. Við sóttum og sóttum en náðum ekki að brjóta þá niður fyrr en seint í seinni hálfleik. Við skoruðum 3 mörk á einhverjum 4 mínútum og tryggðum okkur sigurinn í B-deild.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í fótoltanum?**

„Beckham hefur lengi verið í miklu uppáhaldi og ekki síður Maradona og Pele. Annars reyni ég bara að læra af öllum atvinnumönnum og góðum fótolta.“

– **Hvað þarf til að ná langt í fótolta eða íþróttum almennt. Hvað þarft þú helst að bæta hjá þér sjálfum?**

„Til að ná langt þarf fyrst og fremst að æfa einn. Ég æfi mikið einn og reyni að vera alltaf eins mikið og ég get með fótolta eða einhvern bolta. Ég þarf bara að bæta mig almennt sem knattspyrnumann. Eins og allir. Það er alltaf hægt að bæta sig.“

– **Hvers vegna fótolti, hefur þú æft aðrar greinar?**

„Já ég hef líka æft handbolta, frjálssar og borðtennis. Fótolti nær bara svo vel til mín. Mér fannst aldrei spurning hvað ég ætlaði að velja.“

– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótolta og lífinu almennt?**

„Ég stefni að sjálfsögðu á atvinnu-mennskuna. Ef ég verð ekki atvinnumaður þá vil ég vera góður leikmaður á Íslandi. Svo er ég líka í skóla með fótoltanum og ætla að verða eitthvað menntaður líka til vara.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Séra Friðrik Friðriksson árið 1911.“

Séra Friðrik

Í samanlögðum 55. árgöngum Valsblaðsins hefur ekki verið meira fjallað um nokkurn mann en sr. Friðrik Friðriksson

Það er því e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að fjalla um hann einu sinni enn. En bæði er að margir ungir Valsmenn kunna á honum lítil deili og eins hitt að aðrir vita minna um hann en látið er í veðri vaka. Greinar sem um hann hafa verið skrifaðar, jafn ótrúlega margar og þær eru, ganga nefnilega jafnan út frá því að allir þekki sr. Friðrik sem fæddist fyrir 136 árum síðan. Þessi grein er fyrir þá sem vita minna en aðrir um sr. Friðrik.

Friðrik Friðriksson fæddist 25. maí 1868 að Hálsi í Svarfaðardal.¹ Hann ólst upp í Eyjafirði og Skagafirði og fór þaðan suður til Reykjavíkur 18 ára og tók inntökuþróf upp í 2. bekk Menntaskólans í Reykjavík, eða Lærða skólans eins og hann hét þá. Hann lauk stúdentsprófi 1893 og hélt svo til Kaupmannahafnar. Þar hóf hann nám í læknisfræði og síðar í málfræði, en lauk ekki prófum. Á námsárum sínum í Kaupmannahöfn kynntist hann KFUM (Kristilegu félagi ungra manna). Hann kynntist líka vel þeim mönnum sem stýrðu félaginu. Hann tók virkan þátt í starfi KFUM og vann mest með þeim drengjum sem verst voru á vegi staddir. Hann varð fljótlega einn best þekkti félagsmaðurinn í KFUM í Danmörku. Köllun Friðriks var að vinna með ungum mönnum á Íslandi. Hann kom próflaus heim frá Kaupmannahöfn síðsumars 1897 og stofnaði KFUM í Reykjavík, 2. janúar 1899. Haustið 1897 hóf hann nám við Prestaskólann og lauk þaðan prófi sumarið 1900. Hann vígðist prestur að Holdsvækraspítalanum í Laugarnesi þá um haustið og má hér eftir það kallast séra Friðrik. Hann varð reyndar fyrst þekktur í Reykjavík sem Friðrik barnavinur. Meðfram prestsnámi og KFUM starfinu kenndi hann ungum mönnum undir skóla bæði latínu og fleiri fög.

Köllun séra Friðriks var að leiða unga drengi á Guðs vegi. Honum varð vel ágenget í þeim efnum. Hann var manna skemmtilegastur og sópaði að sér drengi-

um. Hann gerði það m. a. með því að segja þeim skemmtilegar sögur og með því að kenna þeim undirstöðuatriði í hermennsku svo eitthvað sé talið. Drengir séra Friðriks skyldu verða góðir drengir og hermenn Guðs.² Á sunnudögum þustu



reykvískir drengir á fund hjá séra Friðrik og hlustuðu á hann segja sögur af Tarzan apabróður sem hann þýddi jafnharðan. Séra Friðrik var alltaf fyrstur með allar nýjungarnar og átti því auðvelt með að

fá drengina til sín. Fótboltinn var ein af nýjungum hans, þótt strákarnir hefðu reyndar frumkvæðið. Þeir spiluðu fótbolta og hann hélt yfir þeim þrumandi ræður. „Við vinnum allt með því að helga það guði. Enginn þarf að halda að hann verði daufingi við það að helga leik sinn eða íþrótt sína guði; öðru nær! Leikurinn verður við það fegurri og nautnaríkari. Það er fagurt að sjá unga menn með stælt vöðva, fagan limaburð og þrekmikinn vilja keppa í síðsömum leik. En ef við helgum guði leikinn, má ekkert ósæmilegt eiga sér stað á vellinum. Leikurinn óprýkkar við allt ósæmilegt. Á vellinum má aldrei heyrast ljótt orðbragð, ekkert blótsyrði, engin særandi orð, gárungaháttur eða hávaði.“³

Frá 1900 - 1913 dvaldi séra Friðrik að mestu í Reykjavík. Hann varð um tíma aðstoðarprestur við Dómkirkjuna og skrapp við og við til Danmerkur til að sækja nýjungar og efla sjálfan sig og styrkja. Valur var stofnaður 11. maí 1911 og séra Friðrik stofnaði ekki Val. Það gerðu 14 strákar í KFUM, en þeir stofnuðu félagið með vilja og velvild sr. Friðriks og félagið var stofnað innan vébanda KFUM. Hann var frá upphafi verndari Vals og má því með réttu kallast stofnandi hans. Hann stofnaði líka Skátafélagið Væringja um líkt leyti.

Árin 1913 - 1916 starfaði sr. Friðrik í Kanada og Bandaríkjunum. Hann tók aftur við forystu KFUM þegar hann kom heim. Á árinu 1923 fór hann í Suðurgöngu og hitti páfann í Róm. Þeir töluðu saman á latínu. Hann var settur sóknarprestur á Akranesi frá 1931. Hann var jafnframt settur sóknarprestur í Keflavík frá ársbyrjun 1936 og þjónaði á báðum þessum stöðum um skeið. Hann fór til Danmerkur 1939 til þess að sinna ritstörfum. Hann lokaðist (viljandi) í Danmörku öll stríðsárin og kom heim 1945, þá 77 ára. Hann var sístarfandi til hinsta dags, þó sjónin væri horfin og líkaminn ónýtur. Honum hlotnaðist margvíslegur

heiður um sína daga. Hann var m. a. heiðursfélagi í Val og heiðursborgari á Akranesi auk þess að vera heiðursriddari af hinum og þessum heiðursmerkjum.⁴ Valur var hans félag. Hann predikaði síðast í Akraneskirkju á hvítasunnudag 1960. Þegar hann dó 93 ára að aldri, 9. mars 1961, urðu margir til að minnst hans. Í eftirmælum hlaut hann m. a. þessar einkunnir: Hann var öðruvísi en annað fólk - Börn þyrptust að sr. Friðrik - Hann var öðrum fyrst, síðan sjálfum sér - Hann hafði sérstakar skoðanir og sá oft hlutina öðrum augum en samferðamennirnir - Hann var góður hjúkrunarmaður - Hann var snillingur í fjármálum - Hann átti aldrei neina peninga - Hann var allra manna bestur í latínu - Hann var skríttinn - Hann kunni Hóras utanbókar - Hann kunni Manfred, Byrons, utanbókar - Hann kunni Biblíuna afturábak og áfram - Hann drakk mikið kaffi - Hann reykti marga vindla - Hann var fádæma nægju-samur og neyslugrannur. - Hann hafði sjónminni - Hann hafði ótrúlegt minni, bæði á fólk, atburði og dagsetningar - Hann var mannþekkjari - Hann sýndi ríkan skilning öllum ungum mönnum er til hans leituðu, hver sem skoðun þeirra var og afstaða til Guðs og lífsins - Hann var

jafnan hress í bragði og vingjarnlegur - Hann var fullur af fjöri, lífsþrótti og starfsgleði - Hann var í essinu sínu á kvöldin, þá vildi hann fá heimsóknir og hann vann oft fram eftir nóttu - Hann var skapheitur og baráttumaður að eðlisfari - Hann var afburða tungumálamaður, einkum frægur fyrir latínukunnáttu sína, en kunni fleiri rómönsk mál og ruglaði þeim aldrei saman - Hann kunni að tala svo hlustað var - Hann mundi vel eftir öllum merkisdögum og hátíðum og gerði þá jafnan eitthvað til tilbreytingar - Hann var ótrúlega fjölfróður - Hann var manna skemmtilegastur - Hann var ekki „brandaramaður“ en hafði skopskyn í góðu lagi og sá vel broslegu hliðarnar á mönnum og málefnum og gat rætt um spaugileg efni eins eðlilega og óhikað eins og alvarleg efni, þegar svo bar undir - Hann var algerlega laus við allt sem kallað er helgislepja - Þegar um alvörumál lífsins var að ræða, var orðræðan alvarleg og fíflskaparmál ekki í frammí höfð, né leyfð - Hann var gjafmildur mjög og hjálplús, en hafði af litlu að taka allt sitt líf.

Hann var lífið og sálin í þeim félögum sem hann kom á legg.

Ef það vantaði sálm, þá orti hann sálm.

Ef það vantaði organista, þá settist hann við orgelið.

Ef það vantaði skemmtiefni eða sögur, þá settist hann niður og samdi.

Einkunnarorð sín sótti hann í Jesaja, 12. kafla 3. vers:

Þér munuð með fögnuði vatni ausa úr lindum hjálpræðisins.

Höfundur, Þorsteinn Haraldsson, kynntist sr. Friðrik og trú hans, eftir dauða hans. Fyrst í Vatnaskógi og síðar í Friðrikskapelli við Hlíðarenda, en þangað venja allir góðir Valsmenn komur sínar.

Neðanmálgreinar:

- 1 *Að Hálsi er minnismerki um sr. Friðrik við þjóðveginn rétt áður en komið er til Dalvíkur.*
- 2 *Vakið, standið stöðugir í trúnni, verið karlmannlegir, verið styrkir. Allt hjá yður sé í kærleika gert.*
1. Korintubréf 16, 13.
- 3 *Úr erindinu FAIR PLAY sem flutt var við vígslu fyrsta vallar Vals (KFUM) 6. ágúst 1911.*
- 4 *Davíð Oddson tók ekki þátt í vali á manni aldarinnar. D. O. lét þess þó getið að í þessu sambandi kæmi sér fyrst í hug sr. Friðrik.*



Þórir Jónsson

fæddur 25. mars 1952 – dáinn 19. maí 2004

Þórir Jónsson, FH-ingur og Valsmaður, er fallinn frá langt um aldur fram eftir hörmulegt slys.

Þórir steig sín fyrstu spor á knattspyrnuvöllinum að Hlíðarenda 12 ára gamall. Hann varð þar hluti af af sterkum hópi Valsmanna, sem undir stjórn Róberts Jónssonar báru ægishjálum yfir jafnaldrá sína í knattspyrnu á þeim tíma. Úr þessum hópi komu einstaklingar sem báru merki Vals hátt síðar s.s. landsliðsmennirnir Hörður Hilmarsson, Ingi Björn Albertsson o.fl.

Þórir vakti strax athygli fyrir afburða knattleikni og var kominn í m.fl. lið Vals aðeins 17 ára gamall og skömmu síðar í íslenska landsliðið. Er hann yngsti leik-

maður í sögu Vals til að verða þessa heiðurs aðnjótandi. Þórir lék með Val í nokkur ár en ákvað síðan að hverfa aftur á heimaslóðir í Hafnarfirði og helgaði hann FH krafta sína eftir það.

Þórir hélt samt tengslum við vini sína í Val með ýmsu móti, enda var hann mikil félagsvera og bráðskemmtilegur í hópi. M.a. var hann virkur félagi í Skallaboltafélaginu Skallagrími, þar sem gamlir Valsarar hittust reglulega til að sprella saman.

Við Þórir náðum ekki að leika saman knattspyrnu fyrir Val, en ég kynntist honum allvel í gegnum sameiginlegan vin okkar, Hörð, og skallaboltann. Þar var Þórir hrókur alls fagnaðar og menn fóru

alltaf heim eftir þær samverustundir með gleði og hlátur í sinni. Frábærar stundir.

Þórir valdist snemma til trúnaðarstarfa í knattspyrnuhreyfingunni og var þar mjög virkur og virtur fyrir mikil og góð störf.

Missir allra sem unnu og störfuðu með Þóri er mikill, en þó er missir ástvinanna mestur.

Ég votta börnum, foreldrum og fjölskyldu Þóris samúð allra Valsmanna á þessari sorgarstund. Megi Guð varðveita góðan dreng.

*Kveðja frá Knattspyrnufélaginu Val
Grímur Sæmundsen, formaður
Knattspyrnufélagins Vals*

Sé mest eftir því að hafa ekki verið **duglegur** að læra í upphafi skólagöngu í **MH**

Hafsteinn Rannversson leikmaður með drengjaflokki í körfubolta

Fæðingardagur og ár: 16 ágúst 1986.

Nám: Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Kærasta: Nei, er á lausu.

Einhver í sigtinu: Beyonce Knowles.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Leikmaður í ÍR.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Bara halda áfram að gera það sem ég er að gera núna.

Af hverju körfubolti: Bróðir minn æfði og þegar vinir mínir byrjuðu var ekki um annað að velja, svo finnst mér ekkert gaman í handbolta né fótbolta.

Af hverju

Valur: Það

var næst

og svo

drógu vinir mínir mig þangað.

Eftirminnilegast úr boltanum: Ferðirnar til Svíþjóðar og Spánar.

Ein setning eftir tímabilið: Lofar góðu.

Mesta prakkaratrik: Þegar ég var með í því að stela tyggjósjálfsala úr Sundhöll Reykjavíkur.

Fyndnasta atvik: Þegar við vorum í æfingarbúðum á Stykkishólmi fyrir 3 árum og við vorum á morgunæfingu mjög þreyttir. Við vorum að gera einhverja æfingu frekar illa vegna þreytu og Gústi

fyrirverandi þjálfari brjálást og ætlar að sýna okkur hvernig

á að gera þetta. Þegar hann svo byrjar á æfingunni missir hann jafnvægið og lendir utan í

vegg og síðan á gólfid og við dóum allir úr hlátri og gátum ekki æft næstu 5 mínúturnar.

Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki: Gjorgji Dzolev.

Hver á ljótasta bílinn: DJ S.T.E.F.

Hvað lýsir þínum húmor best: The Big Lebowski.

Leyndasti draumur: Að vinna í Vikingalottóinu og geta gert það sem mig langar til það sem er eftir ævi minnar.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Þegar ég ligg í mannasúpunni í laugardalslauginni.

Hvaða setningu notarðu oftast: Djöfull nenni ég þessu ekki.....!!!

Skemmtulegustu gallarnir: Örvhentur. **Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig:** Haffi, ég elska þig þrátt fyrir veikleika þína.

Fullkomið laugardagskvöld: Horfa á The Big Lebowski með vinunum og fara svo í keilu.

Hvaða flík þykir þér vænst um: Öll sköpörin mín.

Besti söngvari: D'angelo.

Besta hljómsveit: Breytilegt eftir skapi.

Besta bíómynd: The Big Lebowski.

Besta bók: Don Kíkóti.

Besta lag: Það breytist á hverjum degi.

Uppáhaldsvefsíðan: NBA.COM.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Horfi ekki á fótbolta.

Eftir hverju sérðu mest: Að hafa ekki verið duglegur að læra í upphafi skólagöngu minnar í MH.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Einhver ríkur og frægur.

4 orð um núverandi þjálfara: Metnaðarfullur, duglegur, skemmtilegur, skipulagður.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Kaupa nýja sturtuhausu í sturtuklefan í litla sal þannig að maður fengi vatn á sig þegar maður stæði í miðjunni.



Uppbyggingarstarfið í yngri flokkunum að skila sér

Ársskýrsla körfuknattleiksdeildar árið 2004

Það varð hlutskipti meistaraflokks Vals að sitja eftir í 1. deild eftir síðasta keppnistímabil. Eftir nokkuð gott gengi í deildinni voru það Fjölnismenn sem sigruðu Valsmenn um sætið í úrvalsdeildinni.

Meistaraflokkur

Birgir Guðfinnsson var endurráðinn þjálfari meistaraflokks eftir síðasta tímabil. Hann lagði hins vegar skóna á hilluna fyrir þetta tímabil og hefur ekki leikið með liðinu í ár. Liðið hefur hins vegar staðið sig vel það sem af er keppnistímabili og stefnan er sett á deild hinna bestu að ári.

Nýir leikmenn komu til liðsins nú í sumar. Aðalsteinn Pálsson kom frá ÍS og Matthías Ásgeirsson, sem búið hefur erlendis um skeið, flutti heim og spilar nú með Val. Þá fékk liðið snemma á tímabilinu Jason Pryor aftur en hann spilaði með Val fyrir tveimur árum. Að lokum endurheimtum við tvo góða Valsmenn, þá

Steingrím Ingólfsson frá Bandaríkjunum og Kjartan Orra Sigurðsson sem sneri aftur frá Þrótti. Allir þessir leikmenn hafa styrkt liðið mikið og bjóðum við þá að sjálfsgöðu velkomna að Hlíðarenda.

Þó svo margir góðir leikmenn hafi komið til okkar fyrir þetta tímabil er það ekki alltaf svo að enginn fari frá okkur. Ragnar Steinsson sem valinn var besti leikmaður Valsliðsins í fyrra og verið hefur einn okkar allra sterkasti leikmaður um nokkurt skeið ákvað að skipta í Skallagrím til að takast á við úrvalsdeildina. Við vonum að Ragnari farnist vel í Borgarnesi en vitum þó jafnvel og hann að hann kemur aftur innan skamms. Fyrir mestu framfarir á síðasta tímabili fékk Ernst Fannar Gylfason viðurkenningu.

Ný stjórn tók við í sumar, en í henni sitja:

Guðmundur Guðjónsson, *formaður*
Gunnar Zoega
Sveinn Zoega



Jason Pryor í baráttu. (FKG)

Guðmundur Björnsson
Þórey Einarsdóttir
Aðalsteinn Steindórsson

Yngri flokkar

Drengjaflokkur (fæddir 1985-1986) var einum leik frá því að komast í úrslitakeppnina á síðasta ári. Mikill stígandi var í liðinu og endaði tímabilið á glæsilegum sigri á Þór Akureyri sem einungis hafði þá tapað einum leik á tímabilinu. Liðið lenti í 5.-6. sæti á Íslandsmótinu. Það sem einkennir þennan flokk er mikill fjöldi ungra leikmanna sem nú þegar eru byrjaðir að spila með meistaraflokki og eru þar að gera góða hluti.

11. flokkurinn (fæddir 1987 endaði í 3.-4. sæti á Íslandsmótinu eftir að hafa tapað fyrir íslandsmeisturum KR í undanúrslitaleik. 11. flokkurinn bætti sig verulega á tímabilinu og náði þessi árgangur sínum besta árangri á tímabilinu.

Á síðasta ári náði 10. flokkur (fæddir 1988) þeim einstaka árangri að verða bikarmeistari. Var þar um að ræða fyrsta titil okkar í körfuknattleik í nokkurn tíma. Flokkurinn lenti þar að auki í öðru sæti á Íslandsmótinu og urðu Reykjavík-urmeistarar. Þrír leikmenn liðsins voru valdir í landslið Íslands sem gerði sér lít-



Hópmynd eftir sigur í bikarúrslitaleik í 10. flokki 2004. Efri röð frá vinstri: Ágúst Jenson aðstoðarþjálfari, Hólmgímur S.Hólmgímsson, Róbert Æ. Hrafnsson, Gústaf H. Gústafsson, Gissur Jón Helguson, Hjalti Friðriksson, Haraldur Valdimarsson, Hörður Helgi Hreiðarsson, Sævaldur Bjarnason þjálfari og Katla Dögg Sævaldsdóttir 4 ára. Fremri röð frá vinstri: Kai Fletcher, Ólafur Stefánsson, Björn Á Júlíusson, Arnór Þrastarson, Baldur Eiríksson, Páll Fannar Helgason.



Meistaraflokkur Vals í körfubolta tímabilið 2004 -2005. Efri röð frá vinstri: Jason Pryor, Kolbeinn Soffiúson, Gjorgji Dzolev, Leifur Steinn Árnason, Hörður Helgi Hreiðarsson, Matthías Ásgeirsson og Birgir Guðfinnsson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Steingrímur Gauti Ingólfsson, Gylfi Geirsson, Aðalsteinn Pálsson, Ágúst Jensson, Guðmundur Kristjánsson, Ernst Fannar Gylfason.

ið fyrir og varð Norðurlandameistari. Þá voru tveir leikmenn liðsins þátttakendur þegar landsliðið var í Evrópukeppni B-liða í Englandi í sumar.

Sannarlega frábær árangur hjá Sævaldi þjálfara og strákunum hans.

9. flokkur (fæddir 1989) enduðu í öðru sæti í B-riðli á síðastliðnum vetri. Miklar vonir eru bundnar við þennan flokk sem hefur verið að bæta sig jafnt og þétt.

Í 8. flokki (fæddir 1990) voru fáir iðkendum. Unnið hefur verið að því að fjölga iðkendum í þessum árgangi. Nokkrir efnilegir leikmenn eru í flokknum og því mikilvægt að stækka og efla hann.

7. flokkur (fæddir 1991) endaði árið í B-riðli en hér er um að ræða mjög fjölmennan og efnilegan flokk. Bergur Már Emilsson hefur þjálfað flokkinn ásamt þjálfun minnibolta yngri og eldri og hefur honum tekist að ná miklum fjölda iðkendum í þessa yngstu árganga. Framtíð yngri flokkanna er því að mati stjórnar björt og mikið líf er í starfinu.

Á síðasta ári spiluðu nokkrir ungir Valsmenn úti í Bandaríkjunum. Alexander Dungal á sínu öðru ári hefur vegnað vel og þá er Hallgrímur Pálmi Stefánsson skiptinemi í Bandaríkjunum og spilar körfuknattleik með skólaliði sínu. Honum hefur vegnað vel.

Eins og áður var getið áttu Valsmenn nokkra landsliðsmenn í yngri landsliðum Íslands á síðasta tímabili. Þetta voru þeir Guðmundur Kristjánsson, Nikulás S.

Nikulásson, Ari Brekkan Viggósson og Hallgrímur Pálmi Stefánsson í U-87 landsliði, Hörður Helgi Hreiðarsson, Gissur Jón Helguson og Gústaf Hrafn Gústafsson í U-88 landsliðinu og að lokum Páll Fannar Helgason, Haraldur Valdimarsson og Hjalti Friðriksson í U-89 landsliði. Þeir Hörður Helgi, Gissur Jón og Gústaf Hrafn urðu allir Norðurlandameistarar síðastliðið ár og Hörður



Valsarar Norðurlandameistararar. Valsararnir Gústaf Hrafn Gústafsson, Gissur Jón Helguson og Hörður Helgi Hreiðarsson með sigurbikar á Norðurlandamóti landsliða U-16 sem haldið var í Svíþjóð í maí 2004. Sannarlega frábært að við Valsarar eigum 3 stráka í þessu sigursæla landsliði.

Helgi og Gústaf Hrafn bættu um betur og sigurðu með landsliðinu Evrópukeppni B-liða í Englandi.

Þjálfarar á síðasta tímabili voru sem fyrr Sævaldur Bjarnason (drengjaflokkur, 11. flokkur og 10. flokkur), Ágúst Jensson (9. flokkur og 8. flokkur) og Bergur Már Emilsson (7. flokkur og minnibolti).

Viðurkenning fyrir frábært starf í yngri flokkum var veitt Þóreyju Einarsdóttur sem stutt hefur yngri flokka starfið með mikilli og óeigingjarni vinnu.

Valsari ársins

Í þriðja sinn var veitt verðlaun sem við nefnum Valsari ársins, en þau eru veitt þeim leikmanni sem skarað hefur framúr í félagsstörfum fyrir deildina. Í ár hlaut Hólmgrímur Snær Hólmgrímsson nafnbótina; Valsari ársins.

Einarsbikarinn

Verðlaun sem veitt eru til minningar um Einar Örn Birgis voru gefin í fjórða sinn. Verðlaunin eru veitt þeim leikmanni í yngri flokkum félagsins sem valinn er efnilegastur. Í ár hlaut Hörður Helgi Hreiðarsson Einarsbikarinn.

Fyrir hönd körfuknattsdeildar Guðmundur Guðjónsson formaður

Verðlaun á uppskeruhátíð körfuknattleiksdeildar

Meistaraflokkur

Leikmaður ársins: Ragnar Steinarsson
Efnilegasti leikmaður:
Ernst Fannar Gylfason

Drengjaflokkur

Leikmaður flokksins:
Magnús Guðmundsson
Mestu framfarir: Unnar Bergþórsson
Besta mæting: Magnús Guðmundsson

11. flokkur

Leikmaður flokksins:
Gissur Jón Helguson
Mestu framfarir:
Nikulás Stefán Nikulásson

Besta mæting:

Guðmundur Kristjánsson

10. flokkur

Leikmaður flokksins:
Gústaf Hrafn Gústafsson
Mestu framfarir: Róbert Ægir Hrafnsson og Kai Fletcher
Besta mæting:
Gústaf Hrafn Gústafsson

9. flokkur

Leikmaður flokksins:
Hjalti Friðriksson
Mestu framfarir: Páll Fannar Helgason
Áhugi og ástundun: Grímur Stígsson

8. flokkur

Leikmaður flokksins: Atli Barðason

7. flokkur

Leikmaður flokksins:
Pape Mamadou Faye
Mestu framfarir:
Viðar Snær Garðarson
Áhugi og ástundun:
Eypór Kolbeinn Kristbjörnsson

Minnibolti eldri

Leikmaður flokksins:
Rúrik Andri Þorfinnsson
Mestu framfarir: Helgi Helgason
Áhugi og ástundun: Jón Ingi Ottósson

Uppskeruhátíð körfuknattleiksdeildar 2004



Ragnar Steinarsson, leikmaður meistaraflokks.



Gissur Jón Helguson, leikmaður 11. flokks.



Gústaf Hrafn Gústafsson, leikmaður 10. flokks og besta mæting.



Ernst Fannar Gylfason efnilegasti leikmaður meistaraflokks.



Guðmundur Kristjánsson, besta mæting í 11. flokki.



Róbert Ægir Hrafnsson og Kai Fletcher mestu framfarir í 10. flokki.



Magnús Guðmundsson, leikmaður drengjaflokks og besta mæting.



Nikulás Stefán Nikulásson, mestu framfarir í 11. flokki.



Hjalti Friðriksson leikmaður 9. flokks.



Grímur Stígsson, áhugi og ástundun í 9. flokki.



Eyþór Kolbeinn Kristbjörnsson, áhugi og ástundun í 7. flokki.



Jón Ingi Ottósson, áhugi og ástundun í minnibolta.



Páll Fannar Helgason, mestu framfarir í 9. flokki.



Pape Mamadou Faye, leikmaður 7. flokks.



Hörður Helgi Hreiðarsson, Einarsbikarinn 2004.



Atli Barðason leikmaður 8. flokks.



Rúrik Andri Þorfinnsson leikmaður flokksins í minnibolta.



Hólmgrímur Snær Hólmgrímsson, Valsari ársins 2004.

Samningur undirritaður milli Vals og Sideline Sport

Miðvikudaginn 10. mars 2004, gengu Knattspyrnufélagið Valur og Sideline Sports, frá samningi um kaup Knattspyrnufélagsins Vals á einu fullkornasta þjálfunarforriti í heimi. Forritið auðveldar þjálfurum allra deilda Vals vinnu sína. Um er að ræða notkun á skipulags- og greiningartölvuforriti, Sideline Organizer og Sideline Video Analyser, sem getur auðveldað alla skipulagningu, haldið utan um æfingar, æfingaáætlanir og gera æfingar markvissari.

Aðalstjórn Vals fjármagnar þessi kaup og er Valur fyrsta félagið á Íslandi sem býður öllum þjálfurum í knattspyrnu-, handknattleiks- og körfuknattleiksdeildum félagsins upp á aðgang að þessum forritum. Meðal annarra



Afhending á þjálfaraforritinu Sideline organiser sem Valur hefur nýlega keypt fyrir þjálfara í öllum deildum. Frá vinstri: Sveinn Stefánsson framkvæmdastjóri Vals, Brynjar Karl Sigurðsson eigandi Sideline Organizer og Þórður Jensson íþróttafulltrúi Vals.

notenda á forriti þessu eru knattspyrnu-liðin Bolton Wanderers, Aston Villa og Ipswich FC, NBA liðin Houston Rockets og Memphis Grizzlies ásamt

fjöldmörgum öðrum félögum og háskólum víða um heim. Forrit þessi voru unnin í samvinnu við þjálfara víða um heim, sem voru sammála um að þörf væri á heilsteypu tölvuforriti sem sérstaklega er hannað til að aðstoða þjálfara með skipulagningu, samskipti og leikgreiningu. Með þessu móti er aðalstjórn Vals að búa til umhverfi sem gerir þjálfurum auðveldara að vinna í, hvetur til skipulegrar vinnubragna og eykur fagmennsku í starfi þjálfarans. Einnig hefur þetta mikla kosti fyrir iðkandann, að því leyti að auðveldara verður að fylgjast með að hverju hefur verið unnið í hverjum flokki fyrir sig og þar af leiðandi samræmt æfingaferli iðkenda/flokkanna á leið þeirra til betri íþróttamanna.

Valsstúlkur í Evrópukeppni í handbolta!



Fríður hópur Valskvemma í Svíþjóð með fararstjórum og fylgdarliði.

Það var í byrjun september að meistara-flokkur kvenna í handbolta í Val lagði land undir fót og heimsótti sænskar stöllu-ur sínar í Önnereðs HK. Heimavöllur liðsins er í útjaðri Gautaborgar og þangað var ferðinni heitið til að leika fyrir leikinn í fyrstu umferð Evrópukeppni félagsliða.

Ferðalagið hófst snemma morguns föstudaginn 9. september og var mannskapurinn mishress og leit misvel út. „Kjúklingarnir“ í hópnum, Soffía og Kata, sýndu ákveðið reynsluleysi og mættu of seint á alþjóðaflugvöll okkar Íslendinga, en þeim var fyrirgefið enda eiga þær margt eftir ólært!

Eftir skemmtilega flugferð til Kaupmannahafnar var liðinu smalað upp í rútu sem flutti okkur yfir Eyrarsundið. Í Gautaborg hringsóluðum við í nokkurn tíma áður en Hotel Poseidon, huggulegt þriggja störnú hótél í hjarta borgarinnar, fannst. Stelpurnar, þjálfarar þeirra og liðstjóri máttu engan tíma missa og héldu beint í höllina á léttu æfingu og til að kíkja á aðstæður. Aðrir úr föruneytinu, sem vilja ekki láta nafns síns getið,

fóru út að borða eftir að hafa kíkt örstutt á kælskápinu í anddyri hótelsins.

Að lokinni æfingu og snæðingi tóku stelpurnar því rólega, enda mikilvægur leikur daginn eftir. Þjálfarar, liðstjóri, fararstjóri og fleiri nýttu tækifærið og funduðu í húsakynnum Gurrýjar og Ástu, en þær fengu einmitt langstærsta herbergið á hótelinu og þó víðar væri leitað. Á fundi þessum var margt rætt sem ekki skal tíundað í þessari samantekt, en þó skal tekið fram að vangaveltur voru um það hvort karlkyns eða kvenkyns hluti þjálfarateymisins hefði verið betri handboltamaður/kona, hvort ætti fleiri landsleiki o.s.frv. Hverjir voru eiginlegir þátttakendur í þessari umræðu verður ekki rætt hér, en allir vita að bæði eru þau hógværðin uppmáluð, þjálfarar meistaraflokks kvenna í Val!

Á laugardeginum var ræst snemma, borðaður staðgóður morgunverður og undirbúningur hafinn fyrir hinn mikilvæga leik.

Leikurinn sjálfur var jafn og spennandi þó þær sænsku hefðu ávallt undirtökin. Þrátt fyrir að hafa minnkað muninn ítrek-

að í eitt mark tókst okkur hins vegar ekki að jafna. Lokatölur urðu 30-26 fyrir Önnereðs HK, nokkur vonbrigði en urðu þó að teljast ásætlanleg úrslit á útivelli í Evrópukeppni. Mikið var um sóknarmistök og óhætt að segja að dómgæslan hafi verið ólík því sem við Íslendingar eigum að venjast. Já, það má víst alltaf kenna dómurinum um tapið....

Á laugardagskvöldinu var haldið banquet þar sem leikmenn beggja liða, forráðamenn og dómara komu saman og snæddu í veitingasal hótelsins. Síðan ákváðu flestir að kíkja örlítið á næturlíf borgarinnar, þá sérstaklega spjalla við hina ýmsu dyraveiði. Kjúklingarnir voru hins vegar sendir upp á hótélherbergi með nammipoka, enda var laugardagur, en þeir eru jú einmitt nammidagar. Flestir voru komnir upp á hótél á skikkanlegum tíma, enda þreyta í mannskapnum eftir langt ferðalag og erfíðan leik.

Á sunnudeginum tók föruneytið sig til og hélt í Fimmuna, verslunarmiðstöð í Gautaborg, þar sem verslað var allt milli himins og jarðar eins og Íslendinga er von og vísa. Ferðinni lauk síðan með rútuferð aftur til Kaupmannahafnar, sem var söguleg fyrir margar sakir. Í fyrsta skipti urðum við vitni að „bíla-bingó,“ sem haldið var á þeim stað sem við stoppuðum á, og vakti hjá okkur hugmynd að næstu fjáröflun. Fleira skemmtilegt gerðist sem ekki verður farið nánar út í hér, en allir komust heilu og höldnu til Kaupmannahafnar og þaðan heim til Íslands.

Það var vel tekið á móti okkur og öll umgjörð í kringum liðið þessa helgi var til fyrirmyndar. Ferðin var frábær og verður mikilvægi svona ferða seint ofmetið. Við komum heim reynslunni ríkari og viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem studdu okkur og gerðu okkur kleift að taka þátt í þessari keppni, það er okkur ómetanlegt.

Með Valskveðju,
Svíþjóðarfararnir

Körfubolti í uppsveiflu hjá Val

Viðtal við Sævald Bjarnason þjálfara í yngri flokkum Vals í körfubolta

Það hefur ekki farið fram hjá Valsmönnum að öflugt uppbyggingarstarf hefur verið í yngri flokkum félgsins í körfubolta undanfarin ár. Fjölgað hefur í flokkunum og árangur hefur víða verið mjög góður. Þeir sem fylgst hafa með körfunni hjá Val hafa eflaust tekið eftir snaggaralegum þjálfara liðsins, Sævaldi Bjarnasyni, sem smitað hefur út frá sér með metnaði og áhuga.

Valsblaðið tók Sævald Bjarnason þjálfara tali og spurðist fyrir um ættir og uppruna hans og uppbygginguna í körfuboltanum.

Sævaldur er að mestu leyti alinn upp í Breiðholtinu og byrjaði að æfa handbolta í 7. bekk hjá Leikni en fannst það ekki skemmtilegt og færði sig yfir í körfuna hjá ÍR í 8. bekk. „Ég æfði fram í 10. bekk í ÍR en þá fluttist ég yfir í Grafarvoginn og fór að stunda körfubolta hjá Fjölni í 10. bekk og spilaði þá einnig með drengjaflokki og meistaraflokki á þessum árum. Ég spilaði mína fyrstu meistaraflokksleiki með Fjölni í Grafarvogi. Skemmtilegustu stundirnar í körfunni sem leikmaður fundust mér alltaf vera mótin sem maður fór út á land að keppa. Það var alltaf mottóið hjá þjálfaranum að við værum allir svo góðir vinir og að allir standi saman. Einnig eru mér mjög minnstæð verðlaun sem ég fékk fyrir mestu framfarirnar 1994 en þá var ég í 9. bekk. Mér finnast framfararverðlaun ótrúlega mikilvæg verðlaun, því það segir að maður uppsker eins og maður sáir.“

– *Hvenær hófstu störf við þjálfun í körfubolta og segðu í stuttu máli frá þjálfaraferli þínum?*

„Ég byrjaði að þjálfra 1998 og þá var ég fyrst sem aðstoðarþjálfari hjá Hirti Hjartarsyni sem er uppallinn Mosfellingur og Mosfellingar voru þá að stofna körfuboltadeild. Ekki voru margar æfingar liðnar þegar ég fór að taka við stjórninni á æfingum, því Hjörtur var á þessum tíma á fullu í körfunni hérna í Val. Og síðan eftir mánuðinn þá var ég farinn að þjálfra á fullu tvo flokka félags-



„Þú uppskerð eins og þú sáir,“ segir Sævaldur Bjarnason þjálfari.

ins, drengja- og unglingaflokk, og í raun var ég nægilega gamall sjálfur til þess að spila með. Eftir þetta fyrsta ár í Aftureldinu þá fékk Gústi mig til þess að koma í Val (Ágúst S Björgvinsson). Hann leit á mig sem mjög áhugasaman þjálfara sem hafði metnað til þess að gera vel. Gústi fékk mig til að koma og þjálfra 3 flokka félagsins. Fyrst var ég 2 ár í Val, en árið 2000 færði ég mig um set og fór upp á Akranes sem aðstoðarþjálfari hjá Brynjari Karli en hann var þá að þjálfra alla flokka félagsins. Það var mér ótrúlega lærdómsríkt ár. Ég flutti uppeftir og lærði marga hluti á þessum stutta tíma, bæði góða og slæma. En Brynjar Karl hætti störfum um áramót sem þjálfari meistaraflokks og ég tók það verkefni að mér í 2 mánuði, en eftir ákveðin vandamál í stjórn og þess háttar á Skaganum þá ákvað ég að koma aftur í bæinn, og Gústi útvegadi mér aðstoðarþjálfaraverkefni hjá honum út það tímabil. Tímabilið á eftir vorum við Gústi saman með flesta yngri flokka Vals og var ég aðstoðarþjálfari hjá honum í meistaraflokki. Síðasta árið hef ég síðan verið þjálfari 3-4 yngri flokka félagsins með ágætum árangri.“

– *Hvernig hefur verið staðið að uppbyggingu í yngri flokkum Vals í körfubolta undanfarið?*

„Valur á stóra og merkilega sögu og mig langaði til þess að komast í gott félag sem hefur metnað fyrir yngri flokkunum, því ég tel það vera bestu leiðina til þess að byggja upp meistaraflokka að hafa öfluga yngri flokka sem skapa hefðir og halda meistarflokknunum við efnið. Uppbygging í félaginu hefur verið stöðug upp á við frá því ég hóf störf í Val. Þegar Gústi byrjaði á þessu fyrir 10 árum þá voru yngri flokkarnir í lægð. Núna hefur okkur tekist með samsilltu átaki að fjölga í öllum flokkum og stefna á að búa til leikmenn sem eru Valsarar, duglegir strákar sem hafa góð undirstöðuatriði og leggja sig alltaf fram. Ég hef alltaf haft það að leiðarljósi sem þjálfari að iðkendur bæti sig í undirstöðuatriðum körfuboltans fyrst og fremst og ég segi það að um leið og maður er með iðkendur sem eru með góða tækni og góð undirstöðuatriði þá er alltaf hægt að byggja ofan á það með góðri þjálfun. Alveg eins og maður byggir ekki hús nema hafa fyrst byggt stöðugan og góðan grunn. Frá því ég kom í félagið hafa framfarir verið gríðar-

lega miklar, bæði eru einstaklingarnir orðinr flinkari og flokkarnir í samræmi við það. Fjölgæð hefur í flestum flokkunum okkar og elstu strákarnir hafa undanfarin ár verið að keppa við bestu lið landsins. Og sé það haft til hliðsjónar að yngri flokkar hvers félags séu alltaf við toppinn þá bara hlýtur það að skila sér í mfl. Þegar þessir strákar eru komnir með aldur til þess, og það er kannski kjarni málsins, að ala upp Valsara sem eru alltaf í toppbaráttu í yngri flokkum, skilar sér vonandi í Völsurum í toppbaráttu í meistaraaflokki. Foreldrar mættu alveg vera duglegri að mæta á leiki.“

– *Hver er staða yngri flokka Vals í körfubolta um þessar mundir?*

„Staða yngri flokkanna er góð í dag. Á síðasta ári eignuðumst við bikarmeistara í fyrsta skipti í mörg ár og sama lið hampaði einnig Reykjavíkumeistaratitli, og varð síðan í 2. sæti í Íslandsmótinu í fyrra. Flokkarnir fyrir ofan og neðan þessa stráka hafa einnig verið að bæta sig stöðugt og strákar fæddir 1987 komust inn í úrslitakeppnina á síðasta ári í fyrsta skipti og lentu í 3.-4. sæti. Flokkarnir okkar hafa allir bætt sig mikið og erum við nálægt eða á toppnum í flestum yngri flokkum félagsins. Þarna erum við að uppskera þrotlausar æfingar undanfarinna ára en við vorum í b-c riðlum fyrir 2 árum með flest okkar lið. Núna eru flestir okkar flokkar í baráttu í a-riðlum eða á milli a-b riðla. Nú varðandi yngstu flokka félagsins þá höfum við stöðugt verið að fjölga iðkendum þar 8. flokkur hefur 27 stráka og í 7. flokki og í minnbolta eru álíka margir iðkendur. Þetta er auðvitað það sem félag eins og Valur þarf á að halda að hafa góðan fjölda í öllum flokkum og hæfa þjálfara á öllum flokkum.“

– *Hver er staða körfubolta almennt meðal barna og unglinga hér á landi?*

„Staða körfunar á Íslandi hefur sennilega aldrei verið betri. Síðasta sumar var einstakt í íþróttasögu okkar Íslendinga í yngri flokkum, yngri landslið okkar gerðu frábæra hluti á erlendum vettvangi. Á Norðurlandamótinu síðastliðið sumar unnum við 3 titla af 4 mögulegum og í einu liðinu þar áttum við 3 Valsara í sama liðinu. Nú 16 ára lið stúlkna átti frábært sumar þar sem þær lentu í 2. sæti í Evrópukeppni B-liða í Eistlandi og lentu þar í 2. sæti á innbyrðis viðureginum við sigurliðið. Að ógleymdum frábærum árangri 16 ára liðs karla (fæddir 1988) sem sigraði



Sævaldur Bjarnason ásamt landsliðsstákunum úr 10. flokki, þeim Gissuri, Gústa og Herði, en Sævaldur hefur þjálfað þá í tvö ár.

Evrópukeppni B-liða sem fór fram í Englandi síðasta sumar. Þar áttum við Valsarar 2 fulltrúa sem voru félaginu sínu og þjóð til mikils sóma og er ég ákaflega stoltur af því að okkar menn hafi átt þátt í því að móta eitt sigursælasta sumar í sögu íslenskra yngri landsliða í íþróttum.“

– *Hvaða markmið hefur Valur um uppbyggingu kvinnakörfubolta?*

„Það er ein stelpa að æfa hjá okkur í Val. Þessi stúlka hefur verið alveg ótrúlega dugleg undanfarin ár. Og hún hefur bætt sig mjög mikið og stendur jafnfætis mörgum af strákunum, Hún er búin að æfa síðan í 9. bekk er í 1. bekk í framhaldsskóla en þá var bróðir hennar að æfa líka, hann er horfinn á braut en hún heldur ótrauð áfram, og sem merki um dugnað hennar þá fór hún yfir í KR á síðasta ári, en langaði bara ekki að æfa þar sem stelpurnar voru ekki eins „góðar“ og strákarnir og einnig fannst henni bara meira gaman að æfa í Val og kom hún því auðvitað aftur. Þetta á auðvitað að virka sem hvati á okkur að stofna kvinnakörfu í Val. Ég er sannfærður um að það á eftir að gerast í allra nánustu framtíð. Það er hins vegar auðvelt að segja en erfiðara í framkvæmd. Við höfum ekki haft nægilega marga þjálfara í félaginu til þess að þetta hafi verið möguleiki og einnig þá er plássleysi áþreifanlegt eins og staðan er í dag. En með nýju húsi og vonandi fleiri

hæfum þjálfurum þá munum við vonandi stofna kvinnakörfu í Val og vonandi vinna hana á sama stall og hún var. Ég er sannfærður um að það er grundvöllur fyrir kvinnakörfu og með metnaði og fórn um má ná þessu fram, vonandi sem allra allra fyrst með tilkomu nýrra íþróttamannvirkja að Hlíðarenda.“

– *Hvaða skilaboð viltu senda krökkum sem eru að stunda íþróttir?*

„Skilaboð til iðkenda í Val eru þau að vera áfram dugleg að æfa og stunda íþróttir því maður lærir svo ótrúlega margt í íþróttum. Maður lærir að taka sigri og ósigri, takast á við mótlæti og sigrast á því og maður fer í sæluvímu ef vel gengur. Maður eignast svo marga vini og féлага í gegnum íþróttir og ef maður leggur sig alltaf 100% fram þá er uppskeran eftir því. Einnig hvet ég alla, bæði þjálfara sem leikmenn til þess að setja sér markmið, hvað þeir vilji fá út úr íþróttum, það þarf ekki að vera að vinna Íslandsmeistaratitil, það gæti bara falið í sér að mæta alltaf á æfingar og leggja sig 100% fram á öllum æfingum sem viðkomandi mætir á. Síðan er það svo mikil sælutilfinning þegar maður kemst svo loks á þennan stað og sér að maður hefur náð settum markmiðum, það er ótrúlega skemmtileg tilfinning hvort sem um Íslandsmeistaratitil eða mætingu á fyrstu æfingu er að ræða.“

Áfram karfa.

Var hótað engum fermingargjöfum ef ég færi ekki í Val

Arna Grímsdóttir leikmaður meistaraflokks kvenna í handbolta

Fæðingardagur og ár: 1. apríl 1979.

Nám: Laganemi.

Kærasti: Kaðallinn.

Einhver í sigtinu: Nóg í bili.

Hvað ætlar þú að verða: Betri.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Verri.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Nýtt ár, nýir möguleikar, nýir sigrar.

Af hverju handbolta: Réð litlu um það sjálf, hvað varðar boltaíþróttir.

Af hverju Valur: Var hótað engum fermingargjöfum ef ég færi annað.

Eftirminnilegast úr boltanum: Úrslita-keppnin 2004.

Ein setning eftir tímabilið: Við áttum að vinna.

Skemmtilegustu mistök: Í einum fyrsta meistaraflokksleik mínum skaut ég fram hjá en það var dæmt sem mark.

Mesta prakkaratrik: Þegar við stelpurnar eyddum heilu kveldi í að safna marglitum jólaperum sem við svo skiptum á við rauðu og hvítu perurnar á Valsjólátrénu, annars voru þau allnokkur þegar maður var í yngri flokkum Vals.

Stærsta stundin: Þegar Hera systir tók fyrstu skrefin eftir alvarlegt snjóbrettaslys í janúar 2004.

Hvað hlær þig í sturtu: Hafrún og bókaútsalan og frjálslegheitin.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Gerður Beta og ástin.

Hver á ljótasta bílinn: Ætli ég verði ekki að segja ég sjálf.

Hvað lýsir þínum húmor best: Fimmaurabrandarar og pabbi.

Fleygustu orð: Þú ert kannski hærri en ég en þú ert ekki stærri en ég.

Mottó: Að gera sitt besta og gefast ekki upp.

Fyrirmynd í boltanum: Hafði alltaf gaman af Heiðu Erlings þegar ég var lítil.

Leyndasti draumur: Vinna allt sem hægt er á einu tímabili.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Að vera einu marki yfir og innan við 10 sekúndur eftir í lok magnaðs leiks -og við erum í sókn!

Hvaða setningu notarðu oftast: Tala frekar mikið, þannig ætli þær séu ekki nokkrar.

Skemmtilegustu gallarnir: Að það sé til annað eintak af sjálfri mér.

Fullkomið laugardagskvöld: Sumarbústaðurinn hjá mömmu og pabba og Kaðallinn með.

Hvaða flík þykir þér vænst um: Bleiku húfuna mína og græna jakkann minn.

Besti söngvari: Silla.

Besta hljómsveit: Pöö.

Besta bíómynd: Stuttmynd eftir Kollu, fannst líka Requiem for a dream dálítið mögnuð.

Besta bók: Meistarinn og Margarítan og margar fleiri -hef rosa gaman af því að lesa.

Besta lag: Ekkert eitt sem stendur uppúr annars er Seven nation army með The White Stripes alltaf hressandi.

Uppáhaldsvefsíðan: www.hulkinn.blogspot.com.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Arsenal.

Eftir hverju sérðu mest: Engu, maður á víst að læra af mistökunum sínum.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Finnst bara ágætt að vera ég sjálf þar sem oft er haldið að ég sé einhver önnur.

4 orð um núverandi þjálfara: Keppnis- skap, reynsluboltar, been there done that, metnaðarfull.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Hlúa betur að yngri flokka- starfinu og standa öðruvísi að búninga- málum, annars er ég sátt við stjórnina og veit að hún er að gera sitt besta.



Valdimar Grímsson og Andrea
Valdímarsdóttir 10 ára með Örnunni.

Gleði á Gothia Cup 2004 hjá 2 og 3. flokki kvenna

eftir Bergþóru Baldursdóttur og Láru Ósk Eggertsdóttur 3. flokki

Þann 9. júlí hittust annar og þriðji flokkur kvenna í Valsheimilínu og stigu í rútu á leið til Keflavíkur, ferðinni var heitið til Svíþjóðar á Gothia Cup. Annar flokkur kvenna hafði farið áður en þriðji flokkur var að fara í fyrsta sinn. Á Frölunda komum við okkur fyrir og fórum fljótlega að sofa eftir að hafa skoðað okkur um og tjékkað á hinum liðunum sem voru einnig að fara að keppa. Næsta dag fórum við í Skara Sommerland ásamt öllum íslensku liðunum, þar var verslunarmiðstöð sem við máttum versla í og í garðinum voru nokkur tæki og svo auðvitað rennibrautagarður. Það var mjög gaman þarna, en það var kalt og rigndi mikið og þess vegna var ekkert mikið hægt að fara í rennibrautirnar.

Svo á sunnudeginum var farið á opnunarhátíðina á Ullevi og var hún æðislega flott en samt kannski aðeins of langdregin en Valsstelpurnar skemmtu sér.



Íslenska liðið í drullubolta, frá vinstri: Linda, Bergdís, Ingibjörg, Elísa og Thelma.

Eftir helgina byrjuðum við að keppa, það var rosalega heitt fyrsta daginn, allveg 25 stiga hiti. Við vorum mjög óvanar að keppa í þessum hita og þess vegna var það mjög erfitt fyrst. En fararstjórnir okkar voru svo góðir og keyptu fötu og svampa svo við gætum kælt okkur.

Öðrum flokki gekk vel á mánudeginum og vann liðið Karlslunds IF 2-0, en á

þriðjudeginum og miðvikudeginum gekk ekki eins vel og leikirnir töpuðust gegn Vittsjö GIK 3-0 og USA pride 1-0 og þar með varð annar flokkur í næst neðsta sæti í riðlinum og fór í B riðla úrslitakeppni, þar sem þær komust í undanúrslit og stóðu sig með þryði.

Á mánudeginum gekk B-liðinu hjá þriðja flokki ekki vel og töpuðu 5-0 fyrir Västerås IK en á þriðjudeginum og miðvikudeginum töpuðu þær fyrir Central Marin United 9-0, Borgeby FK 3-1 og Rönninge Salem Fotboll 7-1. En þær unnu einn leik í B-riðli en fóru svo í vítaspyrnukeppni við Varegg/Sandviken og tapadist hún. A-liðinu gekk ágætlega og vann Varegg/Sandviken 2-1. Svo á þriðjudeginum og miðvikudeginum unnu þær Spårvägens FF 3-1 og P 18 IK 5-0 og unnu þær riðlakeppnina og komust í 32ja-manna úrslit en þar töpuðu þær 3-2 og þar með var þátttöku Valsstelpnanna á Gothia Cup lokið.

Á kvöldin var oft farið í mollið í Frölunda eða eitthvað niðri bæ í Fimmuna enda klárðust peningarnir fljótt hjá sumum. Aðal maturinn í ferðinni var McDonalds og Pizza Hut. En maturinn í mötuneytinu var ekki mjög vinsæll en stundum var þó ágætur matur. Daginn sem við vorum ekki að keppa fórum við í tívolíið Liseberg og var það mjög gaman. Balder-trérússibaninn var á aðalvinsældalistanum hjá flestum stelpunum í þriðja flokki sem höfðu ekki farið áður til Svíþjóðar.



2. flokkur kvenna skemmti sér vel í Liseberg.

Farið var á æfingaleik Köbenhavn-Tottenham á Ullevi, en það var frekar leiðinlegur leikur. En auðvitað var stemning hjá Valsstelpunum hvað annað? Keptu nokkrar stelpur úr þriðja flokki í drullubolta fyrir hönd Íslands og lentu í 5. sæti eftir að hafa tapað fyrir 19 ára strákum.

Þrjár stelpur áttu afmæli í þessari ferð, þær Thelma, Lilja og Magga og auðvitað var sunginn afmælisöngurinn.

Þetta var bara æðisleg ferð í alla staði og vonum við innilega að komast aftur á næsta ári. Ferðin hefði aldrei tekist jafn vel ef fararstjórnir Margrét, Hulda, Sibba og Lára og þjálfararnir Óli og Jónas hefðu ekki verið með.



3. flokkur kvenna á Gothia Cup með fararstjórn.

Reynslu, klókindum OG sigúrhefð miðlað til iðkenda Vals

Reynslumiklir knattspyrnumenn í FAGRÁÐI Vals frá og með janúar 2005

Fyrir rúmu ári viðraði ég þá hugmynd við nokkra aðila innan Vals að það væri æskilegt að stofna FAGRÁÐ Vals eða Vals-AKADEMÍU, skipaða reynslumiklum, sigursælum leikmönnum félagsins, sem myndu leggja þjálfurum knattspyrnudeildar lið með margvíslegum hætti. Nú er þetta loksins orðið að veruleika því fjölmargir leikmenn hafa gefið loforð um að skipa ráðið og leggja sitt af mörkum til að hægt verði að halda uppi enn meiri fagmennsku í þjálfun að Hlíðarenda heldur en verið hefur.

Það liggur í augum uppi að það er nánast vonlaust fyrir einn þjálfara að vera sérfræðingur á öllum sviðum þjálfunar og þess vegna er samvinna svo mikilvæg. Ótal samverkandi þættir gera það að verkum að íþróttamaður skarar fram út og þeir sem verða afreksmenn hafa í flestum tilfellum tamið sér agaða hugsun, æft aukalega, hugað vel að mataræðinu, aukið sjálfstraustið og svo mætti lengi telja. FAGRÁÐI Vals er ætlað að hjálpa þjálfurum að efla alla helstu þætti sem lúta að því að hver iðkandi verði ekki bara betri leikmaður heldur líka sterkari einstaklingur, innan vallar sem utan.

Þess ber að geta að FAGRÁÐ Vals er ekki fullskipað í upphafi desember og verður hugsanlega aldrei fullskipað því vonandi bætast sífellt fleiri í hópinn sem vilja leggja sitt af mörkum til að Valur geti flogið aftur í fremstu röð á knattspyrnuvöllinum — í öllum flokkum. Meðal þeirra sem hafa samþykkt að vera í FAGRÁÐINU eru landsliðsmennirnir Guðni Bergsson, Guðmundur Þorbjörnsson, Sævar Jónsson, Þorgrímur Þráinsson, Ingi Björn Albertsson og Hörður Hilmarsson sem allir hafa margoft orðið Íslands- og bikarmeistarar, eiga fjölda landsleikja að baki og samanlagt yfir 1000 leiki í efstu deild á Íslandi. Meðal kvenna má nefna Ragnheiði Víkingsdóttur, Ragnhildi Skúladóttur, Elísabetu

Gunnarsdóttur, Rósu Júlíu Steinþórsdóttur og Birnu Maríu Björnsdóttur. Þá hefur Stefán Jóhannsson, hinn reynslumikli frjálsíþróttþjálfari, samþykkt að vera einn af fagráðsaðilum. Fjöldi eldri leikmanna (og hæfra einstaklinga sem eru sérfræðingar á öðrum sviðum en knattspyrnu) á eftir að bætast í FAGRÁÐIÐ en æskilegt er að það verði ekki skipað færri en 20 einstaklingum.

Um miðjan janúar árið 2005 verða nöfn allra í FAGRÁÐINU birt á heimasíðu Vals www.valur.is og þar verður nánar útlistað fyrir hvað hver og einn stendur. Ef einhver þjálfari vill nýta sér þekkingu og reynslu ofangreindra einstaklinga, setur hann sig í samband við íþróttfulltrúa Vals sem óskar eftir liðsinni frá viðkomandi aðila í ráðinu.

Stefán Jóhannsson er til að mynda sérfræðingur í því hvernig má ná upp sprengikrafti og auka stökkkraft. Og hvernig handahreyfingar og rétt skreflengd getur aukið hraða leikmanna. Hörður Hilmarsson, sem hefur mikla reynslu af þjálfun, er sérfræðingur í árangursálfræði, miðvallarspili, leikfræði og fleiru. Þá segir það sig sjálf að menn á borð við Sævar Jónsson og Guðna Bergsson ættu að geta stoppað í göt í vörnum Valsmanna, í öllum flokkum, með góðum ráðum.

Eins og vera ber er af nógu að taka og ég sé fyrir mér að einstaklingar í fagráðinu geti fylgst með æfingum, haldið fyrirlastra, stjórnað æfingum sem lúta að sérfræðipekkingu viðkomandi, séð um séræfingar utan æfingatíma, t.d. í hádeg-

inu, kennt markmiðssetningu og svo mætti lengi telja.

Sumt verður aldrei lært í bókum og þótt einstaklingur fari í gegnum alla þjálfarskóla og námskeið sem hugsast getur kemur fátt í staðinn fyrir mikla reynslu og það að vera í sigursælu liði. Valsmaður sem á tugi landsleikja að baki, 200 leiki í efstu deild auk fjölda Ís-



„Þjálfarar og leikmenn munu njóta leiðsagnar reyndra leikmanna,“ segir Þorgrímur Þráinsson. (FKG)

lands- og bikarmeistaratitla getur miðlað miklu til þeirra sem iðkar knattspyrnu að Hlíðarenda í dag. Með því að virkja virta og sigursæla Valsmenn með þessum hætti (sem hafa einhverra hluta vegna ekki lagt fyrir sig þjálfun) tel ég að við munum í sameiningu lyfta Val upp á ákveðinn stall. Mikil og breið samstaða mun myndast, heildræn hugsun í þjálfun, markmiðssetningu og árangri mun eiga sér stað og síðast en ekki síst munu ALLIR knattspyrnuíðkendir hjá Val finna að verið sé að vinna með þá á jákvæðan hátt svo þeir geti náð enn betri árangri innan vallar sem utan.

Þeir sem telja sig hæfa til að vera í fagráðinu geta sent undirrituðum tölvupóst í andi@andi.is og að sama skapi eru allar ábendingar vel þegnar.

Það er ekki einn einasti í mínum ættum

Valsari

Brendan Brekkan Þorvaldsson leikmaður með 2. flokki og meistaraflokki í handbolta

Fæðingardagur og ár: 5. janúar, 1983.

Nám: Við FÁ.

Kærasta: Er á milli hlekkja.

Einhver í sigtínu: Tinna hans Sigga Eggerts, en ekki hafa hátt um það.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Það er ekki einn einasti Valsari í mínum ættum en ég hef einu sinni talað við Eggert Þorleifs, hann tók meira að segja í höndina á mér.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Viðskiptakall.

Af hverju handbolti: Snertingalaus íþrótt er náttúrulega bara fyrir kell...hmm alla vega ekki fyrir mig. Svo nenni ég ekki að vera í endalausum útihlaupum allan veturinn, þar fór fótboltinn. Handbolti er bara svona askoti skemmtilegur.

Af hverju Valur: Hef átt heima í Þingholtunum í 20 ár, af hverju bara ekki vera í Val fyrst þetta er við hliðina á manni.

Eftirminnilegast úr boltanum: Það var nú þegar einn af okkar ástkæru dómaraálfum dæmdi mark úr víti þegar boltinn fór klárlega fram hjá.

Ein setning eftir síðasta tímabil:

Góð reynsla í bankann.

Skemmtilegustu mistök: Þegar þeir völdu mig í unglingslandsliðin á sínum tíma.

Mesta prakkarastrik: Ætli það sé ekki einhver kúka-brandari úr keppnisferð. Ég held að hann fari ekki vel á prenti.

Fyndnasta atvik: Þegar Sigurjón markmaður, okkar glæsilegi, Mringur og fíaldssnillingur tók í karókíið á leiðinni suður frá Akureyri. Seint mun það renna mér úr minni.

Stærsta stundin: Það hefur verið 5. jan 83' þegar undirritaður leit dagsins ljós.

Hvað hlær þig í sturtu: Söngtröllíð Ægir.

Athylgisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Sigurður Eggertsson, maðurinn er náttúrulega góð.

Hver á ljótasta bílinn: Þeir eru nú allir fallegir, bara á mismunandi vegu, sjáðu til.

Hvað lýsir þínum húmor best: Mjög djúpur.

Fleygustu orð: Það er ekkert grín að vera svín og vera etinn á jólnunum.

Mottó: Allt er hey í harðindum nema náttúrulega Hei babi lúla she's my baby.

Fyrirmynd í boltanum: Róbert Sighvats, vanmetinn djöfull!

Leyndasti draumur: Brendan og Róbert, Bó á fóninum, kertaljós, var ekki verið að biðja um þann leyndasta.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Í góðra vina hópi og ekki skemmir ef Robbi lætur sjá sig.

Hvaða setningu notarðu oftast: Svona er lífið.

Skemmtulegustu gallarnir: Gleymskan, getur nú samt stundum verið pirrandi.

Fullkomið laugardagskvöld: Spaugstofan, Gísli Marteinn, Bo á fóninn, verður ekki betra.

Hvaða flík þykir þér vænst um: Dökkgrænar, sjúskaðar hermabuxur sem mér áskotnaðist héra um árið.

Besti söngvari: Dave Matthews.

Besta hljómsveit: Allt of margar til að gera upp á milli, í augnablikinu eru Fisherspooner að rokka.

Besta bíómynd: Pulparinn, klikkar ekki.

Besta bók: Papillion.

Besta lag: Gullvagninn; kemur manni í fíling.

Uppáhaldsvefsíðan: The hun.... nei hvernig læt ég að sjálfsögðu VALUR.is.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Man U eða Chelsea, fer eftir gengi.

Eftir hverju sérðu mest: Árinu okkar Robba.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Klárlega Róbert Sighvats.

4 orð um núverandi þjálfara:

Húmoristi, hvers manns hugljúfi, samviskusamur og náttúrulega fjallmyndarlegur.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Hækka þóknun mína um nokkur hundruð %.



(FKG)

Íslandsmeistarar í knattspyrnu kvenna 1989

Upprifjun Ragnheiðar Víkingsdóttur fyrirliði Íslandsmeistara Vals 1989



Íslandsmeistarar Vals í kvennaknattspyrnu 1989 fagna titilinum með kampavíni.

Loksins komst Íslandsmeistaratitillinn í höfn 2004, eftir mjög langa bið. Oft höfum við verið nálægt því, en ekki náð að klára dæmið. Þegar síðasti Íslandsmeistararatill (á undan þessum) vannst 1989 var að sjálfsögðu glatt á hjalla á Hlíðar-enda og enn einn titillinn í höfn. En árin á undan höfðum við náð frábærum árangri og unnið marga titla. Við vorum með besta liðið sem spilaði bæði skemmtilegan og árangursríkan bolta. Þá fór saman: góður og ótrúlega samrýmdur hópur, nokkuð góðar bæði tæknilega séð jafnt sem í leikskilningi og svo góðir þjálfarar. Þetta var frábær tími og við töl- uðum um okkur, okkar í milli sem „eina fjölskyldu“. Það var í raun alveg frá upphafi kvennaknattspyrnunnar í Val einstaklega góður mórall. Það myndaðist strax stór kjarni sem gerði svo að segja allt saman, það liggur við dag sem nótt. Í fótbolta, horfa á fótbolta, í útílegum, í út- löndum og mörg voru þau partýin sem við eigum óborganlegar minningar frá. Enda þekktum við vel hver inn aðra jafnt

innan vallar sem utan. Maður vissi oftast hvað hin ætlaði að gera á vellinum um leið og hún fór af stað og var bara mættur þangað sem sendingin kom.

Miklir félagar í hópnum

Við þurftum þó stundum að berjast fyrir tilveru okkar til að byrja með. Eitt árið höfðum við ekki fengið búninga og fyrsti leikur framundan. Við tókum því til þess bragðs að grafa upp eldgamlar Valspeysur, sem okkur höfðu áskotnast, upplitaðar og ósamstæðar. Þannig spiluðum við okkar fyrsta leik við lítinn fögnuð stjórnarinnar, enda voru komnir þessir fínu búningar fyrir næsta leik. Ef eitthvað stóð til hjá okkur t.d. keppnisferð til útlanda eða eitthvað annað þá stóð ekki á okkur að safna fyrir því. Hvort sem það var að hittast á laugar- dagskvöldum á sumrin, smyrja samlok- ur, poppa og selja það síðan fyrir utan Holly, klambra saman tjaldi úr svörtum ruslapokum fyrir 17. júní eða hvað sem

okkur datt í hug. En þetta var bara hluti af félagsstarfinu. Við höfum stundum verið að spekulera hvort þetta hafi vant- að undanfarin ár. Meira af félagslega þættinum? Því að það er óhætt að segja að mórallinn færði okkur ófáa titlana. Enn í dag höldum við hópinn, hittumst reglulega og gerum okkur glaðan dag með öllu tilheyrandi. Við spilum innan- húss einu sinni í viku yfir veturinn og keppum svo í Ljónynjudeildinni á Polla- mótinu á Akureyri í júlí.

Miklar breytingar á kvennaknattspyrnu

Frá því að ég byrjaði að æfa knattspyrnu hjá Val haustið 1976 hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þá voru nýlega hafnar æfingar fyrir stelpur hjá félaginu. Ein- ungis var skipt í eldri og yngri flokk, sem miðaðist við 16 ára aldur. Kjarninn í hópnum voru stelpur sem einnig æfðu handbolta hjá Val og þannig var það lengi vel, handboltinn gekk fyrir á vet- urna og fótboltinn á sumrin. Síðan vor- um við hinar sem vorum eingöngu í fót- boltanum. Það myndaðist fljótt sterkur hópur, sem hélt vel saman og mætti að sjálfsögðu á hverja æfingu. Við vorum þarna með fyrsta flokks þjálfara, sem voru Youri Iitschev og Albert Guð- mundsson yngri. Fyrsta Íslandsmótið gekk mjög vel og við vorum strax í bar- áttu um titilinn, en misstum síðan af honum í síðasta leik, þegar við töpuðum 0-1 og var markið þannig að markmað- urinn okkar skaut í rassinn á mótherjan- um og inn fór boltinn. Jafntefli hefði fært okkur titilinn. Árið eftir var síðan ekkert gefið eftir og fyrsti Íslandsmeist- aratitillinn var í höfn. Það var síðan nokkur bið eftir næsta titli, en baráttan var oftast á milli okkar og Breiðabliks, og ÍA var líka með nokkuð gott lið. Á þessum fyrstu árum kvennaknattspyrn-

unnar í Val voru oft fá lið í deildinni, og eitt árið voru þau einungis 4, en oftast í kringum 6 lið. Það var því oft þannig að ef annar leikurinn á móti Breiðablik tapaðist, þá var sénsinn ekki mikill. Leikirir yfir tímabilið voru að sjálfsgöðu allt of fáir. Svo var það 1981 að bikarkeppnin var sett á fót og þá var einnig fyrsti landsleikurinn, sem var við Skota. Þetta jók áhugann hjá fleiri liðum, sem áttu auðveldara með að taka þátt í bikarkeppninni, sérstaklega lið úti á landi. Við vorum í úrslitum í bikarnum flest árin milli 1980 -1990 og unnum hann ansi oft og var þá alltaf fagnað vel og lengi, enda „einstök tilfinning.“ En í eitt skiptið töpuðum við í vítakeppni sem lengi verður í minnum haft, því að vítaspyrnan sem sló okkur út lenti í dómaramum. En eins og allir vita stendur dómari alltaf vel til hliðar við markið. Við höfum oft hlegið að þessu eftir á, þó að okkur væri ekki hlátur í hug á þeirri stund. En áhuginn hjá okkur var brennandi. Við æfðum svona 3 sinnum í viku en hefðum helst viljað æfa á hverjum degi sem var ekki hægt því að lengi vel var aðstaðan einungis litli salurinn á veturna og malarvöllurinn, og Amason á sumrin. En neðri grasvöllurinn var kallaður Amason vegna mikillar bleytu sem lá oftast á honum.

Margt hefur breyst á þessum tíma og finnst manni núna ótrúlegt að í upphafi kvennaknattspyrnunnar mátti ekki vera í leðurskóm, heldur áttu hliðarnar að vera úr næloni. Spilað var með bolta númer 4 og stutt horn tekin. Einungis spilað 2 x 35 mínútur í deildinni og 2 x 30 í bikarnum. Í sambandi við lengd leikja, þá gerðist frekar skondið atvik þegar við spiluðum eitt sinn við KR í deildinni. Dómari flautaði þá leikinn af eftir 2 x 30 mín. En hann átti að vera 2 x 35 mín. KR kærði og við vorum dæmdar til að hittast aftur á vellinum og leika 2 x 5 mín.



Keppnisferð til Belgíu. Gist var í tjöldum og ekið um á veimur Van bílum.



Íslandsmeistarar Vals í kvennaknattspyrnu 1989 fagna titlinum í einni hrúgu. Neðsta röð frá vinstri: Ragnhildur Skúladóttir, Sigrún Norðfjörð, Magnea Magnúsdóttir, Kristín Briem, Védís Ármannsdóttir. Næsta röð: Margrét Bragadóttir, Kristín Arnþórsdóttir, Guðrún Sæmundsdóttir, Ragnheiður Vikingsdóttir, Sigrún Ásta Sverrisdóttir. Efsti röð: Anna, Guðný Jónsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Bryndís Valsdóttir.

Fyrsti landsleikurinn minnisstæður

Fyrsti landsleikurinn er manni að sjálfsgöðu mjög minnisstæður, því að við þóttum standa okkur mjög vel, og Skotarnir krúðu út sigur á síðustu 10 mínútnum 2-1. Það var 20 mínútum umfram venjulegan leiktíma hjá okkur í deildinni, en spilað var 2 x 45 í landsleiknum. Eftir að fyrsti landsleikurinn varð að veruleika, var tekið þátt í Norðurlandamóti árið eftir. Það var auðvitað frábært að vera með í því og mikil hvatning. Það er ekki spurning um það, hvernig staðið er að landsliðsmálum, hefur gífurleg áhrif á framgang kvennaknattspyrnunnar. Ekki var fylgt nógu vel eftir ágætum árangri á Norðurlandamótinu, og fáir landsleikir voru næstu ár. Sem betur fer hefur verið tekið á þessu og í dag geta stelpurnar keppt um að komast í yngri landsliðin strax 15 - 16 ára, sem hlýtur að halda þeim lengur í boltanum. A-landsliðið hefur verið að ná mjög góðum árangri sem segir okkur að yngri flokka þjálfunin hjá félagunum ætti að vera í góðum málum og hefur skilað góðum einstaklingum upp í

meistaraflokkana. Ég hef trú á að A-landsliðið hefði alla burði til að ná enn lengra ef að við fengjum enn meiri stuðning frá KSÍ og fleiri leiki til að spila. Þær hafa verið mjög nálægt því að komast áfram í úrslitakeppni undanfarin ár, svo að það þyrfti að kryfja það hvað vantaði uppá, eru það fleiri leikir eða eitthvað annað?

Björt framtíð í kvennaknattspyrnu

Framtíðin er björt með allan þennan stelpnaskara, sem byrjar að æfa 5-7 ára. Hjá Val hefur verið lagður metnaður í að byggja upp og standa vel við yngri flokkana, enda sér maður margar stelpur með mikla hæfileika í öllum flokkum. Þegar ég var að spila, árið 1994, þá var ekki algeng sjón að sjá foreldra mæta á leiki, það einhvern veginn tíðkaðist ekki þá. Nú er mjög gaman að sjá hve vel foreldrar fylgja stelpunum sínum vel eftir, jafnt í yngri flokkum sem í meistaraflokknum. Það veitir þeim mikinn stuðning og öllum finnst gaman að sjá einhvern koma að horfa á.

Það sem mér finnst standa upp úr þegar maður lítur til baka er félagsskapurinn. Þú gengur í gegnum súrt og sætt með þessum stelpum og myndar sterk tengsl sem maður nýtur, löngu eftir að maður er hættur að spila fótbolta.

Kæmi mér ekki á óvart ef við yrðum Íslandsmeistarar í ár

Sveinn Skorri Höskuldsson leikur handbolta með 2. flokki

Sveinn Skorri er 17 ára og hefur æft með Val síðan hann var sjö ára. Hjá honum kom aldrei annað félag en Valur til greina enda býr hann í Valshverfi og allir félagar hans voru í Val.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í íþróttum?**

„Ég hef fengið mikinn stuðning frá foreldrum mínum við iðkun íþróttanna. Ég byrjaði að æfa fótbolta í 7. flokki og handbolta í 6. flokki. Ég valdi að stunda bara handbolta eftir að ég lauk við 3. fl. karla, enda æfingar og keppni þá orðin mjög tímafrek ef á að stunda þetta með námi. Ég tel að stuðningur foreldra skipti höfuðmáli. Hvað þá sérstaklega á byrjunarárum. Pabbi var í unglíngaráði knattspyrnudeildar allan þann tíma sem ég æfði fótbolta eða í tæp 10 ár.“

– **Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

„Ferðin sem við fórum til Vestmannaeyja í fyrra í 3. flokki í bikarum er mér ofarlega í minni um myndin atvik. Við urðum veðurteppir og þurftum að gista eina nótt. Svo var ákveðið þegar í ljós kom að ekki yrði flogið að við skyldum fara með Herjólfu. Tilhlökkunin í mönnum við að komast heim var mikil í byrjun ferðar. En það breyttist fljótt. Nánast allir veiktust og meirihluti ældi. Einn meira segja svo mikið að hann þurfti að fara heim í keppnisstuttbuxum. Við miðbik ferðarinnar er ég ráfandi um skipið kengboginn í baki sökum veikinda heyrir ég þá eitthvert trall á milli æluhljóðanna sem yfirgnæfa skipið. Lít ég í átt að matsalnum og sé þar Ægi Þór Ægisson koma aðvífandi með bros á vör borðandi rjómaís með mikilli list. Þetta var ekki svo myndið þá, þar sem ég ældi næstum því við það eitt að sjá ísinn, en svona eftir á að hugsa var e-ð myndið við þessa sjón. Nú þegar ég minnst á ís man ég einnig eftir einni æfingu í fótboltanum að vetri til, sem var hlaup í Öskjuhlíðinni og svo lyftingar. Það var einn nýbyrjaður

að æfa með okkur og dróst hann fljótt á eftir okkur úr hópnum og villtist. Kom hann svo u.þ.b. 20 mínútum á eftir okkur útataður í ís. Aðspurður útskýrði hann að þegar hann villtist ákvað hann að labba að Perlunni og reyna að finna leiðina að Valsheimilínu þaðan. En úr því að hann var kominn í Perluna gerði hann sér lítið fyrir og keypti sér ís fyrst hann var nú kominn þangað og hann nokkuð svangur. Þessari útskýringu var þjálfarinn minn, þá Þór Hinriksson, lítt hrifinn af.“

– **Hvað þarf til að ná langt í handbolta eða íþróttum almennt?**

„Ef maður ætlar sér að ná langt verður maður að vera samkvæmur sjálfum sér, stunda heilbriggt lífferni, hafa aga og vera bjartsýnn. Ég held að það sé það sem gildir. Ætli maður þurfi ekki bara að skjóta meira. Þeir skora sem skjóta og mörkin telja.“

– **Hvers vegna handbolti, hefur þú æft aðrar greinar?**

„Spenna, hraði og stemning. Hvort sem þú ert eldheitur áhorfandi eða bara villtist inn í húsið þá hrífur þig ekkert meira en hraður spennandi leikur. Hver og einn sem horfir á er þátttakandi. Áhuginn fer ört vaxandi erlendis (á undir högg að sækja hér á landi en rífur sig fljótt upp) og þróast mikið milli ára. „Síbreytilegur“ er gott orð yfir handbolta og hann er aldrei eins. Ég hef æft fótbolta og prófað margar aðrar íþróttir þótt ég hafi ekki stundað æfingar reglulega.“

– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar í handbolta?**


„Draumurinn væri að vinna nokkra Íslandsmeistararitla með meistaraflokki, kíkja í atvinnumenskuna og reyna að notfæra sér það sem maður hefur lært við það að iðka íþróttir í frábærum félagsskap hjá góðu félagi eins og Valur er. Ég vona að ég eigi enn mörg góð og skemmtileg ár eftir hjá Val.“

– **Er einhver þekktur Valsari í fjölskyldu þinni. Hvernig hefur pabbi þinn komið að félagsmálum hjá Val?**

„Guðjohnsen-feðgarnir eru skyldir mér. Ætli þeir séu ekki þeir þekktustu. Pabbi (Höskuldur Sveinsson) var gjaldkeri unglíngaráðs í tæp 10 ár og starfaði mikið í foreldraráðum allra flokka, sem ég hef æft með. Hann hefur unnið mikið á vegum foreldra í félaginu. Það er alveg ljóst að framlag foreldra skiptir miklu máli hjá félagi eins og Val.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Séra Friðrik nokkur Friðriksson þann 11. maí 1911.“



Mér þykir vænst um fyrstu og einu landsliðstreyjuna mína

Nína Ósk Kristinsdóttir meistaraflokki kvenna í knattspyrnu

Fæðingardagur og ár: 16. janúar 1985.
Nám: Íþrótt- og félagsfræðibraut í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Kærasti: Guðmundur G. Gunnarsson (Mummi).

Hvað ætlar þú að verða: Íþróttakennari eða eitthvað svoleiðis.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Lögga og dómari því fáir þola þá.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Vonandi að vinna tvöfalt.

Af hverju fótballi: Því að ég er léleg í flestum öðrum íþróttum.

Af hverju Valur: Mér fannst stelpurnar svo æðislegar.

Eftirminnilegast úr boltanum: Íslandsmeistaratitillinn 2004.

Ein setning eftir tímabilið: Einfaldlega bestar.

Skemmtilegustu mistök: Einu mistökin sem ég man er þegar ég klúðra færi og það er bara ekkert skemmtilegt við það.

Mesta prakkarastrik: Það kemur fyrir að maður gerir lítil prakkarastrik í dag, en þegar ég var lítil var ég oft að teika og henda snjóbolta á bíla, meira var það nú ekki.

Fyndnasta atvik: Ætli það séu ekki fögnin okkar.

Stærsta stundin: Þegar við urðum Íslandsmeistarar.

Hvað hlær þig í sturtu: Það er nú ekki mært sem gæti gert það, held bara ekkert.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki: Björg Ásta, af því að hún er rauðhærð.

Hver á ljótasta bílinn: Ásta, Íris og Pála þurfa að deila þessum titli.

Hvað lýsir þínum húmor best: Kaldhæðni.

Flegustu orð: Fo shizzle.

Mottó: Maður á alltaf að vera í hreinum nærbuxum því maður veit aldrei hvenær maður lendir í slysi og þarf að fara á sjúkrahús.

Fyrirmynd í boltanum: Thierry Henry.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Ein á móti markmanni.

Hvaða setningu notarðu oftast: Ætli það sé ekki „góða nótt“ því að ég segi það á hverju kvöldi.

Skemmtilegustu gallarnir: Ég hugsa oft eftir að ég er búin að tala, það getur stundum verið neyðarlegt en stundum fyndið.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: Þegar kærasti minn bað mig um að trúlofast sér.

Fullkomið laugardagskvöld: Slaka á heima með kærastanum.

Hvaða flík þykir þér vænst um: Fyrstu og einu landsliðstreyjuna mína.

Besti söngvari: Usher.

Besta hljómsveit: Sálín.

Besta bíómynd: John Q er ótrúlega góð.

Besta bók: Engin, ég hef engan tíma til að lesa bækur aðrar en skólabækur, og þær eru ekki uppá marga fiska.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Man Utd, engin spurning.

Eftir hverju sérðu mest:

Að hafa keypt bílinn minn, hann er bara vesen.

Ef þú yrðir að vera ein-

hver annar: Forsetinn því að hann fær góð laun fyrir að gera ekki neitt.

Fjögur orð um núverandi þjálfara: Nike, blár, metnaðafull og klár.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Hugsa betur um kvennaboltann.



Fjölmenasta herrakvöld Vals frá upphafi

Einn af föstum liðum í félagsstarfi Vals er herrakvöld sem alltaf er haldið fyrsta föstudag í nóvember. Að þessu sinni komust færri að en vildu, setið var í öllum krókum og kimum. Skemmtu menn sér konunglega eins og sjá má af meðfylgjandi myndum sem skýra sig sjálfar.

Herrakvöldið byrjaði með pianóleik Árna Ísleifs og flautuleik Jóns Guðmundssonar. Veislustjóri var hinn síkátí Hermann Gunnarsson (Hemmi) og fór hann á kostum. Ræðumaður kvöldsins var Helgi Magnússon framkvæmdastjóri Hörpu- Sjafnar og kunní hann ýmsar skemmtilegar sögur af Valsmönnum. Jóhannes Kristjánsson skemmti með gamnámálum og eftirhermum og síðast en ekki síst var borinn fram veislumatur frá Lárusi Loftssyni meistrarakokki.

Þá er bara að taka frá fyrsta föstudag í nóvember að ári fyrir næsta herrakvöld.



Besta íslenska landslið allra tíma

Í 16 manna hópnum eru hvorki meira né minna en 9 Valsarar



Guðni Bergsson.

og niðurstöðurnar sýna svart á hvítu að ekkert annað félaglið á Íslandi hefur alið upp jafnmarga hæfileikaríka knattspyrnumenn og Valur. Ásgeir Sigurvinsson er eini maðurinn sem fær tilnefningu frá öllum þátttakendum og telst því ótvírætt besti knattspyrnumaður allra tíma á Íslandi samkvæmt þessari óformlegu könnun í ritinu Fótboltasumarið 2003.

Í tímariti um fót-bolta sumarið 2003 var ýmsum áhugamönnum í knattspyrnu veitt tækifæri til að velja besta landslið allra tíma á Íslandi. 48 svöruðu þessari könnun

Eftirtaldir Valsarar eru í þessum úrvalslandsliðshópi:

- Arnór Guðjohnsen, 41 tilnefning
- Guðni Bergsson, 39 tilnefningar
- Eiður Smári Guðjohnsen, 34 tilnefningar
- Albert Guðmundsson, 30 tilnefningar
- Jóhannes Eðvaldsson, 22 tilnefningar
- Atli Eðvaldsson, 21 tilnefning
- Bjarni Sigurðsson, 12 tilnefningar
- Hermann Gunnarsson, 10 tilnefningar
- Siguður Dagsson, 10 tilnefningar

Í byrjunarliðinu eru 6 Valsmenn, skv. þessari könnun, þeir Bjarni Sigurðsson markmaður, Guðni Bergsson og Jóhannes Eðvaldsson varnarmenn, Arnór Guðjohnsen sóknarmaður og Albert Guðmundsson miðjumenn og Eiður Smári Guðjohnsen sóknarmaður. Geri önnur lið betur. Síðan vaknar sú spurning hvort þetta landslið væri nógu gott til að leika til úrslita á stórmóti.



Hermann Gunnarsson.

Munið
getraunanúmer
Vals -101

Mikilvægur stuðningur Landsbankans við Val

Sportklúbbur Landsbanka Íslands endurnýjaði nýlega samstarfs-samning við Val. Í meginatriðum er samningurinn þannig að iðk- endur skrá sig í Sportklúbb LÍ og á móti veitir Landsbankinn veg- legan styrk til Vals, iðkenda og foreldraráða yngri flokkanna í öll- um deildum félagsins. Þess má einnig geta að Sportklúbburinn mun niðurgreiða æfingagalla iðk- enda allra deilda félagsins. Mynd-



Undirritun samnings í nóvember 2004 um veglegan stuðning Landsbankans við starf yngri flokka Knattspyrnufélagsins Vals. Frá vinstri. Hrafnkell Helgason, Bjarney M. Gunnarsdóttir, Árni Emilsson útibússtjóri aðalbanka Landsbankans, Sveinn Stefánsson framkvæmdastjóri Vals, Jón Höskuldsson formaður unglíngaráðs knattspyrnudeildar og Þórður Jensson íþróttafulltrúi.

arlegur samningur af þessu tagi er mjög mikilvægur fyrir Val og kemur til með að auðvelda yngri flokka starf allra deilda Knattspyrnufélagsins Vals. Í tengslum við endurnýjun samningsins voru eftirtaldir myndir teknar, en fulltrúar ungu kynslóðarinnar hjá Val gengu á fund Björgólfs Guðmundssonar stjórnarformanns Landsbanka Íslands og þökkuðu honum fyrir stuðninginn.



Auðvitað vill maður ná sem lengst

Hólmgrímur Snær Hólmgrímsson leikur körfubolta með 11. flokki

Hólmgrímur Snær er 16 ára gamall og byrjaði að æfa með Val í 9. flokki. „Það var nú þannig að nokkrir vinir mínir voru að æfa hjá Val og voru þeir eitthvað að mana mig að mæta á æfingu með þeim og gerði eg það einu sinni og var þá Ágúst Björgvins að þjálfra ásamt Sæba og var sú æfing frekar „brjáluð“, síðan byrjaði ég að æfa stuttu seinna.“

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í íþróttum?**

„Ég hef fengið alveg nokkuð mikla hvatningu frá þeim, alla vega það sem þau vita um íþróttir eða körfu. Stuðningur foreldra skiptir auðvitað alltaf einhverju máli.“

– **Hvernig gengur ykkur í vetur í körfunni?**

„Okkur gengur bara vel erum í A riðli, í fyrra fórum við náttúrulega á Reykjavík-urmótið, Bikarmeistararmótið og unnum við þau bæði en lentum í öðru sæti á Íslandsmótinu sem var nokkuð fúlt því það hefði getað farið öðruvísi en þetta var samt allt í lagi. Hópurinn er mjög fínn.“

– **Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

„Það var líklegast þegar við vorum bikarmeistarar í 10. flokki það var dálítið nett. Ferðin til Spánar var náttúrulega geðveik nema eiginlega allt liðið brann á ströndinni.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í íþróttum?**
„Fyrirmynd.... það er hann Kobe Bryant í Lakers.“

– **Hvað þarf til að ná langt í íþróttum?**

Það er pottþétt metnaðurinn og það að vilja, annars nærðu ekkert langt í neinni íþrótt held ég nú bara. Ég þyrfti nú bara að bæta sitt lítið af hverju.“

– **Af hverju körfubolti?**

„Körfubolti er bara mjög skemmtilegur, æfði íshokkí í smá tíma og fótbolta en samt ekkert að viti eins og körfuna.“

– **Markmið í körfunni?**

„Í körfunni það þarf bara að koma í ljós, auðvitað vill maður ná sem lengst. Bara klára að læra og ganga vel í lífinu.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Það var hérna Friðrik Friðriksson 11. maí árið 1911.“



KÄRCHER
Íðnaðarryksugur
Án og með tengi fyrir vélar
NT 611 NT 602 NT 361
RAFVER HF
Fyrir blátt og þurrt
SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

Fjölnota verkfæri
Jem
Slipar í horn
Msxe 636 II
Slipar - sagar raspar - sker.
RAFVER HF
Verkfæri fyrir alla
SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS



Summit 1000

Í ár býðst fjallkóngurinn með 1000 cc SDI vél.
 Þeim fer fækkandi tindunum sem Ski-doo getur ekki náð!

HALTU ÞÉR FAST

Svo þú getir sleppt þér lausum á nýjum og öflugum Ski-doo vélsleða í vetur. Skoðuðu hvað er í boði hjá Gísla Jónssyni. Nýju sleðarnir og fjórhjólin frá Bombardier - BRP eru sem fyrr, í algjörum sérflokki!

Vélsleðar:



Mach Z 1000
 Makkinn er kominn aftur, öflugur en nokkrum sinni fyrr. Nú knúinn áfram af nýrri 2-TEC 1000 SDI vél sem skilar hvorki meira né minna en 165 hestöflum.



GTX Limited 600 SDI
 Þessi lúxus-ferðasleði er sá fyrsti og eini sem hannaður er fyrir öikumann og tvo farþega.



MX-Z X 800 Renegade
 Sennilega fjölhæfasti orkuboltinn sem í boði er á markaðnum



Outlander Max 400
 Fjórhjól ársins í USA 2004



Traxter Max 650
 Fyrsta fjórhjólið sem var hannað sérstaklega fyrir öikumann og farþega

Fatnaður etc:

Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum til dæmis:



SnoGear
 kuldastígvél
 12.400 kr.



BV2S hjálmurinn er sá besti sem til er. Engin spurning. 54.900 kr.



GÍSLI JÓNSSON ehf
 Bíldshöfða 14 • Sími 587 6644
 www.brp.com | www.gisli.is

Umboðsaðili:
Brimborg Akureyri
 Tryggvabraut 5 • Sími 462 2700

Valsvörur- hentugar til tækifærisgjafa

**Sjoppan í Valsheimilínu er ákaflega vinsæll
viðkomustaður Valsmanna á öllum aldri**

Ýmsar Valsvörur fást í sjoppunni á Hlíðarenda. Meðfylgjandi eru myndir af nokkrum vinsælum vörum sem þar fást ásamt verði. Valsmenn eru hvattir til að kaupa Valsvörur til eigin nota eða tækifærisgjafa.



Derhúfa kr. 1.000,-



Regnhlíf kr. 1.500,-




Valshandklæði kr. 1.500,-



T-Bolur kr. 1.000,-



Glas (minna) kr. 750,-
Glas (stærri) kr. 800,-



Bókin Valur vængjum þöndum kr. 500,-



Bolli kr. 600,-



Húfa kr. 1.500,-



Sokkar hvítir kr. 900,-
Sokkar rauðir kr. 1.100,-



Bakpoki kr. 2.500,-



GOTT FOLK MCCANN · 25814

Öryggi þitt er í góðum höndum

Þegar lífið kemur á óvart er gott að hafa TM-Öryggi

Öll erum við einstök og lifum ólíku lífi. Þess vegna reynum við hjá TM ekki að steypa alla í sama mótið með einni stórrí tryggingu.

TM-Öryggi er safn trygginga sem hentar bæði einstaklingum og fjölskyldum. Ráðgjafar okkar aðstoða þig við að raða saman þeim tryggingum sem henta þér og þínu lífi en lágmarkið í TM-Öryggi er tvær tryggingar.

Kostir TM-Öryggis:

- Þú velur aðeins þær tryggingar sem þú þarft
- 10% afsláttur af öllum tryggingum
- 10% viðbótarafsláttur vegna tjónlauss árs
- Einn endurnýjunardagur fyrir allar tryggingar
- Sveigjanleg greiðslukjör
- Bílalan á hagkvæmum kjörum
- Með allar tryggingar á einum stað ertu með góða yfirsýn yfir tryggingamálin



Mikið fjör í Sumarbúðum í borg 2004



Enn eitt sumarið í Sumarbúðum í borg er nú liðið og óhætt að segja að það hafi gengið vonum framár. Mörg börn komu á þessi fjögur námskeið sem í boði voru eða allt frá 60 - 90 talsins. Þetta er tölverð aukning frá síðasta ári og er það einkar




ánægjulegt.

Námskeiðin voru fjölbreytt og skemmtileg sem gerði það að verkum að börnin nutu sín vel og komu oftast á fleiri en eitt námskeið. Starfsmönnum var fjölgað þetta sumarið og var það í samræmi við barnafjöldann.

Á heimasíðu Vals www.valur.is vorum við með dagbók og myndaalbúm þar sem foreldrar og aðrir Valsarar gátu fylgst með því sem fram fór. Þessi nýjung vakti mikla athygli og yfir 5000 aðilar nýttu sér þessa nýbreytni.

Myndirnar sem hér fylgja tala sínu máli en ljóst er að á Hlíðarenda var mikið brallað og oft mjög kátt á hjalla.



*Með Valskveðju
Soffía Ámundadóttir, skólastjóri*

**Munið
getraunanúmer
Vals -101**





HVÍTA HÚSID / STA

Bláa Lónið – verslun í Reykjavík

Fjölbreytt úrval af Blue Lagoon vörum í nýrri og glæsilegri verslun í Ingólfsnausti við Aðalstræti 2, Reykjavík.



Falleg gjafakort
einnig fáanleg



lagoon@bluelagoon.is • www.bluelagoon.is • 420 8800

Fótbolti er einfaldlega skemmtilegasta íþróttagreinin

Bergþóra Baldursdóttir leikur knattspyrnu með 3. flokki

Bergþóra er 14 ára og hefur æft fótbolta í 5 ár. Hún æfði einu sinni með KR í 1 mánuð eða svo en fannst svo leiðinlegt þannig að hún kom í Val eftir að hafa verið í Sumarbúðum í Borg.

– **Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum?**

„Ég fæ mjög mikinn stuðning, og mér finnst það mjög mikilvægt.“

– **Hvernig gekk á síðasta tímabili?**

„Okkur gekk mjög vel. Við lentum í 3. sæti á Íslandsmóttinu og við urðum haustmótsmeistarar. Hópurinn er mjög góður og við erum allar góðar vinkonur en vona að okkur gangi betur næsta sumar.“

– **Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

„Innan vallar þegar við vorum að keppa á móti ÍBV á Siglufirði á Íslandsmóttinu, ef við mundum vinna þá hefðum

við kannski komist í úrslit. ÍBV var 1-0 yfir og 2 mínútur eftir og svo skoraði ég fáránlegt mark og 1 min var eftir þá skoraði Thelma og við unnum leikinn og við vorum svo geðveikt glaðar og völluminn var orðinn að drullu.“

– **Áttu þér fyrirmyndir í boltanum?**

„Ryan Giggs í Manchester Utd.“

– **Hvað þarf til að ná langt í íþróttum?**

„Til þess að ná árangri þarf maður að hafa metnað og fara út í fótbolta og æfa sig. Ég þarf helst að bæta vinstri fótinn, þolið og hætta að vera tapsár.“

– **Hvers vegna fótbolti?**

„Fótbolti er einfaldlega skemmti-

legasta íþróttin. Ég hef ekki æft neitt annað.“

– **Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótbolta?**

„Ég ætla að reyna að komast í háskóla í Bandaríkjunum á samning en ég hef ekki hugmynd hvað ég ætla að vinna við.“

– **Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Lollabikarinn í haust?**

„Bara að ég eigi að halda áfram á minni braut.“

– **Hver stofnaði Val og hvenær?**

„Friðrik Friðriksson, 11. maí 1911.“



Flugeldasala Vals að Hlíðarenda!

Að þessu sinni standa allar deildir Vals að flugeldasölu og verður hagnaðurinn notaður til endurnýjunnar á tækjum í tækjasal félagsins, sem mun nýtast öllum iðkendum Vals.

Flugeldasalan er opin frá:

29. desember frá kl. 14.00–22.00

30. desember frá kl. 14.00–22.00

31. desember frá kl. 09.00–16.00

Valsmenn verslum áramótaflugeldana á Hlíðarenda og gerum þannig gott starf en betra.



Velkomin til leiks!

Við bjóðum velkomna til leiks nýja, byltingakennda AEG þvottavél – **Lavamat 76820**, sem tekur flestum öðrum vélum fram hvað varðar lögun og leikni.



- Íslenskt stjórnborð og íslensk notendahandhók
- Tekur 6 kg af þvotti
- Vinduhraði: 1600/1200/1000/600 sn/mín
- Vatnsryggi: Aqua control
- Rafeindastýrður mótör
- Magnskynjari á þvott
- Skynjar óhreinindi í þvotti
- Öll hugsanleg þvottakerfi, ásamt sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindukerfi fyrir viðkvæman þvott t.d. silki og ull
- Hægt að stilla gangsetningu fram í tímann
- Einstaklega hljóðlát vél, aðeins 46 (db(A)re 1 pw)
- Þvottahæfni: **A+**, þurrkhæfni: **A**, orkunýtni: **A**
- Framleidd í Þýskalandi
- 3 ára ábyrgð
- Verð kr. 90.000



BRÆÐURNIR

ORMSSON

Lágmúla 8 · Sími 530 2800



Verra veður, betri þjónusta.

Pegar veturinn kemur verður þjónustan okkar enn mikilvægari. Þá er sérstaklega brýnt að bíllinn sé klár í slaginn. Við bjóðum allar réttu vörurnar til að gera bíllinn þinn tilbúinn fyrir veturinn og erum til þjónustu reiðubúin, hvernig sem viðrar!

– Olís styrkir sparkvallaátak KSÍ

olís

– öryggi í umferð!



Heildarlausn í fjarskiptum

Hjá Smith & Norland færðu frábært úrval þráðlausra síma, farsíma og símsstöðva fyrir lítil sem stór fyrirtæki

- vitaskuld frá Siemens



SIEMENS
mobile

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is

Gledilega hãtĩd!



Coca-Cola

Sãrĩzetĩ vãrumerki